


FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA



Maður, þú sem vissir svo lengi ekki, að þú átt heima á stjörnu, viltu að þú átt að eiga heima á öllum stjörnum. Allur þessi mikli heimur á að verða þitt heimkynni. Það er verið að skapa heiminn handa þjer, og þú átt sjálfur að aukast svo að viti og mætti, að þú getir farið að taka þátt í þessari miklu smíð. Og á öðrum stjörnum eru lengra komnir frændur þínir, fullir af löngun til að rjetta þjer hjálparhönd, þó að það geti ekki orðið, fyr en þú hefir sjálfur vit til að rjetta út höndina á móti.

— Úr Nýal.

Vér verðum að gera oss grein fyrir....

Sól vor, sem er venjuleg stjarna, hefur um sig kerfi reikistjarna, alls níu talsins. Ein þeirra — jörðin — er byggð. Þar sem þessu er þannig varið, hvers vegna skyldu þá ekki aðrar stjörnur hafa um sig kerfi reikistjarna svipaðrar gerðar?

Enda þótt vér séum ekki vissir um hvernig reikistjörnurnar hafa myndast, má telja líklegt, að þær séu gerðar af efni því, er umlukti sól vora í eina tíð. Og það sem á við um eina sól getur einnig átt við um aðrar sólar, og því virðist engin ástæða til að efast um að reikistjörnu-kerfi séu mjög algeng í heiminum. En þó að hin nálægasta stjarna ætti sér fylgihnött á stærð við Júpíter, væri oss gjörsamlega ókleyft að greina hann, jafnvel með allra stærstu stjörnusjám.

Samt sem áður hefur reynt unnt að fá fram afgerandi niðurstöður með óbeinni aðferð. Stór reikistjarna, sem snýst í kring um tiltölulega efnislitla sól, veldur óreglu á eigin hreyfingu sólarinnar; í stað þess að hreyfast eftir beinni línu miðað við bakgrunn fjarlægari stjarna, hreyfist hún eftir reglulegri boglínu. Sú stjarna sem stærsta hefur eigin hreyfingu er Barnardsstjarnan, en hún er rauður dvergur, sem er í um það bil 6 ljósára fjarlægð. Rannsóknir P. van de Kamp og samstarfsmanna hans við Sproule-stjörnuathuganastöðina í Bandaríkjunum, hafa leitt í ljós, að stjarna þessi hefur a. m. k. einn fylgihnött með massann $2\frac{1}{2}$ sinnum massa Júpíters. (Áhrifin gætu reyndar einnig stafað frá tveim reikistjörnum, hvorri um sig með minni massa).

Grundvallar munur er á stjörnu og reikistjörnu. Engin stjarna getur haft massa, sem er ekki nema $2\frac{1}{2}$ sinnum massi Júpíters, og þess vegna er full ástæða til að ætla, að hinn ósýnilegi fylgihnöttur sé reikistjarna. Viðlíka niðurstöður hafa fengist um aðrar nálægar stjörnur og þetta styður þá almennu skoðun að reikistjörnu-kerfi kunni að vera reglan en ekki undantekningin. Og hafi reikistjarna hagstæð skilyrði á yfirborði sínu, má gera ráð fyrir að líf myndist þar og þróist.

Vér verðum að gera oss grein fyrir, að í heiminum hljóta að vera til mörg mannkyn, sem taka oss langt fram bæði tæknilega og siðferðilega.


Our Sun, a normal star, is attended by a system of nine planets. Of these, one — the Earth — is inhabited. This being so, why should not other stars have planetary systems of similar type?

Though we are not certain of the way in which the planets are formed, it seems likely that they were produced from material which surrounded the Sun. What can happen to the Sun can also happen to other stars, and there seems no reason to doubt that planetary systems are very common in the universe. But even if a nearby star were accompanied by a planet as large as Jupiter, we would be quite unable to detect it even with our largest telescopes.

However, there is a less direct method which has produced conclusive results. A relatively nonmassive star attended by a large planet will have an irregular proper motion; instead of moving in a straight line against the background of more remote stars, it will move in a regular curve. The star with the largest proper motion is Barnard's Star, a red dwarf at a distance of 6 light-years. Researches by P. van de Kamp and his colleagues at the Sproule Observatory in the United States have established that the star has at least one planetary companion, with a mass $2\frac{1}{2}$ times that of Jupiter. (The effects may, in fact, be due to two planets, each of lower mass).

There is an essential difference between a planet and a star. No star can have a mass as low as $2\frac{1}{2}$ times that of Jupiter, and therefore there is every reason to assume that the unseen body is a planet. Similar results have been obtained for other close stars, and this supports the general view that planet families may be the rule rather than the exception. And if a planet has suitable surface conditions, it may be assumed that life will appear and evolve there. We have to realise that there must be many civilizations in the universe which are far more advanced, technologically and morally, than our own.

(Sumarið 1970 kom út í Bretlandi „The Atlas of the Universe“. Er þar að finna ríkjandi skoðanir fremstu stjarnfræðinga á vorum dögum. Ofanrituð tilvitnun, sem er úr því verki, lýsir vel viðhorfi þeirra gagnvart lífi í alheimi).



Dróun lífsins heldur áfram á stjörnunum.



Nr. 1, 10/6 1972.

EFNI:

A. hluti.

Ávarp ritstjóra

*

Reikningar 1971

*

Fundargerðir

*

Vissi ekki um Sigurð

*

Hreppaferð 31. marz 1972

B. hluti.

MENN OG SKOÐANIR

Bókin: Líf eftir dauðann

*

Patrick Moore

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Kæri félagi!

Ekki veit ég hvernig yður mun líka þessi nýbreytni. Sjálfur tel ég hana hafa ýmsa kosti og nokkra galla.

Í athugun er að fá sérstakar möppur erlendis frá til að varðveita blaðið í og ef af því verður mun mönnum gefast kostur á að kaupa þær.

Ekki mun ég ræða um blaðið frekar í þetta sinn en bið menn að leggja dóm sinn á það. Ætlast ég til þess að fá sendar aðfinnslur og tillögur til úrbóta.

Ég vona að bréf það frá stjórninni sem þér fáið í hendurnar í þann mund er blaðið kemur fyrir sjónir lesenda, fái líflegar undirtektir.

Vér byggjum á verkum frábærs vísindamanns þar sem verk dr. Helga Pjeturss eru. En það nægir ekki. Vér verðum að byggja á allri þeirri þekkingu sem til er á þessari jörð. Ýmislegt hefur gerzt í vísindum síðan árið 1919. Fyrirburðafræðin hefur öðlast viðurkenningu sem vísindagrein og þar með er aðstaðan orðin öll önnur en var. Sú skoðun, að hvergi sé líf að finna í alheimi nema hér, hefur runnið sitt skeið. Nú er það álit færustu stjörnufræðinga, að urmull jarðstjarna séu lífi byggðar. Og fleiri dæmi mætti nefna um breytt viðhorf, en víkjum að öðru.

Grundvöllur þess, að mark verði á oss tekið er, að vér fylgjum ströngum viðurkenndum vísindalegum aðferðum. Félagið hefur unnið það afrek að koma sér upp eigin miðlum og stjörnusambandsstöð. Aðstaða félagsins nú, gefur tilefni til markvissra rannsókna.

Og til að bæta enn aðstöðuna þurfum vér að eignast tæki. Hljómfluttningstæki, segulbandstæki

og lítinn heilarafrita, svo e-ð sé nefnt, þurfum vér, til að nota sem hjálpargögn við miðilstilraunir, og vonandi draumarannsóknir síðar meir.

Einhverjir félagar þyrftu að taka til við að gera atriðisorða-skrá og nafnaskrá við Nýalana. Þetta verk er að vísu mikið en mjög nauðsynlegt að unnið verði. Ég vona að einhverjir verði til að skrifa mér eða stjórn félagsins um þetta mál. Er mér helzt í huga að þeir, sem vegna búsetu sinnar geta ekki tekið þátt í félagsstarfseminni í stjórnusambandsstöðinni, tækju sig saman og hæfu þetta verk. Ágætt byrjunarverkefni væri t. d. Hið mikla samband.

Ekki geri ég ráð fyrir að langt verði þar til næsta félagsblað kemur út og það er ósk mín, að sem allra flestir félagsmenn fjalli um þau málefni sem ég hefi drepið á hér að ofan, svo og önnur þau sem þeim í huga kann að koma, og birti á síðum félagsblaðsins.

Með beztu kveðjum,
ritstjóri.

Félag Nýalssinna stofnað 1950.

Félagsstjórn:

Kjartan R. P. Kjartansson, Fellsmúla 8, R. s. 36428
Sigr. Guðmundsdóttir, Smáratúni 39, Keflav. s. 2133
Kjartan K. Norðdahl, Bólstaðahlíð 64, R. s. 85033
Helgi Guðlaugsson, Njálsgötu 31, R. s. 20091
Samúel D. Jónsson, Fossvogsbletti 13, R. s. 40383

Ritstjóri Haukur Matthíasson, Lokastíg 7, R. s. 22562
Ritnefnd: Magnús Norðdahl, Álfhólsvegi 47, s. 42618
Sigurður Róbertsson, Hátúni 8, R. s. 25130
Sigurður Benediktsson, Álfhólsvegi 42, s. 42618

FÉLAG NÝALSSINNA

Rekstursreikningur pr. 31/12. 1971.

Sjóðsreikningur	492.102,95	492.102,95
Bankareikningur	154.282,40	108.991,80
Félagsgjaldareikningur		69.500,00
Nýals reikningur	234.647,00	59.966,00
Íslenzk-stefna	830,00	210,00
Ísl. byggð á öðrum lm.	1.540,00	1.585,00
Stjórnusamb. stöðin, gjafir og áheiti		184.164,10
Kostnaður: burðargj. og auglýsingar	8.741,00	
Félagsblaðið	19.050,00	2.002,00
hiti	19.119,15	
rafmagn	9.469,00	
sími	4.619,00	
viðhald	2.245,00	
fasteignagjöld	8.286,00	
skipulagsgjald	5.100,00	
vextir	24.730,00	5.825,00
Inneign félagsmanna	130.000,00	440.000,00
Sparisjóður Reykjavíkur	80.000,00	280.000,00
Innbú, áhöld, lóð	261.546,85	
Álfhólsvegur 121, Kópavogi	1.755.000,00	
Höfuðstólsreikningur		<u>1.566.960,90</u>

3.211.308,35 3.211.308,35

Tekjur	253.709,10	
Gjöld		171.827,40
Ágóði		<u>81.881,70</u>
	<u>253.709,10</u>	<u>253.709,10</u>

Efnahagsreikningur

Bankareikningur	45.290,60	
Nýals reikningur	174.681,00	
Íslenzk stefna	620,00	
Inneign félagsmanna		310.000,00
Sparisjóður Reykjavíkur		200.000,00
Innbú, áhöld, lóð	218.351,00	
Álfhólsvegur 121, Kópavogi	1.719.900,00	
Höfuðstólsreikningur		<u>1.648.842,60</u>
	<u>2.158.842,60</u>	<u>2.158.842,60</u>

Sig. F. Ólafsson.

Stjórnusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, K. s. 42618

Alm. félagsf. þar fyrsta miðv. d. hvers mán. kl. 9 e. h.
Umsjónarm. Sveinn Haraldsson.

FUNDAR- GERÐIR

Fundur haldinn í Félagi Nýalssinna að Álfrólsvægi 121, 2. febrúar 1972, settur af formanni kl. 9, 10.

Ritari las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt. Haukur Matthíasson flutti erindi um rannsóknir á draumum. Fóru þær fram erlendis á árunum 1952 - 1965. Kom þar fram ýmislegt sem styður uppgötvanir H.P. á eðli svefns og drauma.

Þorsteinn Guðjónsson sagði frá tvíburum, er tengdir voru heilaritum, þegar annar hafði eitthvað að t.d. lokaði auga, sýndu bæði línuritinn sama vik. Þessari tilraun sagði hann að hefði þó ekki tekist að halda á lofti eins og þurft hefði. Elsa Vilmundardóttir hafði orð á því að allsstaðar væri tilhneiging til að láta tæki koma í stað mannsins.

Þ.G. kvaðst hafa komist í feitt nýlega er hann las í enskum útvarpstíðindum (the Listener), að ýmsir helstu eðlisfræðingar væru komnir á þá skoðun að hin sérstaka afstæðiskening Einsteins væri röng. H. Dingle hét sá er greinina ritaði.

Pétur Gísalson hélt erindi og lýsti skoðunum sínum á hinu mikla sambandi.

Ragnar Þorsteinsson sagði frá atviki er skeði þegar hann var tólf ára. Var hann að leita að fimm kindum og fann ekki. Bað hann þá til Guðs og féll í leiðslu er varði nokkra stund. En er hann kom til sjálfs sín sá hann kindurnar í á að giska 150 m fjarlægð, horfðu þær til hans og fannst honum mikill kraftur streyma í sig. Ragnar taldi að hann hefði verið búinn að leita af sér allan grun á því svæði og gat ekki gert sér grein fyrir hvernig kindurnar voru þangað komnar.

Þ.G. skýrði frá því að hann hefði talað við Önnu Péturss um 100 ára afmæli föður hennar. Sagðist hún ekki hafa á móti því að þess yrði minnst t.d. í útvarpinu ef þeir leituðu til sín. Var síðan samþykkt á fundinum að fela Þ.G. að skrifa útvarpsráði viðvíkjandi þessu máli. 16 manns sátu fundinn. Fundi slitið kl. 11, 30.

Samúel D. Jónsson.

Fundur haldinn í Félagi Nýalssinna að Álfrólsvægi 121, 1. marz 1972.

Formaður setti fundinn 10 mín. yfir 9 og bað Benedikt Björnsson um að vera fundarstjóra.

Ritari las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

Þorsteinn Guðjónsson flutti erindi er hann nefndi "Undirrót trúarinnar á endurburð" og Ingvar Agnarsson las ritgerðina "Frumlíf og framlíf" úr Ennýal.

Fundarstjóri hvað nú orðið laust ef mann vildu ræða þetta mál. Var nú rætt góða stund um endurholdgun, endurvaxtarhæfileikann, lífaflsvæði og drauma og lögðu margir orð í belg.

Atli Hraunfjörð talaði um að hefja þyrfti áróðursherferð, skrifa í blöðin og halda síðan fundi út á landi.

Fundarstjóri kvaðst nú vilja taka fyrir 100 ára afmæli Helga Pjeturss og spurði formann hvað liði undirbúningi þess. Þorsteinn Guðjónsson kvaðst hafa skrifað útvarpsráði og bent þeim á að smekklegt væri að þeir leituðu til Önnu Péturss. Einnig las hann upp tillögur um útvarpsdagskrá er hann hafði lagt fyrir þá og nú væru í athugun. Fundarstjóri spurði nú hvort leitað hefði verið eftir rúmi í öðrum fjölmiðlum af félaginu eða einstaklingum. Haukur Matthíasson sagðist hafa talað við mann hjá Morgunblaðinu og hefði sá tekið vel í að birt yrði grein um Helga Pjeturss. Elsa Vilmundardóttir spurði hvort félagið ætlaði ekki að gefa út hefti af Íslenskri stefnu í til efni af afmælinu eins og samþykkt hefði verið á síðasta aðalfundi. Þorsteinn Guðjónsson sagði að lítið væri að fréttastofa af því. Þorsteinn Guðjónsson vék nú að því sem komið hefði til tals á stjórnarfundum að gefinn yrði út bæklingur um kenningar Nýals og spurði Sveinbjörn Þorsteinsson hvort hann hefði getað athugað kostnaðarhlíðina. Sveinbjörn hvaðst lítillega hafa spurst fyrir um verð á 100 bls. pappírskilju í 1000 eintaka upplagi, slíkt myndi kosta ca. 120 þús. kr. Var nú rætt nokkuð um efnisval og aðra tilhögun á slíkum bæklingi. Haukur Matthíasson stakk upp á því að höfð væri menningarvika þar sem við fræddum okkur sjálf. Fundarstjóri lagði nú til að þessi mál væru tekin af dagskrá og fengin stjórninni til meðferðar.

Var nú gert lítið hlé á fundinum en síðan tekið til við önnur mál. Var þar fyrst hugmynd um stjórn frá Ingvari Agnarssyni, nefndi hann Þorstein Guðjónsson sem formann, Sigurð Ólafsson, gjaldkera, Sigurð Benediktsson, ritara, Ingvar Agnarsson, varaformann, Þorstein Jónsson, ritstjóra og Hauk Matthíasson.

son, Atla Hraunfjörð og Kjartan Norðdal sem meðstjórnendur. Þorsteinn Guðjónsson kvaðst vilja nefna Guðrúnu Emilsdóttur, til vara, sem ritara. Næst var hugmynd um stjórn frá Hauki Matthíassyni, hann nefndi sem formann Kjartan Kjartansson og til vara Þorstein Guðjónsson, Helga Guðlaugsson gjaldkera og til vara Ásmund Guðbjörnsson, ritara Elsu Vilmundardóttir eða Mörtu Sveinbjörnsdóttir. Ingvar Agnarsson varaformann, ritstjóra Þorstein Jónsson, meðstjórnanda Svein Haraldsson.

Fundarstjóri tók nú til máls og sagði að athuga þyrfti hvort tilnefndir menn gæfu kost á sér, hvort velja skyldi uppstillingarnefnd eða kjósa um tvo lista. Sveinbjörn Þorsteinsson og Helgi Guðlaugsson bentu á að vanalega hefði verið kosið um hvern mann fyrir sig í hvert starf.

Fundarstjóri las nú 4. gr. félagslaganna og kvaðst síðan vilja fá álit fundarmanna á því hvort kjósa ætti um einstaka menn eða lista. 12 voru með því að kjósa hvern fyrir sig en enginn var með listakosningu. 24. sátu fundinn. Fundi slitið kl. 11, 50.

Fundur haldinn í Félagi Nýalssinna 1. des. 1971, að Álfrólsvegi 121, Kópavogi.

Formaður setti fundinn kl. 9.15 og ritari las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt. Atli Hraunfjörð sagði frá því að hann hefði talað við Andrés Björnsson útvarpstjóra og hefði hann lofað 20 mín. fyrir upplestur úr Nýal.

Formaður benti á að 31. marz n.k. væri 100 ára afmæli H.P. og þá þyrfti að vera stór dagskrá. Kjartan Kjartansson sýndi fundarmönnum bók eftir

VISSI EKKI UM SIGURÐ!

Fjórtánda dag marzmánaðar sat ég tilraunafund sem oftast. Með mér var skólasystir mín, en hún hafði lítilega kynnst kenningum dr. Helga, er ég hélt stutta kynningu fyrir sálfræðinema í Háskólanum. Miðlar voru Sveinn og Sigurður og sátu þeir hlið við hlið svo sem venja er. Alls vorum við, held ég tólf. Ekki vissi stúlkan hverjir okkar voru miðlar en fljótlega rann það þó upp fyrir henni að Sveinn var miðill. Fundurinn var fremur slakur og talaðist einungis hjá Sveini. Vakti það athygli skólasystur minnar að geislabaugur eða

Svisslendinginn Erich von Däniken og sagði nokkuð frá efni hennar. Hún heitir á norsku "Erindringer om fremtiden og beinist að því að sýna fram á að forn menning sé mun merkilegri en hálðið er. Þorsteinn Guðjónsson sagði frá finnskum manni sem hefur samband við verur á öðrum hnöttum og las síðan úr tímariti sem norskir flugdiskamenn gefa út. Þá var rætt um að gefa þyrfti út bæklæing sem handhægur væri til kynningar á efni Nýals og endurprenta þyrfti erlendu greinararnar eftir H.P.

Atli upplýsti nú að hann hefði einnig talað við ráðamenn hjá sjónvarpinu. Hefði hann stungið upp á tveim þáttum með þrem aðiljum, Nýalssinna, spíritista og sálfræðing og í öðrum Nýalssinna, spíritista og fyrirburðafæðing. Hvaðust þeir hjá sjónvarpinu fúsir til að athuga þetta mál.

Var nú rætt nokkuð um möguleika Nýalssinna í sílkum þætti. Haukur Matthíasson sagði að ekki væri tímabært að Nýalssinnar kæmu fram í þáttum með fyrirkomulagi eins og Atli hefði hugsað sér. Þorsteinn Guðjónsson sagði aftur á móti að þetta væri tækifæri sem beðið væri eftir og bar fram tillögu um að Atla væri falið að tala nánar við þá hjá útvarpinu og sjónvarpinu, var það samþykkt.

Þá kvaðst D.G. vilja nefna þá Kjartan Kjartansson og Atla Hraunfjörð með sér til starfa. Fyrir fundinum lá beiðni frá Sigurrós Jóhannsdóttur um að fá að halda einu sinni í viku miðilsfundi í húsakynnum félagsins, var það fúslega veitt.




16 manns sátu fundinn sem var slitið kl. 11.30.

bjarma hjúpur var í kring um Svein og einnig Sigurð. Olli það henni nokkrum heilabrotum að bjarmi var um Sigurð, þar sem hún vissi ekki að hann var miðill. Gat bjarminn verið frá ljósinu fyrir ofan? Spurði hún sjálfa sig. Nei, ekki var það því þá hefði bjarminn einnig verið um þriðja manninn sem sat við hina hlið Sigurðar.

Bjarmi þessi var ekki aðeins um höfuð miðlanna heldur náði a. m. k. niður að stólsetunni.

Stúlka þessi var skyggn í æsku. Frá þessu litla atviki langaði mig að segja því mér finnst það bæði fróðlegt og fallett.

H. M.



HREPPAFERÐ

31. marz 1972

Það var sólskin og logn, þegar við lögðum af stað úr Rvk. kl. 9.10 austur í Hreppa. Stór langferðarbill var næstum full skipaður félögum Nýalssinna og gesta þeirra. Það ríkti gleði og kátína í bílnum. Á Kambabrun var stoppað og labbað um, teknar myndir og dáðst að fegurðinni. Aftur af stað, aftast í bílnum var sungið, frammí var talað. Komið var við á Náttúruhælinu, tekinn einn félagi sem þar dvaldist. Áfram var haldið þar til við komum að vegamótum, þar stóð einn félagi sem við tókum, var það umtalað að hann yrði leiðbeinandi á þá staði sem við ætluðum að skoða. Var svo haldið að Hrepphólum, talað við fólk og gengið um hlöð. Skotið var í allar áttir með myndamaskínum og teknar kvikar myndir. Stóð þar kirkja smá, með faðirvori utan á, skráð með gullnum stöfum. Enn var safnast í sjálfrenninginn og rúllað stutt og stoppað, rölt á hóla og lesið í grjótlög, veður var blítt og landslagið frítt. Settust menn niður, töluðu og hlógu, aðrir stóðu og bentu. Skammt þarna frá stóð bær, virtust allir hlutir utandyra á réttum stað. Gömul bílhæ, þreittur hestvagn ásamt ýmsu dóti. Var þessum hlutum dreift út um allt, til augnayndis gestum og gangandi. Enn var haldið af stað, og ekinn nokkur spölu, síðan var stoppað á móts við lágt klettabelti sem var rétt við veginn. Þótti okkur þetta ákjósanlegur staður til þess að setjast að

snæðingi. Var nú klifrað yfir gaddavír. Sest í kletta og borðað af hjartans lyst. Ríkti gleði góð og töluðu menn gáfulega og sögðu prenthæfa brandara. Ekki dugar þetta. Enn af stað að Flúðum, fundinn maður, stiklað á heitum steinum og skoðað leirlag, undir leiðsögn jarðfræðinga. Semsagt gott. Enn var farið inn í stóra bílinn, og í einni bunu að Hlíð. Þar virtist ríkja mikil fátækt utandyra. Engin bílhæ engin vallgróin amboð. Jæja, sumir fóru að gá niður að á, aðrir sátu í bílnum og létu fara vel um sig. Svo komu þeir aftur sem fóru að gá. Og nú var ekið að höll félagshyggjunnar í Arnesi. Stendur hún á þúfnavöllum miklum. Þar voru bornar fram veitingar góðar. Steinar í Hlíð sagði okkur frá Dr. Helga Pjétturss þá er hann dvaldi að Hlíð á sumrum mörgum. Og var gerður góður rómur að. Nýkjörinn formaður okkar hélt snjalla ræðu, og einnig tók jarðfræðingur okkar til máls af mikilli kunnáttu, síðan hélt gestur okkar tölu góða og fleiri töluðu sæmilega. Er nú ekki orð að lengja það, menn þökkuðu blíðlega fyrir sig, og síðan var ekið áfram veginn, stansað var í Hveragerði og skilað þar sveininum sem tekinn var þar um morguninn. Síðan í bæinn takk. Þeir sem tóku þátt í þessari för voru Félagar: Sveinbjörn Þorsteinsson, Kjartan Kjartansson, Sigríður Guðmundsdóttir, Helgi Guðlaugsson, Samúel D. Jónsson, Haukur Matthíasson, Kjartan Norðdahl, Gunnar Grettisson, Atli Hraunfjörð, Ægir Ólafsson, Ragnar Sturluson, Skúli Öfjörð, Sigríður Öfjörð, Sigríður Axelsdóttir, Magnús Norðdahl, Norma Norðdahl, Sigurður Benediktsson, Páll Steinarsson, Elsa Vilmundardóttir, Steinar í Hlíð, Ómar Bergmann Pálsson, M. Norðdahl. Gestir: Ólafur Jónsson, Pálmi Lárusson, Ólafur Guðjónsson, Finnþogi Kjeld, María Jörgensen og Sjöfn Janusdóttir.

BÓKIN:

Líf eftir dauðann

Sífelld fleiri leggja stund á parasálfræði eða fyrirburðfræði, en hún hlaut viðurkenningu sem sjálfstæð vísindagrein árið 1969.

Nýlega birtist í *Alpýðublaðinu* úrdráttur úr bók eftir sænskan mann, Nils-Olof Jacobson. Hann fæddist árið 1937 og er starfandi geðlæknir í Lundi í Svíþjóð, en hefur fengizt við rannsóknir í fyrirburðfræði s.l. 10 ár, einkum beinist áhugi hans að rannsóknum á dauðanum. Hefur hann skrifað greinar í fræðirit um rannsóknir sínar og unnið að þeim í samvinnu við aðra fyrirburðfræðinga. Bókin *LIV EFTER DÖDEN?* mun vera fyrsta bók hans. Gefur hún ýtarlegt yfirlit yfir allar greinar fyrirburðfræðinnar og greinir frá nýjustu rannsóknum og íhugunum vísindamanna um þessi efni. Er bókin fróðleg til lestrar þeim sem vilja kynna sér þessi fræði og er þar einnig að finna tilvísanir á bækur, og tímaritsgreinar um þessi efni. Mun bókin væntanleg á markaðinn síðar á þessu ári í íslenskri þýðingu.

Í bók sinni leitast Nils-Olof Jacobson fyrst og fremst við að sýna fram á, að fyrirbæri þau sem hann rannsakar séu raunveruleg eins og t.d. fjarhrif, fyrirboðar, skyggni o.s. frv. og sýnir einnig hvernig þeir sem þau rannsaka reyna að taka þau æ raunsærri tökum. Hann ræðir hinar hefðbundnu skýringar á fyrirbærum þessum, þær sem gefnar eru af spiritistum, guðspekingum og efnishyggjumönnum, en virðist ekki aðhyllast neinar sérstakar skoðanir, telur rannsóknirnar ekki nógu vel á veg komnar

MENN og SKOÐANIR

til þess að unnt sé að svo komnu máli að segja til um það, hver skýring eigi við og jafnvel að skýringar áður óþekktar eigi eftir að koma fram. Ekki virðist Nils-Olof vera kunnugt um kenningar Dr. Helga Pjeturss og væri óneitanlega forvitnilegt að vita, hvernig hann brygðist við þeim og hvort hann væri fús til að nota þær sem vinnukenningar. Stundum finnst manni að ekki vanti nema herzlumuninn, eins og er hann segir frá draumum manns nokkurs er þótti hann vera staddur í ákveðinni borg sem hann þekkti ekki. Hann var orðinn borginni þaulkunnugur úr draumum sínum en vissi ekki hver hún var. Mörgum árum síðar kom hann til Danzig og þekkti þar draumaborg sína. J.B. Priestley sá er athugaði drauma þessa reyndi að skýra draumana m.a. á þann hátt, að þeir væru til komnir vegna fjarhrifasambands við einhvern íbúa borgarinnar. "Í draumnum lifði dreymandinn lífi annars manns í Danzig". "Drömmaren levde alltså i drømmen någon annans liv i Danzig" stendur orðrétt í bókinni.

Of langt yrði að rekja hið víðtæka efni bókarinnar, en lesendum til gamans ætla ég að þýða lauslega hluta eins kafla hennar og er hann fróðlegur til samanburðar við ritgerð Dr. Helga Pjeturss, *Lífgeislan og magnan*, í *Nýal*. Fjallað er um ómeðvituð fjarhrif.

Nils-Olof segir svo: "Mikilvægt fyrir rannsóknir í fyrirburðfræði er að geta látið ómeðvituð áhrif, t.d. fjarhrif ná

til vitundarinnar. Verða ef til vill all-
ir fyrir fjarhrifum, en aðeins hjá fáum
einum ná þau til vitundarinnar? Skyldi
þá ekki vera mögulegt að fræðast um
þessi ómeðvituðu áhrif með því að athuga
starfsemi líkamans?"

Frumkönnuður á þessu sviði er Banda-
ríkjamaðurinn Dean, sem hefur gert
rannsóknir í þessu skyni með svoköllu-
ðum pletysmograf, en það er tæki sem
mælir blóðstreymið í höndum manna
eða fingrum. Breytingar á blóðmagn-
inu eru sennilega háðar stjórn ósjálf-
ráða taugakerfisins og lúta við venju-
legar aðstæður ekki viljastjórn manns-
ins.

Við tilraunirnar hvíldist móttakandinn
í herbergi meðan sendandinn hafðist
við annars staðar, jafnvel í öðru húsi
og einbeitti sér að miðum er valdir
voru til tilraunanna. Á sumum þessara
miða voru nöfn fólks er var móttakand-
anum mikils virði, en aðrir miðar voru
auðir eða á þá voru skrifuð nöfn valin
af handahófi úr símaskránni. Kom í
ljós, að hraðara blóðstreymi var um
fingur móttakandans þegar "send" voru
nöfn sem hann þekkti. Með þessu móti
reyndist unnt að finna ómeðvituð utan-
aðkomandi áhrif í ósjálfráðri starfsemi
líkamans.

Í sumum tilfellum koma ómeðvituð áhrif
fram í líkamlegum einkennum. Barker
segir frá því hvernig sjö manns fundu
til líkamlegra og sálrænna óþæginda
sem fyrirboða Aberfanslyssins og hurfu
óþægindin eða minnkuðu þegar slysið
átti sér stað eða þegar fréttir bárust af
því. Kona ein lýsti fyrirboðanum á
þennan hátt: "Klukkan 4 að morgni þess
dags er slysið varð, vaknaði ég við það,
að mér var þungt um andardrátt. Mér
fannst veggir svefnherbergisins vera
að hrynja yfir mig. Ég hef fundið til
líkra óþæginda á undan tveimur öðrum

slysum, en í þetta sinn voru áhrifin
sérlega óþægileg".

Eitthvað líkt virðist eiga sér stað þegar
fólk finnur skyndilega til mikils sársauka
vegna fjarhrifa: "Kona ein fékk fyrir-
varalaust miklar þrautir í hægri mjöðm.
Verkirnir héldust linnulaust í margar
klukkustundir. Hún leitaði læknis, sem
sendi hana í röntgenmyndatöku. Síðar
frétti konan, að móðir hennar, sem bjó
viðs fjarri hafði dottið og slasast á
mjöðm (að líkindum brotnað um mjaðma-
liðinn, en það kemur ekki skýrt fram)
nákvæmlega á þeirri stundu er þrautir
dótturinnar höfðu byrjað. Óþægindi
dótturinnar liðu skyndilega hjá, en móð-
ir hennar varð að gangast undir þrjá
uppskurði og var fötluð til æviloka af
völdum slyssins". Í þessum tilfellum
nær hin ómeðvitaða skynjun ekki beint
til meðvitundarinnar og móttakandinn
gerir sér ekki grein fyrir því í fyrstu,
að óþægindin sem hann verður fyrir eiga
sér upptök annarsstaðar en í hans eigin
líkama.

4. apríl 1972.

Elsa G. Vilmundardóttir.

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Útgefandi: Félag Nýalssinna

RITSTJÓRI:

Haukur Matthíasson

Lokastíg 7, Rvk. s. 22562

RITNEFND:

Magnús Norðdal

Sigurður Róbertsson

Sigurður Benediktsson

Pósthólf 1159

Póstgíró 6031

Letur s/f

Patrick Moore

O. B. E., F. R. A. S.

Eftir því sem vísindum vorra tíma fleyg-ir fram og rannsóknir í hverri grein þeirra krefjast æ meiri sérhæfingar, reynist hverjum manni það sífellt örð-ugra að fylgjast með framgangi í hinum ýmsu aðalgreinum vísindanna.

Vér megum því vera þakklát þeim mönn-um, sem hafa bæði vit og vilja og einnig þrautseigju til að koma í framkvæmd því mikla verki að taka saman aðalatriði hvernar vísindagreinar fyrir sig og skýra frá þeim á skipulegan og aðgengilegan hátt. Einn þessarra manna er brezki stjörnufræðingurinn og vísindarithöfund-urinn Patrick Moore, O. B. E., F. R. A. S.

Ef brezka þjóðin á e-m einum manni öðrum fremur það að þakka að búa nú yfir staðgóðri almennri þekkingu í stjörnu-fræði, þá tel ég það vera þennan ágæta vísindamann. Ég ætla nú að kynna lítil-lega þennan mann, sem ég tel fulla ástæðu að þeir þekki til, er áhuga hafa á stjörnu-fræði. almennt.

Patrick Moore er, eins og áður segir, brezkur stjörnufræðingur og rithöfundur. Er hann löngu kunnur orðinn í heimalandi sínu fyrir hin ágætu rit sín um stjörnu-fræði, sem bæði vísindamenn og almenn-ingur lesa sér til gagns. Er alveg ljóst að hann býr yfir ótrúlega yfirgripsmikilli þekkingu á hinum ýmsu greinum stjörnu-fræðinnar og hefur sú yfirsýn, sem hann hefur öðlzt, hlotið að kosta óhemju elju

og þrautseigju, því að eins og kunnugt er hafa framfarir í geimvísindum, tækni og svo almennri stjörnufræði verið geysi örvar þessi síðustu ár.

Patrick Moore hefur hlotið verðskuldaða viðurkenningu fyrir vísinda og fræðslu-störf sín m. a. brezku heiðursorðuna (O. B. E.) og The Lorimer Gold Medal en þann heiður hefur aðeins fjórum öðrum mönnum hlotnast og meðal þeirra er hinn kunnir stjörnufræðingur Sir James Jeans. Þá er hann félagi í Hinu konunglega brezka stjörnufræðifélagi (F. R. A. S.) og einnig í The British Astronomical Association en þar hefur hann haft með höndum stjórn þeirrar deildar stjarnrannsókna, sem fjallað hafa sérstaklega um tunglið (Director of the Lunar Section of the British Astronomical Association).

Hann hefur verið með afbrigðum afkastamikill sem vísindarithöfundur og liggja eftir hann fjöldi ágætra rita og get ég ekki komizt hjá að nefna hér allnokkur þeirra, en áður vil ég geta þess, til að sýna hjartabel mannsins, að hann hefur einnig unnið mikið fyrir fötluð börn og skáta.

Nokkur af ritum Patrick's Moore:

1. Survey of the Moon (Könnun Mán-ans), 2. Guide to the Stars (Leiðsögn til stjarnanna) 3. The Planets (Reiki-stjörnurnar), 4. Earth Satellite (Fylgi-hnöttur Jarðar), 5. The Planet Venus (Reikistjarnan Venus), 6. Guide to Mars (Leiðsögn til Mars), 7. Suns, Myths and Men (Sólar, menn og goð-sagnir), 8. The Amateur Astronomer (Áhugastjörnufræðingurinn), 9. Naked eye Astronomy (Stjörnufræði án kíkjja), 10. The Amateur Astronomical Glossary (Handbók áhugamanna um stjörnufræði), 11. The New Look af the Universe (Veröldin í nýju ljósi), 12. Observers

Book of Astronomy (Bók fyrir stjörnu-
skoðendur), 13. Science and Fiction
(Vísindi og órar), 14. Astronomy
(Stjörnufræði), 15. The Sun (Sólin),
16. Basic Astronomy (Undirstöðu
stjörnufræði), 17. The Craters of the
Moon (Mánagígar), 18. Life in the
Universe (Líf í alheimi), 19. Life on
Mars (Líf á Mars, 20. Space in the
Sixties (Geimvísindi sjöunda áratugsins).

Auk þessara verka hefur hann samið,
með aðstoð margra frábærra vísinda-
manna The Atlas of the Universe (1970),
sem er alveg ómissandi verk jafnt
lærðum sem leikum. Og síðast en
ekki sízt, ætla ég að nefna sjónvarps-
þætti hans The Sky at Night (Nætúr-
himinn) sem BBC sjónvarpið hefur
sýnt óslitið frá því þeir hófust árið
1957 og fram á þennan dag. Eru það
mánaðarlegir þættir, sem hafa notið
afar mikilla vinsælda í Bretlandi og
er sagt að aldrei áður hafi fræðslu-
þættir orðið jafn vinsælir í BBC og
er það sjálfsagt að þakka hinum miklu
og spennandi tækniframförum í geim-
ferðum og svo snjallri stjórn Patrics
Moore, en rétt er að geta þess, að
mönnum þykir ekkert síður fróðlegt
og skemmtilegt að sjá og heyra sagt
frá fjarlægum vetrarbrautum heldur
en geimferðum til tunglsins.

Væri mikill fengur fyrir oss Íslendinga
að fá þessa þætti sýnda í Sjónvarpinu
hér og eins að fá e-ð af bókum hans
þýddar á íslensku, því að það er
ómótmælanleg staðreynd, að hér á
landi er alls ekkert gert til að glæða

áhuga manna á stjörnufræði eða stjörnu-
skoðun.

Þættirnir hafa verið gefnir út eftir á,
í bókarformi, undir sama heiti og
ætla ég að lokum að þýða stuttan kafla
úr þriðju bók Moores (sú fjórða er í
prentun).

....Eini möguleikinni (til stjörnusam-
bands og stjarnferðalaga) án líkamlegs
ferðalags (physical travel) er það, sem
kallast mætti "hugsana flutningur"
(thought-transference) - annaðhvort
hugrænt (mental) samband milli vor og
annarra vera óralangt út í geimnum
eða þá raunverulegur flutningur, sem
þá ætti sér stað með e-m hugrænum
(mental) hætti (process) sem ekki komi
líkama vorum við Þetta leiðir
til allsherjar athugunar á því er við
köllum ESP (sambandsskynjun eða bein
skynjun, skynjun án skynfæra þ.e.
óskilvituð skynjun) og þá erum við
komnir að því er oftast er álitid vera
útjaðar vísindanna ("scientific fringe")...

Af rituðu máli, sem kennir sig ein-
göngu við viðurkennd raunvísindi, er
þetta það allra næsta stjörnusambands-
kenningu Nýals, sem ég hefi séð. Er
það von mín, að menn kynni sér rit
þessa ágæta manns og unnið verður að
því, að fá þætti hans sýnda hér í
Sjónvarpinu. Er það ætlan mín, að
með slíku auknu sambandi landa í
milli megi vænta frekari framgangs
þess merka máls, er kallast - stjörnu-
sambandsmál.

Kjartan Norðdahl.



FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Nr. 2. 10/7 1972.

EFNI:

A. hluti.

Ávarp ritstjóra

Draumasafn

Draumablað

Sveinn Haraldsson

Sigurður Ólafsson

Frá sambandsfundi
12. nóv. 1970

Flokkun drauma
eftir styrkleika

Kæri félagi.

Óhóflegur dráttur varð á útkomu fyrsta blaðsins, en hann má rekja til þess aðallega, að í þetta fyrsta sinn þurfti að vinna það á fleirum en einum stað og komu þar aðallega við sögu tvær prentsmiðjur og ein fjölritunarstofa.

Af þessum sökum var sumt af því, sem í blaðinu stendur orðið úrelt, þegar það kom út og má nefna, að segulbandstæki var komið í Stöðina, þegar blaðið kom út, en var það ekki, þegar það var skrifað.

Ég vil hér einnig nefna, að ekki stendur til að fá möppur til að geyma blaðið í, en klemma sú, er með blaðinu var send, verður látin duga og þurfa félagsmenn að renna henni af og á eftir því, sem við bætist, því að sama forsiðan (kápan) á að duga þetta ár allt.

Ég hef skipt blaðinu í A og B hluta, og er A hlutinn ætlaður til að senda mönnum, sem áhuga hafa á nýölskum fræðum, en eru ekki í félaginu. Ég tel, að utanfélagsmenn eigi ekki að lesa um innanfélagsmál okkar, enda er ólíklegt, að þeir hafi áhuga á því né skilji sumt af því, sem okkur þykir sjálfsagt og eðlilegt.

Ég hef ekki í hyggju að birta fundargerðir framvegis, en mun leytast þess í stað við að rita fréttir af félaginu og vonast til, að tíðindin verði á þann hátt ferskari.

Af síðasta félagsfundi er það að frétta að gerð var fundarsamþykki þess efnis að ákvörðun þeirra Þorsteins Jónssonar og Þorsteins Guðjónssonar og annarra er hafa sagt sig úr félaginu sé hörmuð og farið fram á að þeir komi til starfa aftur. Verður þeim sent bréf um það mál.

Frh. á bls. 18.

DRAUMASAFN

Ég veit, að margir félagsmenn hafa athugað drauma sína gaumgæfilega, en ekki veit ég til þess, að skipulögð draumarannsókn margra einstaklinga hafi verið gerð á vegum félagsins eða einstakra félagsmanna.

Okkur er nauðsyn á að koma okkur upp nokkuð viðamiklu draumasafni, sem þannig er unnið, að aðgengilegt sé fyrir ókunnuga að kynna sér.

Til eru draumasöfn erlend, en í þau vantar sum aðalatriði, t.d. hvað er gjörólíkt því, sem dreymandinn hefur í draumnum skoðað eða athugað á þann hátt, sem ekki er unnt að gera við minningar sínar.

Að draumasafni verður að vinna á skipulegan hátt og ég held, að best sé að nota spurningalista svipaðan þeim, sem sjá má hér í blaðinu. Slíkan lista hefi ég nefnt draumablað.

Við tilraun, sem ég og Páll Stein- arsson gerðum nótt eina í Stjörnusam- bandsstöðinni árið 1971, notuðum við draumablað og er það fyrirmynd þess, sem hér fylgir ásamt viðbótum frá Kjartani Norðdahl og Samúel Jónssyni. Þegar meiri reynsla er fengin af draumablaðinu og þegar gerðar hafa verið á því endurbætur samkvæmt þeirri reynslu, mun félagið láta fjölrita það í nokkuð stóru upplagi og senda síðan þeim, sem hafa lýst sig fúsa til þátttöku við gerð draumasafns.

Eðlilegt væri síðan að gefa út þetta tilvonandi draumasafn.

Ég vil biðja alla félagsmenn að reyna draumablaðið og senda mér til- lögur til úrbóta. Þá, sem fúsir eru til að vinna skipulega að draumasafninu,

vil ég biðja um að láta mig vita um það og mun ég láta þeim í té nánari upplýsingar um framkvæmd þessa máls.

Öllum undirbúningi þarf að vera lokið fyrir haustið og því riður á, að félagsmenn bregði skjótt við.

Þeir, sem reyna vilja drauma- blaðið, þurfa að skrifa upp alla drauma sína einhvern ákveðinn tíma, t.d. eina viku. Þar sem aðeins er um sýnishorn að ræða í þessu blaði, verða félagsmenn að leggja sjálfir til pappírinn, en svo mun ekki verða, þegar aðalsöfnuninni verður hleypt af stokkunum. Að lokum vil ég minna á það, að áriðandi er, að menn skrifi upp alla drauma (og draumslitur). Með ósk um ánægjulega og fróðlega drauma.

H. M.

Framhald af s. 13

20) Hvernig er ástand þegar ég vakna. Er mér mál, er hávaði úti, hreyfing eða annað sem gæti hafa vakið þig. Hvað vakti þig?

21) Reyna að gera sér grein fyrir, ef snöggvaknað er, hvort augun þurfi tíma til að venjast myrkrinu (ef t.d. dagbjart er í draumnum) þ.e. hvort sýnirnar hafi áhrif á augun.

22) Reyna strax að muna hvort ég hef séð sjálfan mig í draumnum, í spegli eða öðru og hvort ég hafi undrast að sjá ókunnan mann, þ.e. vöku-ókunnugan.

23) Reyna að skilja hvers vegna sumt situr fastar í minni en annað. Er það helzt það, sem er tengt geðshræringu eða hverju?

24) Var ég á góðum stað eða illum eða öðruvísi en hér á jörð.

25) Hvaða stilla dettur mér fyrst í hug að setja í samband við drauminn.

DRAUMABLAÐ

A.

Frásögn.

B.

1. Var atburðarásin heilleg og í samhengi?
2. Gerðist draumurinn í kunnugu umhverfi og þekturðu fólkið? Var fólkið, atburðirnir eða hlutirnir á einhvern hátt óeðlilegt?
3. Var draumurinn skýr?
4. Var draumurinn í litum?
5. Heyrðirðu hljóð?
6. Voru áhrif draumsins þægileg eða óþægileg?

C.

- I) Vissirðu í draumnum að þig var að dreyma?
- II) Sástu sjálfan þig í draumnum?

DRAUMA – ATHUGANIR

Þegar vaknað er upp af draumi ber að athuga m. a. eftirfarandi:

- 1) Hvar er ég? (þ. e. hef ég hugmynd um ákveðið land eða álfu, sveit eða borg).
- 2) Hvemig er landslagið? Fjöllótt, slétt, vogskorið, innland, skógi vaxið, mosavaxið, ef borg stendur hún á hæð o. s. frv.
- 3) Ef mér finnst ég kannast við staðinn eða umhverfið stafar það þá frá líkingu við það, sem mér er kunnugt úr vöku eða er það endurminning sem tilheyrir draumnum.
- 4) Hvað er mótstætt við það sem er staðreynd í vöku. Dæmi: Mér finnst ég staddur við mitt hús og mína götu en samt er allt hitt umhverfis þannig að mér finnst það ekkert vera mitt umhverfi þ. e. vökuumhverfi. Til að fá samanburð á því sem mér finnst í draumnum vera vökustaðreynd og hinu sem mér finnst vera drauma-staðreynd.
- 5) Hvaða tími sólarhrings er. Bjart, dimmt, rökkur, nótt, morgunn?
- 6) Sjást himintungl? Hver?
- 7) Er ég gerandi í draumnum eða eins og áhorfandi?
- 8) Verð ég var við tilfinningar og þá hverjar?
- 9) Heyri ég hljóð?
- 10) Þegar talast er við, er það þá eins og í vöku, eða með hugsambandi?
- 11) Geri ég mér á einhverju stigi draumsins grein fyrir að mig dreymir.
- 12) Leitaðu grannt eftir öllu sem er ólíkt og á jörðu, dýr, gróður, fólk.
- 13) Hvað í draumnum virðist vera alveg órókrænt þ. e. haga sér ekki eftir jarðneskum lögmálum.
- 14) Hef ég tímaskyn í draumnum? Líða atburðirnir hraðar en í vöku.
- 15) Sé ég liti í draumnum, ef ekki hvaða liti sé ég þá samt.
- 16) Hversu gamall finnst þér þú vera í draumnum?
- 17) Hvaða ættingja áttu í draumnum þ. e. t. d. hvemig ertu tengdur þeim sem eru með þér í draumnum, ertu þeim ókunnur, framandi, annarlegur, skyldur, vinur eða kunningi.
- 18) Hve langur tími líður frá því þú lítur á klukkuna og þangað til draumminningin förlast, dálítið, að mestu, alveg.
- 19) Hvað í draumnum situr helzt eða lengst eftir og hvað verður alveg að vökuminningu?



SVEINN HARALDSSON

Ég var ekki orðinn tvítugur, þegar ég varð var við samband, ef ég reyndi til að skrifa ósjálfrátt, en entist þó aldrei til að reyna það nægjanlega lengi til að verulegur árangur yrði af því. Nokkurt þar kom fram hjá mér og síðar orð, eitt af því var nafnið Rómi. Var hann Grikki, og að sögn þeirra, sem sáu hann síðar, hávaxinn og grannur.

Þegar við fengum húsnæðið að Laugavegi 24, sátum við nokkra fundi með Guðmundi Skarphéðinssyni, en þegar hann hætti, gerðum við tilraunir með glas, sem var reyndar ekki glas, en þó gler, sem hreyfðist á eirplötu, sem stafróf var letrað á, þegar við studdum fingrum á það, meðfram í þeim tilgangi að finna miðilsefni. Þá kom samband m.a. við Æsi og Róma, sem áður er nefndur. Þar fyrir utan var ég flesta daga einn við "glasíð" og hvíldi mig alltaf á eftir og slakaði vel á í hægindastól, sem þar var, og fann þá oft fyrir orku. Ekki höfðum við verið lengi við "glasatilraunir", þegar H.P. gerði í fyrsta sinn vart við sig og fannst mér þá orkan aukast.

Frh. á bls. 17.



SIGURÐUR ÓLAFSSON

Þegar tilraunir hófust hjá félaginu með þeim Ásmundi og Sveini tók ég ekki þátt í þeim. En þegar nokkrir félagar fóru í heimsókn að Úlfsstöðum, var ég í þeim hópi og var haldinn tilraunafundur þar. Sveinn kvaðst verða var við mikinn kraft frá mér, en ég fann hvorki eitt né neitt. Eftir þetta sat ég fundi á Laugaveginum, en varð ekki var við strauma þá, sem sumir sitjaranna fundu. Svo var það, að 21. nóv. 1966 heltist mikil gleðitilfinning yfir mig, og fann ég gleðina streyma um allan líkama minn á þann hátt, að aldrei hefi ég kynnst slíku fyrr né síðar. Ég losnaði ekki úr sambandinu fyllilega fyrr en um hádegi daginn eftir. Á fyrstu fundunum eftir þetta voru mikil umbrot í okkur Sveini og virðist mér, að slík umbrot, sem verða í byrjun, megi kalla bernskubrek miðla. Smám saman hafa bernskubrekin minnkast og tal jafnframt aukist.

Skráð af H. M.
eftir S. A. og S. Ó.

(Sveinn:) Dungal, sæl, talsvert er þið — þyrftuð að samstill-a-st betur, en þettað er — allt í átt-ina. Ég held ykkar afl-svæði eigi eftir eflaust betur ná til ykkar og mun geta komið betur við ykkar hugsun og orku, og ég er þakklátur, að skulið þið hafa hér samfund. Þeir eru áreiðan-lega mjög þýð-ingar—miklir til að —mjög — til að styrkja þetta samband betur, ná til ykkar full-kom-nara sam-band-i. Nú vil ég þá þakka og ef nú viljið þið nefna sjúklinga er ágætt að þið gerið það.

(Sigurður:) Rík-harður, sæl verið þið, ég magna ykkur og bið — Helgi Pjeturss mun nú taka við og tala Sveini.

(Sveinn:) Helgi, tala mun við ykkur stutta stund hér maður og talar Sigurði.

(Sigurður:) Hjæja, sæl verið þið, sæl öll, sæl öllsömul. Hjhá, mig lang-að-i til að segja ör-fá orð við ykk-ur og mun-um við ný reyn-að senda orku til ykk-ar svo auð-veld-ar-a verð-i að kom-a því er ég vil segja. Hjhá, sjáum til, sjáum til, afl-ið vex hjá ykk-ur. — Hjhá, — þetta er nú — ágætt hjá ykk-ur að vera bú-in að kom-a upp stöð til að ná sam-band-i við að-ra hn-etti. Þetta mun efl-ast mjög hjá ykk-ur og ork-a mun ná til ykk-ar sem með þarf. Ég ætlað auka ork-un-a og tala smá-stund Svein-i.

(Sveinn:) Jæja, betur er þettað takast, við sendum ykkur kraft. — Ég er ís-lenzkur maður af ykkar jörð fram-lið-inn, munu kann-ast við mig ýmsir. Þið hafið — hér mjög réttan skilning á sambands-málum og fram-lífi. Ég er að reyn-að ná tökum, nú flyt ég sambandið aftur.

(Sigurður:) Hjæja, ég má reyna betur, ekki dug-ar þetta, orka verð-ur að auk-ast. Já, já, þetta lagast von-and-i.

(Sveinn:) Hér er nú Hallbjörn, þetta sem talar, Hallbjörn er nú þetta, — aftur Sigurði.

(Sigurður:) Tjá, já, já Hallbjörn er ég. Mjög þykir mér vænt um að geta haft samband við ykkur nú og hefi ég fylgzt mjög vel með til-raunum ykkar. Hér hjá okkur er mjög mikið gert til þess að efla ykkur og styrkja ykk-ur á all-an hátt og ég hef-i einn-ig getað skyn-jað til ykkar og fylgzt með störf-um ykk-ar. Hjá — hjá jæja orkan verður öfl-ugr-i og von-ast ég til að geta sagt ykkur eitthvað frá mínum hög-um. Sjáum til nú tala ég Sveini.

(Sveinn:) Hallbjörn er það aftur hér, sem við

ykkur talar og á hnetti þessum hugsa ég til stöðv-ar ykkar sem við yofum mikinn áhuga á að efla þangað sam-bönd frá öðrum hnöttum í þessari vetrarbraut mörgum og frá öðrum vetrarbrautum. Mjög eru það ——— þar eru ýmsir ykkar vinir í öðrum vetrarbrautum og ég mun segja ykkur af þessu síðar öllu betur. Á þeirri stjömu sem ég er erum við öll sam-huga í lífi okkar allir ein-dregið í ——— öll samstillt. Hér hefi ég mikið starf-að í þessari sambandsstöð. Á ég hér ákaf-lega skemmtilegar samstarfsmenn og furðulega eru þeir allir magnaðir. Eigi er um sjúkdóma að ræða og — engu hleypidómahugsun, að eindregið samhuga til að stefna í framfara-átt. Öll getum við samstillst svo sem þarf til alls sem þörf er á sam-tölum við og ég er all-ur ——— öllum líkama mínum ——— illa tókst nú þetta að orða þetta, en en einnig er furðulegt að orku á krafti sem til okkar beinist. Í þessari stöð hef ég getað skynjað ——— hér mjög til ann-arr-a hnatta. Get ég hé til — annarra hnatta skyn-jað betur sinni sem ég hér er. Langar mig til að tala aftur Sigurði nú.

(Sigurður:) Já, jæja, þetta tókst að of-ur— litl-u leyt-i. Thjá ég verð mik-ið öfl-ug-ri næsta, næsta gang, er ég á orða-stað við ykk-ur. Ég má víst ekki tefj-a leng-ur nú, það eru svo fjöl-margir sem vilja ná sam-band-i við stöð ykk-ar. Mjög þakka ég ykk-ur og dá-ist ég að þraut-segiu ykk-ar. Hjæja, vin-ir þá kveð ég ykk-ur nú, verið öllsæl.

(Sveini:) Helgi. Þetta er núað styrkjast, þetta nú, og er nú sambönd til annarar vetrar-brautar. Nú talar annar Sigurði.

(Sigurður:) Já, já, já, Ullur, sæl verið þið. Mjög reynum við að senda orku til ykk-ar og hugs-um mjög hvert eitt útaf-fyrir sig. Þetta hef-ur geng-ið hálf-treg-leg-a enn steykjast mun-uð þið og samband ykk-ar kom-ast í mjög full-kom-ið horf. Hér er-um við mjög mörg og mun-um við nú tala ör-fá orð og við ykk-ur.

Sæl verið þið öll, sæl verið þið öll, Lofn er ég. Ég reyn-i að senda orku til ykk-ar og mun ég leggja mig alla fram við að styrkja afl ykk-ar. Thjá — thjá — við get-um ekki verið mjög ó-á-nægð með fram-farir hjá ykk-ur, þetta hef-ur smá-vax-ið og mun gera það. — Elsa, mjög hefi ég oft hugs-að til þín og reynt að senda þér orku, og þyk-ir mér mjög vænt um að það hefur bor-ið ár-ánf-ur. (Spurning: Er von til þess að það geti orðið meira?) Já, ég mun senda mikla orku til þín og þú munt geta skynjað til okk-ar þegar við höfum magnað þig nóg. Það mun takast,

það eru mjög miklir hæfi-leikar í þér og þú þarft ekki ann-að en að gefa þeim laus-an taum-inn.

Thjá — þetta mun allt magnast hjá þér vin-an. Thjája nú munu fleiri tala við ykk-ur og þið ég ykk-ur öll lifa heil.

Ullur, Ullur nú mun Freyr tala Sveini.

(Sveinn:) Jája, Freyr já, sæl ég er ákaf-lega þakk-látur ykk-ur, við hér öll fylgjumst með til-raun þess-ari og við til þess erum við nú að hugsa til að reyna að koma meiri krafti til ykkar hnattar og betur en áður hefur tekist og mun ég reyna það — örðugleikar samfara slíkri tilraun og eigi — takast skal þetta allt hvernig sem þetta gengur. Ég er magnaður í stöð þessari að koma, —??—

Langar nú fleiri til að tala, segi nú ekki fleira, verið sæl.

(Erfiðleikar með samband Ásmundar, mikill hlátur í Sveini og minni í hinum enda Sigurður að magna Ásmund.)

(Ásmundur:) Ég heiti Þórður, sæl, sæl verið þið, — Ég er að reyna tala við ykkur — þetta er svolítið öðrum hætti ég ætla að reyna að — jaaaaá.

(Sigurður:) Hjá, Thjá, tjá, Þórður Þórður, sæl verið þið, nú tekst vel, nú tekst vel. Nú mun ég tala Ásmundi.

(Ásmundur:) ——— (Sp. Ertu þarna ennþá?) Já, já, já, já héna er ég ennþá, já, já, já, já — í sambandi þessu. Þetta er allt í lagi, verið bara róleg, ég er að ná mér á strik, það megið þið vera vissum, — Nú er kraftur hér mikill hjá ykkur í kvöld og gott er nú til þess að gera tilraunir, já, já, já, já. (Sp. Geturðu sagt okkur eitthvað?) Það skal ég þó reyna — sem ég - mögulega get. Þetta — er nokkuð erfitt að koma sér hér vel við fram að þessu, og er ekki að-gengi-legt. Þið hafið sýnt mikla þraut-seigju við þessar til-raunir ykkar, og við vissum að þið munduð ekki gefast upp. Þessvegna höfum við eytt mikilli orku til að stuðla að því að sam-band geti hér tekizt. Hér er allt nú á góðri leið með að svo sé að verða. (Sp. Geturðu sagt okkur um eitthvað sem þú skrifaðir?). — Ég held ég — tég freisti þess, að þessu sinni — Lofa skal ég þér því, að segja skal ég þér frá mér og mínu lífi, bæði sem ég lifði hér á okkar góða landi og eftir að ég fluttist til annars hnattar og til ennannarra. (Sp. Ertu búinn að vera á mörg-um hnöttum?): Já nokkrum, — nokkrum, — já, já — Sá tími að auðvelt mun verða að koma hér í þessu sambandi —.

Öðinn. Furðu mögnuð eruð þið nú hér — Þetta mun nú senn fara að ganga hjá ykkur.

Orka fer vaxandi mjög——

(Sigurður:) Thjá, thjá, thjá, — hjæja vin-ir, thjája vin-ir nú hef-ur okk-ur tek-ist að kom-ma orku til ykkar og mun-um við herð-ða róður-rinn.

Jæja vinir, Ullur hér mjög þakk-a ég ykk-ur og mun-um við ger-a að-ra til-raun seinn-a. Þakka ég ykk-ur öll-um, lífið heil.

(Ásmundur:) Þórður hér, munuð verða aðnjót-andi krafta þessara vina ykkar sem eruð hér öll. Ég þakka, verið sæl.

(Sigurður:) Thjá Rík-karður, Rík-harður, hjæja nú hef-ur á-unn-ist of-ur-lífið og mun-um við halda á-fram að magna ykkur. Mjög þakka ég ykk-ur fyr-ir sam-starf-ið og kveð ykkur þá í kvöld en Helgi Pjeturss mun tala við og tala Sveini Verið öll sæl, vinir.

(Ásmundur:) Þórður hér. Ég þakka ykkur fyrir og kveð ykkur þessu sinni lífið þið heil.

(Sveini:) Jája, þá Helgi, þetta hefur tekist og margir enn þeir sem hér eru stöð þessari eru að hugsa til ykkar. Maður hér staddur, reynir nú að segja nokkur orð.

Blessuð og sæl, segi ykkur fáein orð í sam-band þessu. Einhverntíma síðar tala ég við ykkur meira. Nú er mér sönn ánægja að komast í sam-band til stöðvar ykkar. Á jörðu þessari sem ég er staddur eins og ég mun víðar og talsvert merki-legt sam-starf um þettað styrkja tilraun ykkar á mörgum stjörnum talsvert merkilegt. Til þess stefnt mjög að takist sam-band þetta nógu vel, í ykkar stöð talsvert merkilegt samband milli stjarna. Eins og þið vitið þá eru þær stjörnur mjög margur sem þarf að hjálpa — örlögum er ekki eru heilla-væn-leg. Ég veit mjög um slíkar stjörnur. Þær sem skyldar eru ykkar hnetti í vetrar-braut þessari, framlífs-stjörnur og veit ég að þær munu vera ákaf-lega— sam-leiðis og það - þetta er ákaf-lega — búnar undir að hjálpa einni stjörnu þegar slíks — sam-sambds er á milli stjarna að það er svo vertr— sam-band er til - á annari — (Sp. Er tækniþróun á svipaða vegu á þessum stjörnum?) Jája, vinir það er ákaf-lega svipað á— eins og líka á um tækni, að öllu leyti mjög skylt. Ekki veit-ir af að - einhver möguleik san-naðist til þess að kom-a fram skiln-ingi á þessum stjörnum og hjálp-a þeim hverri um sig á fram-fara-braut. Segja skal ég ykkur um nán-ara af þessu bráðlega. Það er í vetrarbrautinni svo furðu-lega fjölbreytni sem að fróðlegt væri að tala um á þessum fundum eitthvað. Í sólhverf-

um vetrarbrautar þessarar eru — stjórnur furðu margar sem líf er á og ákfa-lega er allt þetta stórkostlegt til að hugsa að skuli í öllum þessum sölhverfum vetrarbrautarinnar vera — samband lífsins þó ekki sé þetta orðið allt rétt stefnu-líf er þeir furðulegt og stórkostlegt allt. (Sp. Hefurðu nokkrar eina eða tvær eða þrjár sérstaklega í huga, þegar þú ert að segja okkur frá þessu?) Jæja, um það hvað þú spyrð er að segja, að nokkrum öðrum skyldum stjórnur hefur tekist koma sambandi fram í — á líkt og þessu er hér er. Til þeirra frumlífshnatta senda margir kraft og styrkja tilraun þar eins og ykkar hér. (Sp. Eru þær framfaravænlegri hjá sumum?) Ýmislegt er líkt og nokkuð sam-eigin-legt hvernig gengur, þó er einhver munur á því, sums-staðar gengur heldur betur, annars staðar eru framfar— Furðulegt er til að skynja hvernig sam-still-ing eins og styrkist þessara hnatta milli, ef þessir hnettir komast í sam-band við betri stjórnur. Leitast framlífsstjórnur við að tengja saman þessar frumlífs-stjórnur, skapa sam-band milli þeirra sem stefna í sam-bands-átt, þeim réttum. (Sp. Hvað geturðu sagt okkur um stjórnum hans Burdliks?) Nokkuð tek-st sam-band þangað til þeirrar stjórnu, svo að þar hefur komist kraftur á og verið hægt að hjálpa nokkuð áleiðis, en betur þarf þó að takast. Í þessum til-raunum þar langar þá mjög til að komast í sem bezt samband við stöð ykkar og vita til ykkar sem bezt þeir mega — og hafa náð sambandi, eigi þó öflugu og þarf þetta að lagast. Eigi mun allt það geta tetekizt undir eins, allt tekur sinn tíma. (Sp. Hafa þeir samastað?) Svo er það að sama-stað eiga þeir og — að skynja til þeirra, samastað þeirra, höfum talsvert skynjað þangað og ég hefi skynjað samastað þeirra og er þetta skemmtilegt — hreifing mun ekki vera þó fjölmenn enn sem komið er, en hafa þó tekist sambönd og vaxandi er hreyfingin heldur, og mun allt vera reynt til þess að hjálpa þar og efla sem fullkomnast samband þar við þá og styðja þeirra tilgang betur. (Sp. Eru þeir inni í borg með sinn samastað?) — (eigi?) — mun svo svo vera í borg, þetta er tilraun-a-staður þar sem þeir hafa og ekki ákaflega — eða fögur bygging en samt til þessara hluta. Talsverð frábrugðið það er ekki mjög miklu stærri byggingheldur en þessi sem þið eigið hér, ekki mjög miklu stærri. (Sp. En er hún tiltölulega ný?) Eigi mjög gömul bygging. Þeir — sdm hægt er að skilja þeirra stefnu, lífs-stefnu og framfara-stefnu. Í langan tíma er það ekki — þeir eiga þar eigi nægileg-an skilning en vaxandi heldur. (Sp. Er það aðal-

lega innan borgarinnar, eða er það víðar?) Lengra til — þeir eiga heima ýmsum stöðum og — munu eiga heima í sveit og öðrum jafnvel löndum, einhverjir, en fáir slíkir þó. Þetta skiljið þið af ykkar eigin ástæðum, hvernig að þessum stjórnur vegnar en skil ég og skal verða allt reynt til að styðja þá, efla sambönd þeirra við betri stjórnur. Langar þá að hafa mikið samband við stöð ykkar og ég held tak-ist það, nú eigi slíkt samband betur, ég vona að þeim það fari að verða auðveldara. Svo verð ég þá nú að hætta og vil þakka mjög fyrir vin-samleg-ar undir-tektir og verið sæl.

Helgi, talið áliðið og kveðjum við þá nú öll hér og þökkum samstarf, verið sæl.

SVEINN HARALDSSON, frh.

Eitt sinn í byrjun febrúar 1966 sat ég í stólnum einn í herberginu og veit þá ekki fyrr en Helgi Pjeturss nefnir sig að mér vakandi þó. Komst þá sambandið á nýtt stig, ósjálfrátt tal byrjaði.

Um þetta leyti var setið með Ásmundi til að þroska hann til miðils, en eftir þetta var ekki síður farið að leytast við að koma mér af stað. Á fyrsta fundinum kom H.P. og sagðist mundu verða stjórnandi minn. Í byrjun voru það einstök orð, endurtekningar og hvatningar.

Eftir að H.P. kom fram komst ég undir meiri áhrif andlega og líkamlega. Ég verð eins og þátttakandi í sambandinu og nýt þess, ef vel tekst, en þreytist stundum, ef illa tekst.

Á fundum í Stöðinni skynja ég orkuna í bylgjum, sem rísa og hníga og oft mest fyrst. Stundum getur krafturinn líka verið veikur fyrst, en aukist eftir því, sem líður á fundinn. Yfirleitt get ég rofið sambandið, en þó hefur það komið fyrir, að ég hefi reynt að slíta sambandinu, en ekki tekist. Minn vilji hefur orðið að lúta í lægra haldi.

Ávarp, frh. af bls. 11.

Á þeim fundi skírðu formaðurinn frá því að nokkrir félagar hyggðust taka á móti hinum góðkunna stjarnfræðingi Patrick Moore en hann var væntanlegur til Íslands þann 10.7. Kjartan Norðdahl hefur átt við hann bréfaskipti nú um nokkurt skeið og undanfarið hafa tíðar skeytasendingar átt sér stað milli þeirra.

Á síðustu stundu hefur e-ð brugðist hjá Moore því hann hefur frestað komu sinni.

Á fundinum þann 7.6. kom fram sú hugmynd að stofna til landsfundar síðla sumars eða á þeim tíma sem bezt hentur utanbæjarfélögum. Ánægjulegt væri að fá línu um þessa hugmynd.

Stólakaup voru einnig rædd á þessum fundi en þrjátíu þægilegir stólar hafa verið keyptir og kostar hver þeirra 5000 kr.

Ég vil geta þess vegna þeirra sem ekki hafa komið nýlega í Stöðina að hengdar hafa verið upp 12-15 myndir í salnum allar af stjörnum og tafla með upplýsingum um félagsstarfsemina á ganginum.

Prentvillur eru nokkrar í síðasta blaði en misritun á símanúmerinu í Stjörnusambandsstöðinni er meinlegust. Rétt númer er 40765.

Með beztu kveðjum,
ritstjóri.

FLOKKUN DRAUMA EFTIR STYRKLEIKA.

Ég ætla til gamans að nota sama mælikvarða og notaður er við almenna greiningu stjarna, en það er þannig: Skærustu stjörnur sjáanlegar berum augum eru á ensku kallaðar "of the first magnitude" sem ég ætla að þýða á íslenzku "blik af fyrstu gráðu". Næst koma svo stjörnur með annarrar gráðu blik og áfram allt til þeirra sem rétt eru greinanlegar þeim er góða sjón hafa en það er blik af sjöttu gráðu, og skipa ég þá draumstyrkleikanum þannig niður:

Draumar af fyrstu gráðu Vitrana draumar líkt og Svedenborg var aðnjótandi, allra merkustu draumar.

II. Allra skýrustu draumar, sem maður man lengi jafnvel alla ævi og ekki eru neitt rangbýddir (mjög sjaldgæfir).

III. Góðir draumar og nokkuð skýrir t.d. stjörnudraumar, svifdraumar, spegildraumar, endurminningadraumar, lítið rangbýddir og munast nokkuð vel allan daginn og e.t.v. lengur.

IV. Skýrir draumar en ekki mjög merkilegir, sem maður man er vaknað er að morgni. Algengir hjá þeim er dreyma á annað borð. Oftast rangbýddir.

V. Hversdagslegir draumar sem maður man ef hrokkið er upp af draumnum en annars lítið eða ekki allir rangbýddir og mikið um draumgjafaskipti þýðingarlitlir draumar.

VI. Venjulegt draumarugl þar sem öllu er meira og minna blandað saman og allt rangbýtt. Mjög algeng hjá öllum þorra manna. Munast oft illa og þá helst við það, að vökuatvik rifjar drauminn upp.

Draumar, sem neðar eru en þetta munast ekki en eru samt alltaf einhverjir.

K. N.

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Útgefandi: Félag Nýalssinna

RITSTJÓRI:

Haukur Matthíasson

Lokastíg 7, Rvk. s. 22562

RITNEFND:

Magnús Norðdahl

Sigurður Róbertsson

Sigurður Benediktsson

Pósthólf 1159

Póstgíró 6031

Letur s/f



Nr. 3 10/8 1972.

EFNI:

A. hluti.

Ávarp ritstjóra

*

Sigríður Guðmundsdóttir

*

Landsfundur Nýalssinna

*

Bygging Nýalshallar

*

Um safn

*

Úr Þónýal

*

Prentsmíðjan Bergstaðastræti 27
prentaði

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Kæri félagi.

Á síðasta félagsfundum (2.8.) var rætt um þá ákvörðun að láta nú prenta blaðið. Verðmunur er nokkur, en meira efni kemst í blaðið ef það er prentað. Áður var það fjölritað í Letri eins og kunnugt er og var að mörgu leyti ágætt að skipta við það fyrirtæki. Prentun tækur þó fjölrítun fram.

Stundum er ég spurður hvers vegna blaðið kemur ekki sjaldnar og þá stærra í hvert skipti. Þessi möguleiki er auðvitað fyrir hendi, en miklu máli skiptir að fréttaflutningur gangi greiðlega fyrir sig. Sérstaklega ef félagar tækju betur undir hin ýmsu mál og létu frá sér heyra. Ef undirtektir verða ekki betri en þær eru nú, sé ég ekki að hægt verði að gera til að mynda draumasafn eða atriðisorðaskrá. Um leið og ég hvet félagsmenn til að láta frá sér heyra, þakka ég þeim Þórarni Þorleifssyni frá Skúfi og Páli Björgvinssyni, Þagurhólmsmýri, bréf þeirra.

Á félagsfundinum var rætt um steinasafn, sem Elsa Vilmundardóttir jarðfræðingur ætlar að hafa yfirumsjón með. Sé ég ekki betur en við höfum góða möguleika á að koma upp einu bezta steinasafni hérlendis ef félagsmenn hefjast þegar handa og safna steinum af krafti.

Ferðalög voru rædd á fundinum. Annars vegar ferð, sem Sigríður Guðmundsdóttir og föruneysi hafa í hyggju að fara um miðjan ágúst. Í athugun er að halda miðilsfundum á nokkrum stöðum á Norðurlandi í þeirri ferð.

Hins vegar var ákveðið að stefna að því að fara félagsferð í Þórsmörk helgina 26.—27. ágúst ef nægileg þátttaka verður. Bendi ég félagsmönnum á að snúa sér til Helga Guðlaugssonar eða Gunnars Grettissonar ef þeir vilja fá nánari upplýsingar um hina fyrirhuguðu ferð.

Að lokum var rætt um að hefjast handa bráðlega um að ljósmynda félagana og bið ég menn að verða vel við þeirri beiðni að sitja fyrir, þegar að því kemur.

Gunnar Grettisson hefur tekið að sér að taka myndirnar og eru þær liður í fullkominni félagaskrá, sem fyrr hefur verið rætt um að gera.

Framh. á bls. 22

SIGRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR

Fyrir rúmu ári var ég að vinna í húsi í Keflavík. Þá komu þau þar í heimsókn, sæmdarhjónin Sigríður og Atli Hraunfjörð. Var setið fram á nótt og rætt um framlífið. Að lokum bauð ég þeim hjónum að koma á fund hjá okkur. Það kom brátt í ljós, að Sigríður var mjög næm, og hafa þau bæði starfað af miklum dagnaði í félagi okkar síðan og er Sigríður nú þegar orðin kraftmikill og sérstæður miðill.

„Hafðir þú nokkurn grun um, að þú byggir yfir sambands-hæfileikum?“ spyr ég.

„Ég hafði ekki þekkingu til að gera mér grein fyrir því,“ segir hún. „Sextán ára hafði ég kynnst lítillsháttar lífsskoðun dr. Helga Pjeturss Svo rifjast þetta upp fyrir mér, þegar ég hitti þig og tal okkar beindist að þessum efnum. Þarna hafði ég tækifæri til að kynnast því, sem ég hafði lengi haft áhuga fyrir.“

„Hvernig orkuðu fyrstu fundirnir á þig?“ spyr ég.



„Ég hafði gleði og ánægju af því, sem ég heyrði sagt á fundunum og ákvað að gerast félagi, því þarna fann ég mína hliðstæðu í hugsun. Sambandsáhrifa gætti fljótt, eftir að ég fór að sitja fundi, og er ég þakklát þeirri lífsreynslu, sem ég nýt nú sem einstaklingur. Ég vildi óska, að allir nytu þeirrar gleði, sem þessi lífsskoðun gefur.“

Magnús Norðdahl.

LANDSFUNDUR NÝALSSINNA

Hugmynd að fundi Nýalssinna úr öllum landshlutum á komandi hausti.

Á fundi í Félagi Nýalssinna í júní s.l. vakti ég máls á því, hvort ekki væri rétt að stefna að því, að allir félagsmenn ættu þess kost að hittast, að minnsta kosti einu sinni á ári til þess að stuðla með því að auknum kynnum félagaanna, og þá fyrst og fremst milli þeirra annarsvegar, sem á Reykjavíkursvæðinu eiga heima og helst hafa aðstöðu til starfa og hinsvegar þeirra, sem í öðrum landshlutum búa. Lagði ég fram tillögu um að boða til landsfundar Nýalssinna í haust, að loknum haustönnum, þegar fólk úti á landsbyggðinni hefði helst tíma til þess að taka sér slíka ferð á hendur. Ef vel tækist gæti þetta orðið upphaf

að reglubundnum ársþingum félagsins í framtíðinni og stórt skref í þá átt að auka og bæta samhug og samstarf allra þeirra sem að framgangi Nýalssstefnunnar vilja vinna.

Undirtektir fundarmanna voru góðar og almennar, en töldu þó ýmsir að leita þyrfti álits og samþykkis fleiri, áður en slíkt væri afráðið. Afgreiðslu tillögunnar var því frestað, en mér falið að koma þessari hugmynd á framfæri hér í blaðinu og kanna undirtektir allra félaga. Þér verður ekki farið nánar út í það, hvernig tilhögun þessa fyrirhugaða fundar ætti að vera, en þess vænst, að sem allra flestir félagar og þá ekki sízt þeir, sem fjarri höfuðstöðvunum búa, athugi þetta mál, hver frá sínu sjónarmiði og sendi línu annaðhvort til ritstjóra félagsblaðsins eða beint til félagsins.

Vonast ég nú til þess, félagar, að vel sé tekið undir og svör og athugasemdir berist næsta mánuð í stríðum straumum, jafnt frá konum sem körlum, ungum sem öldnum.

Sigríður Guðmundsdóttir.

UM BYGGINGU NÝALSHALLAR

Á árunum 1968—1970 byggði Félag Nýalssinna sér félagsheimili í Kópavogi, sem jafnframt er vísir að stjórnusambandsstöð. Félagshimilið er á annari hæð í tvílyftu húsi við Álfrólsveg og eru þetta hin vistlegustu húsakynni — 50 fermetra fundarsalur, skrifstofa, lítil húsvarðaríbúð, fata-geymsla og snyrtiherbergi.

Kostnaðarverð varð hátt á aðra milljón króna og var að langmestu leyti fengið með framlögum nær allra félagsmanna. Munu þar ýmsir hafa lagt drjúgt af mörkum, nokkrir jafnvel furðudrjúgt, miðað við efni og ástæður. Verður að teljast mikið afrek af svo fámönnum hópi, sem þarna stóð að verki að koma félagsheimilinu upp á svo skömmum tíma, með þeim myndarbrag, sem þar er á allri innréttingu og frágangi og með þeim hætti, að félagið á nú húseign þessa næstum skuldlaus. Sýnir þetta glögglega, að jafnvel þó fálíða sé má miklu áorka, ef samhugur og samtök skapast um ákveðin verkefni. En jafnframt leiðir slíkt hugann að því, hvílik stórvirki mætti af hendi leysa, ef liðsmönnum fjölgaði, svo að um munaði og sú samheldni og vinarhugur skapaðist milli allra félaga að nálgast það, sem kalla mætti samstillta heild.

Eru þá nokkrar horfur á, að samtök vor taki slíkum framförum á næstunni? Ég svara því hiklaust játandi og veit jafnframt, að margir eru sama sinnis. Bygging stöðvarinnar í Kópavogi sýndi, að félagið var þeim vanda vaxið að leysa af hendi erfitt verkefni með sóma og óx eigi lítið við þá þrekraun. Svo mun enn fara og í sífellt stærra og stærra mæli á komandi árum. Liðsmönnum hefir að vísu ekki fjölgað mikið ennþá, en samt nokkuð. En greinilegar framfarir hafa þegar orðið við sambandstilraunir vorar og mun fáum — jafnvel engum, sem tekið hafa þátt í þeirri starfsemi að staðaldri nú í nokkur ár, dyljast, að stórstígar framfarir eru framundan í þeim efnum. Og þegar svo er komið, mun ekki skorta aðstreymi fólks í samtökin. Og ekki sémir annað en Nýalsmenn séu bjartsýnir og stórhuga, svo áriðandi sem það er, að málstaður þeirra sigri.

Því er það, að nú er komið að þeim báttaskilum í starfsemi Nýalsmanna, að margra áliti, að undirbúningur að byggingu stórrar og fullkominnar stjórnusambandsstöðvar er tímabær. Hefir það mál að vísu enn ekki verið á dagskrá félagsfunda.

en hinsvegar rætt talsvert manna á milli og virðist mér áhugi á því mikill og vaxandi.

Þess vegna leyfi ég mér að leggja þetta mál hér fyrir til athugunar öllum lesendum blaðsins í þeirri von, að því verði gaumur gefinn og margir verði til þess að segja álit sitt um það hér í blaðinu eða á öðrum vettvangi og leggi fram sínar hugmyndir og tillögur.

Ekki treysti ég mér til að leggja fram neinar tillögur um gerð slíkrar stöðvar á þessu stigi málsins, þar verða margir um að fjalla, bæði leikir og lærðir. En minna má hér á það, sem Helgi Pjeturss segir í Viðnýal um það, hversu úr muni rætast, ef ráðist yrði í byggingu stöðvar til sambands við lífið á stjórnnum við almennan áhuga: „*Ein afleiðingin yrði sú, að þeir sem að fyrirtæki þessu stæðu, myndu fá hverja hugmyndina annari betri um það, hvernig því ætti að haga.*“

Nokkur almenn atriði varðandi bygginguna, sem virðast augljós og komið hafa fram í viðræðum félagsmanna, vil ég minnast á.

Stöðinni skal valinn staður á einni af hæðum Reykjavíkur. Hún skal vera eins vönduð, fullkomin og fögur og manuleg þekking og verkunnátta framast getur af hendi leyst — sannkölluð þegarþryði. Garður skal vera umhverfis, þryddur trjágróðri, blómum og grösom, með tjörnum fyrir fugla, sandkössum fyrir börn, setbekkjum fyrir fullorðna. Garður þessi má eigi vera minni að flatarmáli en svo sem einn hektari og skal öllum opinn til hvíldar, hressingar og næðisstunda. — Innandyra verður stór fundasalur, hljómléikasalur, sambandsfundasalur og stofur, skrifstofa, bókasafn, lesstofur og fleira. Einnig fullkomin gufubaðsstofa og fleira til heilsuræktar og hressingar. Engin fjarstæða virðist heldur að hugsa sér veitingastofu í slíkum húsakynnum, í nýölskum anda.

Nú mun líklega margur spyrja, hvernig afla skuli fjár til þvítíkra stórfamkvæmda. Ekki er það á mínu færi að svara slíku nú. Ég þykist vita, að þeir, sem fyrst vöktu hugmyndina um stöðina í Kópavogi, hafi heldur ekki getað svarað hliðstæðri spurningu til hlítar í byrjun. En það er fullkomlega réttmætt og rökrétt að gera ráð fyrir, að sá vandi muni leysast bæði fljótt og vel. Furðumargir lögðu hönd á plóginn við byggingu Kópavogsstöðvar, en mörgum sinnum fleiri munu leggja til fjármuni og aðra aðstoð við byggingu hinnar nýju stjórnusambandsstöðvar í Reykjavík, hver eftir efnum og ástæðum. Þar á meðal munu ýmsir efnamenn leggja fram miklar fjárhæðir og aðrir, sem ekki hafa lausafé aflögu, munu gefa húseignir sínar, sem félagið fengi að vísu ekki

Framh. á bls. 22

UM SAFN

Félagsmenn hafa látið í ljós áhuga á, að komið verði upp í Stjórnusambandsstöðinni steinasafni og hef ég verið beðin um að hleypa því af stokkunum. Ég tel, að það sé mjög vel til fallið að hafa í Stöðinni safn. Það myndi áreiðanlega gera hana bæði vistlegri og heimilislegri, en ég tel, að það safn eigi að vera miklu víðtækara en steinasafn. Það þarf að byggjast þannig upp, að af því megi ráða, hvert sé samband okkar við alheiminn. Með safninu ætti að leitast við að sýna HIÐ MIKLA SAMBAND á myndrænan og hlutlægan hátt. Ég tel, að þegar sé kominn vísir að þessu safni, þótt mjór sé og á ég þar við myndir þær af himingeimnum, sem nýlega komu í Stöðina, hnattlíkanið o.fl. Við verðum að afla fleiri hluta og koma þeim fyrir í fallegu samræmi. Steina, jurtir, skeljar og hvers konar aðra náttúrugripi, einnig kort, myndir og muni mætti hugsa sér sem hluti í safni þessu, svo að eitthvað sé nefnt.

Ef við hugsum okkur Ísland og íslenzka náttúru sem grundvöll eða viðmiðun, þá þarf safninu að áskotnast sýnishorn af helztu bergtegundum landsins, auk steingerfinga o.fl. Væri æskilegt, að félagsmenn, sem hafa áhuga á, að þetta safn verði að veruleika, hefðu samband við félagið eða mig persónulega eða sendu gripi til safnsins. Nauðsynlegt er, að viðkomandi hlutur sé vel merktur; hvaðan hann er, hvað hann er, helzt hvenær hans hafi verið aflað, nafn sendanda og aðrar upplýsingar.

Nánar verður rætt um þetta fyrirhugaða safn síðar í blaðinu. Vonast ég eftir fréttum af undirtektum félagsmanna, áður en að því kemur.

Kópavogi 24. júlí 1972

Elsa G. Vilmundardóttir.

ÁVARP RITSTJÓRA

Framh. af 19. síðu

Ég er ekki vanur að rita um þær greinar, sem birtast í blaðinu, en í þessu blaði er grein skrifuð af miklum stórhug um nýja Stjórnusambandsstöð. Ég sé ekki hvernig hægt er að reisa slíka stöð í bráð, en víst er að af framkvæmdum verður ekki nema hugmyndinni sé hreyft. Læt ég hér fylgja með eftir því sem rúm leyfir, tilvitnanir úr Nýöllum.

Með beztu kveðjum.
ritstj.

ÚR PÓNÝAL

Það sem oss ríður á umfram alt, hjer á jörðu, er að auka og bæta það samband vort við lífið á öðrum jarðstjörnum, sem nú þegar á sjer stað í svefni, og kemur fram í draumalífi voru, eða öllu heldur skapar það. Vjer verðum að færa oss í nyt þekkinguna á stillilögmálinu, bæði til að auka þetta samband vort, og einnig til að koma því í það horf, að eingöngu sje til góðra staða. Það er: samband við fullkonnara mannkyn á öðrum jarðstjörnum, og jafnvel við æðri lífverur en svo, að rjett sje að kalla mannkyn. Afleiðingarnar af slíkri fullkonnun lífssambandsins mundu verða hinar furðulegustu. Á skömmum tíma mundi oss jarðarbúum aukast svo þekking á eðli og tilgangi lífsins, að aldrei mundi frammar nokkur styrjöld verða háð á þessari jörð. Og oss mundi fara ótrúlega mikið fram, ekki einungis að viti og þekkingu, heldur öllu atgjörvi. Tilstreymi þess kraftar, sem lífið er af, mundi aukast mjög, og líkamirnir verða miklu fegri og hraustari en nú er. Lífið er fullkomið fyrir magnan jarðefna af orku nokkurri, sem eðlisfræðim hefir ekki haft kynni af enu-þá, eða a. m. k. mjög ónóg.

Helgi Guðlaugsson.

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

UM BYGGINGU NÝALSHALLAR

Framh. af bls. 21

ráðstöfunarrétt á fyrr en fyrri eigendur hefðu þeirra ekki lengur not hér á jörðu. En þar eð vér teljum fullvíst, að þeir hinir sömu húseigendur fái ágætan bústað á þeirri jörð, sem þeir flytjast til, þó fararefni verði lítil, verða þetta að teljast hin ánægjulegustu og hagkvæmstu viðskipti fyrir báða.

Ekki vil ég nefna nein tímatakmörk við byggingu Nýalshallar. Þó leitar á hugann ártalið 1974. Óneitanlega væri bygging slíkrar stöðvar stórfenglegt framlag Nýalsmanna til minningar um ellefu alda afmæli Íslandsbyggðar og vektu athygli víða um vora jörð.



Nr. 4 10/9 1972.

EFNI:

A. hluti.

Ávarp ritstjóra

*

Ásmundur Guðbjörnsson

*

Bréf frá
Huldu Valdimarsdóttur

*

Bréf frá
Páli Björnssyni

*

Norðurför Sigríðar

*

Prentsmiðjan Bergstaðastræti 27
prentaði

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Ávarp.

Um þessar mundir berst lítill hópur mannkyns þess, sem byggir jörðina, Íslendingar, fyrir stækkum landhelginnar. Allir Íslendingar eru einhuga, brenna af áhuga, enda er um lífshagsmuni að tefla. Svo skeggir erum við, að landhelgismálið mun örugglega vinnast.

Meðal Íslendinga er minni hópur, raunar mjög lítill, sem berst fyrir máli, sem er ekki aðeins lífshagsmunamál þjóðar vorrar, heldur mannkynsins alls. Það mál er víkkun landhelgi þekkingarinnar.

Þeir, sem fyrstir hafa orðið til þess að bæta verulega við þekkinguna, hafa sjaldan notið mikilla vinsælda, vægast sagt! Sigrar þekkingarinnar eru ýmist blóði roðnir eða með öllu gleymdir.

Á líðandi stund eru menn ánægðir og stundum sjálfbyrgingslegir með þekkingu sína og tregir til að breyta heimsmynd sinni, svo tregir, að það vekur furðu og hlátur síðari tíma manna. Í einkamálverkasafni Badidas í Rómaborg er málverk af Marco Polo, sem ber eftirfarandi áletrun á latínu: „MARCO POLO FRÁ FENEYJUM. SÁ FYRSTI, SEM FERÐAÐIST UM ALLAN HEIMINN OG INDLAND.“ Og nú á tímum eru notaðar bækur, sem bera nöfn eins og t.d. „Verdensatlas“ og er þá átt við jörðina.

Bertrand Russel segir í bók sinni „History of Western Philosophy“ í kaflanum, sem ber heitið Loch's Political Philosophy (s. 602):

„Ég endurtek, að í kenningu Lock's um stjórn er lítið, sem frumlegt er. Í þessu tilliti er Locke dæmi um flesta þá menn, sem hafa aflað sér frægðar fyrir hugmyndir sínar. Nær undantekningarlaust er sá maður, sem fyrstur hugsar nýja hugsun svo langt á undan samtíð sinni, að allir telja hann bjána, hann er og verður ómerkilegur í augum fólks og gleymist brátt. Síðan breytist heimurinn smátt og smátt, unz kemur að því, að hann er tilbúinn fyrir hina nýju hugsun og sá maður, sem brýtur upp á henni á hinu heppilega augnabliki fær allt lofið. Þannig var t. d. um Darwin; vesalings Lord Monboddo var aðhláturfefni.“

Nýalsinnar þurfa ekki að láta sér bregða, þó að hægt gangi. Það er ekkert annað en það, sem búast verður við á helstefnujörð, en það létti undir mikið, ef félagsmenn væru örlítið

Framh. á bls. 26

ÁSMUNDUR GUÐBJÖRNSSON

Um og eftir 1955 tók ég þátt í tilraun með stafa-
borð í eitt til tvö ár. Ég minnst þess ekki að hafa
orðið fyrir áhrifum.

Árið 1964 var kallaður saman hópur til að gera
tilraunir með Guðmundi Skarphéðinssyni fram yf-
ir jól. Guðmundur hætti og þá tókum við aftur upp
tilraunir með glerið og eirplötuna. Þá varð ég var
við eitthvað. Áhrifin komu yfir höfuðið lítillaga,
en ekkert gerðist, sem maður var viss um, að mark
væri á takandi. Þá fór Sveinn að verða var við
þetta og sátum við þá með honum. Nokkru síðar
fór Sigurður að koma til. Smám saman hefur þetta
svo þróast hjá mér. Og heldur hefur þetta farið
vaxandi. Stundum dregur úr mér kraft til hinna
miðlanna, en oftast er eins og því sé skilað aftur í
lok fundanna. Mér virðist, að um sé að ræða sam-
eiginlegt orkusvæði og hægt sé að beina orkunni til



okkar til skiptis. Áhrifin koma eins og fyrr greinir
yfir höfuðið ekki ólíkt því, að gjörð sé um höfuðið
og minnr það á þá tilfinningu, sem maður hefur.
Þegar tekið er ofan höfuðfat, sem lengi hefur setið
á höfðinu. *Skráð af H.M. eftir Á.G.*

Bréf frá

HULDU VALDIMARSDÓTTUR (stytth):

Kæri ritstjóri.

Mig langar til að skrifa þér, svo að það er bezt
að byrja. Þú kvartar um ónóga þátttöku í söfnun
drauma til rannsókna. Ég ætlaði nú svei mér að
vera með, en þetta gengur bara ekkert hjá mér, því
að ég man svo lítið af draumum, þegar ég vakna.
Ef til vill á fólk ver með að muna drauma með
aldrinum. Hvað segir miðaldra fólk um það? Fróð-
legt væri að heyra, hvernig öðrum dreymsendum úr
hópi lesenda gengur að muna sína drauma og væri
vel þegið, að sem flestir sendu blaðinu línu um þá
reynslu og einnig þeir, sem geta gefið góð ráð
þeim, sem vilja þjálfa sig í að muna það, sem þá
dreymir.

Draumablaðið í Félagsblaði nr. 2 er ágætt, en
það fer mikill tími í að rannsaka drauma sína á
þennan hátt og gæti ég trúað, að þarna sé ein
ástæðan fyrir lítilli þátttöku. Ég vona nú samt, að
þú haldir þessu vakandi í blaðinu. Hvernig væri
að halda nokkra æfingafundi um þetta efni?

Gaman fannst mér að lesa greinina hans Helga
Guðlaugssonar um byggingu Nýalshallar og rektun
stórs garðs í kring. Þó að langt sé sjálfsagt í land
með svo stórt fyrirtæki, skaðar ekki að fara að
leita að landinu. Ef garðurinn á að vera gróður-

vin til hvíldar og hressingar almenningi, ætti að
vera auðsótt mál að fá ríki eða borg til að úthluta
svæði okkur að kostnaðarlausu.

Þó að skemmtilegt sé útsýnisins vegna að byggja
á hæð (eins og Helgi og margir aðrir hafa stungið
upp á), er samt ekki úr vegi að hafa brekku og
smákvos með, því að næðingssamt er oft uppi á
hæðunum fyrir gróður.

Margt skemmtilegt er hægt að láta sér detta í
hug í sambandi við smíði hallarinnar. Umræður
um það mál gætu orðið gott fundarefni einhvern-
tíma í skammdeginu. Ekki væri úr vegi að heyra
frá hugmyndaríkum og dráttögum lesendum um
þetta mál.

PÁLI BJÖRNSSYNI (stytth):

Kæru félagar.

.... Þó vil ég segja um landsfund, að vissulega
gæti það orðið til hvatningar innan félagsins, ef
fært þætti að stofna til hans. Ég tel, að ég mundi
tæplega sækja hann fyrr en í nóvember (og þó ekki
víst).

Þá vil ég aðeins geta þess, að mér hefur þótt
mjög ánægjulegt að sækja miðilsfundi félagsins
undanfarin ár. Mér finnst ég beinlínis fá aukinn
styrk við það.

.... Ef til vill ætti ég að bæta við, þar sem
minnst er á draumaskráningar, að mér finnst ég
næstum aldrei geta munað drauma, þegar ég vakna.
Með beztu óskum.

NORÐURFÖR SIGRÍÐAR

Eins og minnzt var á í síðasta blaði, var, um það leyti er blaðið fór í prentun, í undirbúningi för Sigríðar Guðmundsdóttur og föruneysis til Norðurlands. Þessi för var farin og tóku þátt í henni: Sigríður Guðmundsdóttir og maður hennar, Atli Hruanfjörð, Marta Sveinbjörnsdóttir, Magnús Norðdahl, Ægir Ólafsson og Helgi Guðlaugsson. Einnig höfðu þau Sigríður og Atli með sér börn sín þrjú, 5, 7 og 8 ára að aldri. Lagt var af stað úr Reykjavík um hádegisbil fimmtudaginn 17. ágúst og ekið þann dag með tíðum hvíldum og varúð á vegum að Bólstaðahlíð í Austur-Húnavatnssýslu. Daginn áður hafði Sigríður tilkynnt í útvarpinu um tvo miðilsfundi norðanlands, hinn fyrri í Húnaveri fimmtudagskvöldið 17. ágúst og síðari í Ketilási í Fljótum að kvöldi næsta dags. Var hópnum vel fagnað af þeim feðgum, Klemenzi Guðmundssyni og Guðmundi kennara, syni hans, boðið til stofu, veitt kaffi og ræðst við framundir fundartíma. Áætlað hafði verið að sofa í tjöldum um nóttina, en nú vildu húsráðendur í Bólstaðahlíð að við náttuðum okkur þar innandyra. Og með því að vistarverur eru margar í því húsi og gistivínátta mikil, þá tókum við þessu boði feginnlega. Fengum við til umráða heila rishæð, þrjú herbergi og eldhús.

Eftir að börnum ferðalanganna hafði verið komið í rúmið, var gengið til Húnavers. Stundvíslega klukkan níu hófst fundurinn. Fundargestir voru 33, auk fundarboðenda og heimamanna. Fundurinn hófst á því, að einn úr fylgdarliði Sigríðar flutti stutt kynningarerindi, skýrði tilgang fundarboðenda með samkomu þessari, stiklaði á nokkrum meginatriðum heimspekikenninga Helga Péturss og las fáeina stutta kafla úr ritsafninu Nýall. Tók þessi flutningur um einn stundarfjórðung. Hófst síðan sambandsfundur og stóð til miðnætis.

Sætum var þannig skipað, að stólum var raðað í hring á salargólfi og sátu þar hlið við hlið fundargestir og boðendur, um 30 talsins, en síðan 10—20 manns í ytri hring. Samband tókst mjög fljótt, fór þó hægt af stað, en magnaðist eftir því sem á leið. Komu þarna fram ýmsir ættingjar og vinir héraðsmanna. Talaðist oft furðuskýrt og hressilega í þeim samböndum og höfðu þeir er talaðist til sýnilega mikla ánægju af, og reyndar aðrir fundarmenn almennt. Miðillinn, Sigríður, virtist njóta mikillar magnanar. Sat hún ekki nema smástund, þar sem

hún tók sér fyrst sæti, heldur færði sig hvað eftir annað úr stað, eins og svefndrukkin nokkuð í göngulagi, leitaði uppi þá, er samböndin beindust að í hvert sinn, magnaðist mjög skyndilega, er hún hafði fundið þann, er leitað var að, settist hjá honum (í stól er ýtt var til hennar) og tókst þá oftast fljótlega að koma fram nöfnum og öðrum upplýsingum. Ekki var þó eingöngu um einstaklingsbundin ættingja- og vinasambönd að ræða, heldur var oft talað til alls hópsins í einu. Var þar á ferð fólk, sem átt hafði heima í nærliggjandi héruðum á ýmsum tímum, svo og íslenskir fornmenn, eins og Grettir Ásmundarson og Ásdís á Bjargi. Einnig komu fram nafnkunnir vinir af guðakyni: Seifur, Hera, Baldur, Lofn.

Fundarmenn tóku almennt mikinn þátt í því sem fram fór, spurðu margs og fengu yfirleitt greið svör.

Eftir höfðinglega miðnæturveizlu í Bólstaðahlíð, var gengið til náða og sofið fram á næsta dag. Um tíuleytið á föstudag var haldið af stað og förinni heitið að Ketilási í Fljótum. Var farið hægt yfir og víða stanzað, því að tími var nægur. Skroppið var til Siglufjarðar, kaupstaðurinn skoðaður og miðdegisverður snæddur. Um klukkan 5 síðdegis var komið að Nýrækt í Fljótum til þeirra hjóna, Áshildar Öfjörð og Valbergs Hannessonar kennara. Er sá bær rétt við samkomuhúsið að Ketilási og hafði Áshildur útvegað húsið til fundarins og haft á hendi allan undirbúning þar á staðnum. Var nú fengið leyfi til þess að tjalda þar í landareign Nýræktar, tjaldbúðir reistar á grænni grund við árbakka, tekin upp suðutæki og önnur áhöld til matargerðar og soðinn velheppnaður kvöldverður. Veður var kyrrt og milt.

Fundurinn í Ketilási hófst klukkan liðlega níu um kvöldið og var hagað að öllu leyti eins og fundinum í Húnaveri kvöldið áður. Tala fundargesta var svipuð. Atli stjórnaði hljómlistarflutningi af segulböndum á báðum fundum, allt frá byrjun sambandsfunda til enda. Hljómur var lágt stilltur, svo að ekki trufluðust samtöl. Fluttir voru kaflar 5., 7. og 9. hljómkviðum Beethovens, píanókoncert einum eftir Vivaldi o.fl. Virtist þessi hljómlist falla öllum vel í geð og auka samstillingu fundarmanna. Á báðum stöðum var haft eins bjart í fundarsal og ljósbúnaður frekast leyfði.

Sambönd tókust mjög fljótt á Ketilássfundi og voru með líkum hætti og í Húnaveri. Fyrst ættingjasambönd og vina, síðan menn frá fyrri tímum, allt til landnámsaldar, og einnig guðasambönd. Tónskáldið Franz List lét aðeins til sín heyra og fór viðurkenningarorðum um þá nýbreytni að hafa

Framh. á bls. 26

ÁVARP

Framh. af bls. 23

betur lifandi og tækju undir þau mál, sem fram eru borin. Í blaði númer eitt lét ég í ljós ósk um, að einhverjir tækju að sér að gera atriðisorðaskrá, í blaði númer tvö bið ég félagana að taka þátt í gerð draumasafns, í númer þrjú er sagt frá fyrirhugaðri ferð í Dórmörk og beðið um álit manna á því, hvort æskilegt sé að halda landsfund og einnig í því sama blaði lætur Elsa Vilmondardóttir í ljós von um að fréttu af áhuga manna á að koma upp steinasafni. Það er skemst frá að segja, að þessum málum hafa sinnt tveir félagar.

Það veit ég að vísu, að nú er sá tími, sem sízt er að vænta undirtekta og koma þar til greina sumarfri og fleira. Hitt veit ég einnig, að einhverjir hafa hugsað um þessi mál, þó að ekkert hafi fréttu af því. Nokkuð hefur verið unnið að sumum þessara mála og þau þokast í rétta átt, en mjög vænt þætti stjórnum og mér um, ef okkur bærisk, þó að ekki væri nema örfáar línur frá þér, lesandi góður.

Ég hefi lesið erindi það, sem Helgi Guðlaugsson flutti á tilraunafundinum, sem haldnir voru norðanlands (og nánar segir frá hér í blaðinu) og virðist mér, að það hafi tekizt vel. Mér er tjáð, að Helgi hafi fengið sérstaklega gott hljóð og mun öll þessi för hafa tekizt nokkuð vel.

Á félagsfundinum s. l. 6. september var sam-

þykkt að fara þess á leit við Elsu Vilmondardóttur að hún tæki að sér að sjá um gerð bókarinnar sem Guðjón Ó ætlar að gefa út. Einn fundarmanna kvaðst ekki treysta neinum fundarmanna til að skrifa nægjanlega góða bók um kenningar H.P. og benti á, að Viðnýall væri tilraun til slíks, en hefði ekki tekizt nógu vel. Ég tel nokkra féлага okkar vel hæfa til að vinna þetta verk, en þó treysti ég Elsu bezt og svo mun um fleiri.

Rætt var um undirbúning vetrarstarfs. Kom meðal annars fram að lagfæra ætti herbergið í Stöðinni, svo að vinnuástaða verði samilega góð. Í næsta mánuði verða ákveðnir sérstakir viðtalstímar, þar sem menn frá félaginu munu fræða áhugasamt fólk um kenningar dr. H.P. og félagið.

Fram komu tillögur til umræðu, sem miða eiga að því að gera veg félagsfunda meiri og starfseminnar í heild.

Þá var rætt um, að ef til vill væri skynsamlegt, að miðilsfundirnir á fimmtudögum yrðu haldnir í sérstökum tilgangi hvert sinn, t.d. einn fundinn einbeittu menn sér að lækningum, annan fundinn að því að fræðast um gerð sambandsstöðva á öðrum hnöttum o.s. frv.

Á fundinum, sem átján manns sátu, var gerð tilraun með örlítið annað skipulag á félagsfundi en vanalega hefur verið og held ég, að það hafi ekki tekizt illa.

Með beztu kveðjum,
ritstj.

NORÐURFÖR SIGRÍÐAR

Framh. af bls. 25

um hönd tónlisarflutning á sambandsfundi. Miðillinn hafði sama hátt á og á Húnaversfundi, undi ekki til lengdar í kyrrsæti, heldur færði sig til og frá um salinn og sópaðist um fast.

Fundargestir voru að sjálfsögðu á ýmsum aldri á báðum fundum. Þó var talsvert meira af ungu fólkum í Ketilási — allt að þriðjungur fundargestu unglingar um og innan við tvítugt. Tók þetta unga fólk engu minni þátt í fundinum en hinir eldri, var glatt í bragði og framkoma þess öll hin þrúðmannlegasta.

Allir erum við ferðalangarnir sammála um, að þægilegur andblær hafi ríkt á fundum þessum báðum. Færum við fundargestum miklar þakkir fyrir ánægjulegar samverustundir og vonum, að við hittum þá sem flesta aftur, áður en langt um líður.

Ferðasögu þessa segi ég ekki öllu lengri. Daginn eftir skildust leiðir. Héldu þau Ægir, Marta og Magnús heim á leið, en hinir stefndu til Húsavíks-

ur. Þar var gist eina nótt hjá frændfólki Sigríðar, farið morguninn eftir (sunnudag) til Ábyrgis og eftir hádegi sama dag til Siglufjarðar. Þar var gist næstu nótt á einkaheimili, en haldið heimleiðis morguninn eftir. Sigríður hélt sambandsfundi meðal kunningjafólks á báðum stöðum. Á fundinum í Ketilási hittum við féлага okkar, Gunnar Möller á Siglufirði, og var þá afráðið, að Sigríður kæmi til Siglufjarðar næsta sunnudag og hefði þar fund með nokkrum áhugasömum kunningjum Gunnars. Voru 8 heimamenn á Siglufjarðarfundi, en 5 frá Húsavík. Tókust báðir þessir fundir ágætlega, fundarfólkið var mjög vinsamlegt og jákvætt og virtist njóta sambandanna vel. Þökkum við öllu þessu fólkum fyrir ágæta viðkynningu og ánægjulegar samverustundir.

Síðast en ekki sízt þökkum við fyrir frábærar viðtökur á þeim heimilum, sem við komum á í för þessari, fyrir gistingu, fyrir rausnarlegar veitingar í mat og drykk, fyrir hjálpssemi alla og góðvild.

2. sept. 1972

H. G.



FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Nr. 5 10/10 1972.

EFNI:

A. hluti.

Ávarp ritstjóra

*

Samband þ. 25. júní

*

Skemmtilegt
draumsamband

*

Vetrarstarf

*

Athyglisverð frásögn

*

B. hluti

Kenningar Helga Pjeturss
og líffræði nútímans

*

Í minningu Guðmundar
Kjartanssonar

*

Um forsagnargildi
keminga dr. Helga
Pjeturss

Prentsmiðjan
Bergstaðastræti 27
prentaði

Ávarp.

Með Nýal opnast nýtt rannsóknar-
svið og ný skilningsleið til að átta sig á
tilverunni. Sú leið verður ekki farin án
þess að leggja á sig mikið erfiði. Afla
verður heildstæðrar þekkingar og síðan
mun líforka sú er til okkar streymir,
auka skilning okkar, þar til að um
verður að ræða fullan skilning á þeirri
þekkingu, sem hver og einn hefur aflað
sér. Þá erum við tilbúin til að afla okkur
nýrrar þekkingar og svo koll af
koll. Þetta má orða þannig, að þá og
því aðeins að hver einstaklingur hafi
grundvallarþekkingu og þekkingarvið-
leitni mun lífsorkan sem frá guðum
kemur verða að viti. Hinn góði kraftur
getur snúizt til ills. Hinn góði kraftur
snýst ekki til vits nema einstaklingur-
inn leitist við að snúa honum til vits.
„Hið skapandi vit guðanna mun koma
fram í okkur og leiðrétta,“ sagði
Sókrates um daginn hjá Sveini.

Möguleikar íbúa stjarnanna til að
koma fram því sem þeir vilja á annarri
stjórnun fara meðal annars eftir því
hvort orð sem nota þarf sé til í huga
(orðaforða) miðils þess er við tekur.
Þekking og þekkingarviðleitni er því
nauðsynleg.

Vetrarstarf fer nú sem að hefjast
og til að það gangi vel er nauðsynlegt
að samvinnan sé góð, menningu virði skoð-
anir og áhugamál annarra. Í blaðið
skrifa þeir félagar um vetrarstarfið en
auk þess lagði ég nokkrar spurningar
sem snerta félagsstarfið fyrir fáeina
félaga og fara þær hér á eftir ásamt
svörum:

Hvenær er vetraráætlun væntanleg?

Kjartan Norðdahl: „Hún er í mótun.“

Verður miðilsstarfsemin skipulögð
frekar en gert hefur verið?

Helgi Guðlaugsson: „Já, áreiðanlega.
Þetta mál hefir verið rætt mikið meðal
félagsmanna að undanfögnu og nú ný-
lega bæði á stjórnarfundum og félags-
fundum. Áhugi er mikill á endurbótum
og ákveðinna tillagna er að vænta alveg
á næstunni.“

Hvernig gengur að skrifa bækling-
ana?

Kjartan R. P. Kjartansson: „Undir-
búningur er kominn vel á veg.“

Hvað líður bókinni, sem tileinka á
dr. Helga Pjeturss?

Kjartan R. P. Kjartansson: „Undir-
búningur er í fullum gangi.“

Hvað er að fréttu af lóðinni?

Kjartan R. P. Kjartansson: „Senni-
lega frestað til vors vegna þess, hvað
fjárfrek framkvæmdin er. Því fé, sem
til er, verður varið til að skapa góða
vinnuástöðu í Stöðinni.“

Hvenær verður stuðlabergsdrangur-
inn tilbúinn?

Kjartan R. P. Kjartansson: „Um leið
og hægt verður að setja hann á lóðina.“

Hvernig gengur að undirbúa steina-
safn?

Elsa G. Vilmundardóttir: „Safnast
bafa nokkrir steinar, en annars hefur
lítið heyrzt um undirtektir félags-
manna. Er þess að vænta, að vísir til
safnsins komist á laggirnar í vetur.“

Hvað hefur verið gert í Sambands-
stöðinni?

Samúel D. Jónsson: „Herbergið hef-
ur verið gert að vinnustofu. Það hefur
framhald á bls. 30

SVEINN HARALDSSON:

SAMBAND Þ. 25. JÚNI.

Mjög greinilega kom fram í huga mínum, án þess að ég hefði hugsað það, nafnið Guðmundur Kjartansson, og datt mér strax í hug, að hinn nýlátni jarðfræðingur hefði sent mér nafn sitt. Og eftir skamma stund talaðist svo hjá mér eftirfarandi, sem ég skrifaði jafnóðum upp:

„Vinur talar, heiti Guðmundur Kjartansson. Sæll! Ætla ég að segja þér nokkur orð um minn hnött og það líf, er ég þar lífi framliðinn. Sú hnöttur er í þessari vetrarbraut, sólhverfið þó annað og mikil vegalengd þar á milli. Það er mjög mikil vegalengd á milli (sólhverfanna) og skiptir þúsum ljósára eigi fáum.

Sólin er stór og mjög er hún fögur og björt, heit og skínandi.

Það er því mikil birta og skínandi á jörðinni og sólskinið mjög fagurt. Og það segir til um, hvernig lífið þar er og skilyrðin nokkuð. Og hæfilegur er samt allur hiti og veðurfar mjög yndislegt.

Í sólhverfi þessu eru margar reikistjörnur og mönnum byggðar fleiri en þessi, er ég er kominn á. Sólhverfið þess vegna mjög merkilegt, þar sem mannkyn eru í því nokkuð mörg. Heimur lífsins stórkostlegur og furðulegur mjög. Endalaus víðátta og endalaus fegurð. Tilveran geymir vit og góðvild.

Hugur minn og líkami, þessi er ég hefji nú, er styrkur og öflugur.

Það þykir mér ekki svo furðulegt, en ég hefði vel getað betur skilið þessa möguleika en ég gerði. Sannvísindaleg þekking er það sem Helgi Þjóturss var að vekja athygli á, þegar hann hélt fram líkamlegu og jarðnesku lífi eftir dauðann. Þjóðin skilur það enn ekki sem skildi, hvað H. P. hafði rétt fyrir sér.

Náum við betur að magna, þegar hugarfar verður betra meðal þjóðarinnar og hugsun skýrari.

Já ýmislegt til skemmtunar og fróðleiks munum við geta sagt ykkur og þjóðinni frá þessum hnetti og fleirum, þegar viðtókuskilyrði verða betri.

Reynum hvað við getum, svo kveð ég þig að sinni, vertu sæll.“ G.K.

Komið getur það fyrir eins og fram kemur hér á undan, að mér berst hugskeyti um það, hver persónan er, áður en hún byrjar að tala. Einhver sambönd fæ ég á hverjum degi í einrúmi, fasta-

sambönd og stundum önnur. Skrifa ég stundum niður slíkt tal og verður þá hlé á sambandinu, á meðan ég er að skrifa niður hverja setningu fyrir sig. Hvaða setning talast svo næst hverju sinni, veit ég ekki, fyrr en hún er komin, né heldur hvaða orð kemur næst í hverri setningu, fyrr en það hefur myndast. T. d. get ég nefnt það, að ekki alls fyrir löngu fékk ég samband við mann, sem kvaðst heita Eyvindur. En hann virtist eiga í fyrstu ekki auðvelt með að segja nein frekari deili á sér. Ég hugsaði nú með mér, þar sem ég lá og beið eftir frekari vitneskju, hvort þetta kynni að vera Fjalla-Eyvindur, en svo var ekki. Það nafn, sem rétt á eftir ósjálfrátt kom fram á varir mínar, var skáldaspillir. Fornskáldið, Eyvindur skáldaspillir, var það, sem þarna leitaði sambands við mig af sínum fjarlæga framlífhnetti í þessari vetrarbraut. En á því hafði ég þarna alls ekki átt von og hafði aldrei áður, svo að ég vissi fengið samband við skáld þetta. Vísur fékk ég nú engar frá honum, því miður, enda varla við því að búast. Eflast þurfa hér sambönd betur, áður en slíku verður hér fram komið.

MAGNÚS NORÐDAHL:

SKEMMTILEGT DRAUMSAM BAND

Þeir voru staddir í græmni vallendisbrekku, grasíð stutt og þétt. Þarna var vítt um að litast. Bróðir minn, Valur, var þarna með einhverjum vini sínum, sem var að sýna honum, að hann gæti svifið og sveif hann nokkurn spotta undan brekkunni. Það heyrðist þungur niður vinstra megin við þá. Gengu þeir á hljóðið og brátt komu þeir fram á brún á heljar miklu gljúfri, sem gein við þeim 60—70 m. djúpt og elfur beljaði þar niðri hvít-fyssandi.

Segir þá Valur: „Getur þú svifið út fyrir brúnina?“

„Jú, ætli það ekki,“ anzar vinurinn, um leið og hann gekk út af brúninni og sveif 2—3 m. og stóð þar lóðréttur. Leit hann niður og upp eftir gljúfrinu og sér hann, að nokkrir ríðandi menn koma meðfram árflaumnum. Var þar gata nokkur, misbreið í ýmsum krókum. Sum staðar var hún mjó, þar sem klettnagar sköguðu fram. Menn þessir riðu nokkuð hratt og nálgudust brátt staðinn, þar sem hann stóð upp yfir: Ofan frá að sjá voru hestar þessir lendabreiðir, hnarreistir og sterklegir.

framhald á bls 30

VETRARARSTARF.

ATLI HRAUNFJÖRD:

Nú þegar sumri er senn lokið, er eðlilegt, að Nýalsfólk leiði hugann að því, hver séu helztu verkefni komandi vetrar. Vissulega eru þar ýmis verkefni augljós og sjálfsögð, sem unnið hefir verið að á liðnum árum, svo sem sambandsfundir, útgáfa félagsblaðs o. fl. En Nýalsfólk getur ekki látið þar við sitja, heldur þarf að leitast við að efla og bæta starfsemi félagsins í þeim tilgangi að auka áhrif hinnar nýölsku stefnu meðal þjóðarinnar. Þetta þurfa félagsmenn að hugleiða og koma fram með hugmyndir sínar, áður en starfsáætlun vetrarins verður fullmótuð. Hér er ein slík hugmynd; tillaga um kynningarfundir.

Hér er átt við fundir svipaða þeim, er nokkrir félagsmenn héldu norðanlands í sumar. Voru þetta bæði sambands- og fræðslufundir, því að flutt voru, áður en sambandstilraunir hófust, erindi um framlífskenningar H. P. Jafnframt voru, með góðum árangri, gerðar tilraunir til aukinnar samstillingar með flutningi tónlistar, allan tímann sem sambandstilraunir stóðu yfir. Reynslan af þessum fundum sýndi, að hægt er að ná til fólks á þennan hátt og jafnvel ná góðum árangri í sambandstilraunum, þó að meirihluti fundarmanna hafi lítið kynnt kenningum H. P. aðeins ef þau fræði eru kynnt í byrjun fundar. Hvernig væri að gera slíka fundi að einum þætti vetrarstarfsins og byrja í sjálfum höfuðstöðvunum, Sambandsstöðinni í Kópavogi? Ef vel til tækist í byrjun, yrðu fleiri fundir haldnir á þeim stað, og jafnframt á ýmsum stöðum annarsstaðar á landinu.

GUNNAR GRETTISSON:

Ein er sú nýbreytni, sem mér finnst, að Félag Nýalssinna gæti tekið upp sér til ávinnings á vetri komanda. Þessi nýbreytni er fræðsla, en fræðsla er þáttur, sem vanræktur hefur verið í félagsstarfinu. Það þarf að gera sem flestum, bæði félagsmönnum og utanfélagsmönnum, kost á að kynast því, sem gerzt hefur í vísindum á undanförunum árum. Sérstaklega er mikil þörf á að kynna mönnum stöðu þeirra vísindagreina, sem snerta hvað augljósast viðfangsefni Nýals, en viðfangsefnið er að vísu tilveran öll. Sérstaklega koma mér í hug vísindagreinar eins og stjörnufræði, jarðfræði, líffræði og sálarfræði, en innan þessara

vísindagreina hefur ýmislega merkilegt gerzt á síðustu árum, sem bendir í áttina til Nýals og má segja, að erfitt sé fyrir Nýalssinna að hugsa sér verulegar framfarir í þessum vísindagreinum, án þess að Nýall komi þar við sögu. Það þarf því að fá bæfa menn til að flytja fyrirlestra um stöðu þessara vísindagreina eins og hún er nú. Þessa starfsemi þyrfti síðan að auglýsa sem bezt til að ná til sem flestra. Mætti vel hugsa sér umræður að hverju erindi fluttu. Þetta gæti orðið, tel ég til að auka mönnum þá yfirsýn, sem nauðsynleg er til að geta metið Nýal að verðleikum. Einnig held ég, að það gæti orðið skemmtileg nýbreytni og gagnleg, ef félagið fengi að láni góðar fræðslukvikmyndir til sýningar í Stöðinni. Þetta, sem ég hef nú talið upp, held ég að gæti blásið auknu lífi í félagsstarfið, ef til framkvæmda kæmi.

KOLBRÚN NORÐDAHL:

Ég vænti þess, að út komi sem allra fyrst hin margnefnda bók, úrdrættir eða samþjappað efni úr bókum Helga P. um framlífið á stjórnunum og fleira.

Gera ætti sambandsstöðina virkari og þar verði nokkurs konar kynningarkvöld, þar sem félagsmenn komi saman og ræði málin til eflingar samstillingu eða samhug. Þar mættu einnig vera fræðslufundir, sem utanfélagsmenn gætu sótt sér til fróðleiks, ef þeir hefðu hug á inngöngu í félagið. Einnig væru haldnir þar sambandsfundir eins og verið hefur og að auki fundir þar sem tilraunir ýmsar væru gerðar. Á þeim fundum ættu einungis að vera félagsmenn.

Ég teldi einnig æskilegt, að hægt væri að fá einhverjar veitingar í stöðinni, til dæmis mætti vera þar á boðstólum mengað vatn á flöskum (gos).

Svo vænti ég þess, að við sem stöndum að þessu félagi, og á ég þar við forsvarsmenn þess sem og aðra félagsmenn, sýnum hvort öðru nægan skilning og góðvild sé látin ganga fyrir ásamt þolinmæði. Því að við erum öll (bara) fólk á frumlífsmætti. Með skilningi okkar eigum við að eflast, en ég held, að okkur skorti flest nokkuð á góðvild og kærleika hvers til annars, og án kærleikans náum við varla langt.

Blaðið vil ég, að komi út mánaðarlega, en ekki að það verði stækkað og komi þá sjaldnar út. Þeir, sem ekki sækja fundi, rofna þá enn meir úr tengslum við félagið og ég tel, að við megum vart við því. Helgi P. sagði sjálfur, að fleiri þyrftu að skilja, þá myndi samstillingin verða meiri og samböndin árangursríkari og á allan hátt öflugri.

Ekki meira að sinni.

SAMÚEL D. JÓNSSON:

ATHYGLISVERÐ FRÁSÖGN

Í Landnámabók segir frá Þóri Grímssyni „er nam land fyrir sunnan Gnúpá til Kaldár, fyrir neðan Knappadal, milli fjalls og fjöru; hann bjó at Rauðamel enum ytra; hann var höfðingi mikill.

Þá var Þórir gamall ok blindr, er hann kom út síð um kveld, ok sá at maðr röri útan í Kaldárós á járnökkuva, mikill og illilegur, ok gekk þar upp til bæjar þess, er í Hripi hét, ok gróf þar í stöðulhliði; en um nóttina kom þar upp jarðeldr, ok brann þá Borgarhraun; þar var bærinn, sem nú er borgin.“

Margt er þarna umhugsunarvert. Vakandi maður, en blindur sér sýn. Hann sér járnskip eða bát, sem þá voru ekki til á okkar jörð, svo mér sé kunnugt. Sýnin er fyrirboði.

Skemmtilega styður það sannleiksgildi sögunnar, að jarðfræðingar hafa fundið þarna hraun, sem sennilegt er, að runnið hafi um það leyti, sem sagan gerist. Í Jarðfræði Þorleifs Einarssonar, sem ber undirtitilinn Saga bergs og lands, stendur þetta um Eldborg á Mýrum: „Í Eldborg eru komin tvö hraun með löngu millibili. Eldra hraunið er helluhraun, og mun það sennilega vera runnið árla á nútíma. Yngra hraunið er apalhraun og er sennilega brunnið á landnáms- eða söguöld, en þeirrar eldsuppkomu er getið í Landnámu með þjóðsagnablae. Eldra Eldborgarhraunið er sennilega einma elzt hrauna á Snæfellsnesi og hið yngra allra hrauna yngst.“

SKEMMTILEGT DRAUMASAMBAND

framhald af bls. 28

Stundum riðu þeir samsíða 2 og 3, en svo mjókkaði gatan og þeir dreifðu sér. En þarna hrapaði einn út í fljótið og hvarf. Hinir skiptu sér ekkert af því. Brátt sást höfuð mannsins koma upp úr grængolandi vatninu svo hestshöfuð og á svipstundu reif hesturinn sig upp úr hringiðunni og upp næstum lóðréttan klettavegginn. Brátt var hann kominn á götuslóðann. Það lak lítilsháttar af hesti og manni.

Nú hleypti hann á eftir hinum og það var ekki blautt í sporum hestsins. Á þessum stað verða ekki slys.

verið málað, sett ný ljós í það, hengdar upp myndir, fengin rafmagnsreiknivél og ritvélaborð. Skrifstofustóll er væntanlegur og einnig Hansahillur. Ýmsir smáhlutir hafa verið keyptir og límt hefur verið líflegt „betrekk“ á bókaskápana.

Fengin hefur verið önnur tafla til að setja á tilkynningar ýmsar en henni hefur enn ekki verið valinn staður og blómum hefur verið komið fyrir.

Áður hefur í blaðinu verið minnt á myndir, segulband og hillur undir það. Gluggatjöld öll hafa verið hreinsuð.“

Á félagsfundinum þ. 4. október var samþykkt að fá menn til að halda fyrirlestra á vegum félagsins um hinar ýmsu greinar vísindanna.

Takist að fá fyrirlesara munu verða haldnir 2 til 3 fyrirlestrar fyrir áramót. Jafnframt var rætt um að halda námskeið eftir áramót fyrir almennung í nýlöskum fræðum og þeim greinum sem skyldastar eru.

Rætt var um kaup á fjölritara sem kostar um 10.000 krónur sem aflað verður með samskotum.

Gjaldkeri félagsins talaði um fjármál félagsins og urðu um þau nokkrar umræður. Fram kom að fjárfest hefði verið í ýmsum tækjum og áhöldum sem nemur um 150 þúsundum.

Auk þess þarf félagið að greiða af lánum og þolir því félagssjóður ekki meiri útgjöld á þessu ári. Hluti af áðurnefndri fjárfestingu fór í það að koma herberginu í gott lag og ef meta ætti það sem þar hefur verið gert á markaðsverði mun upphæðin sem í það fór nema milli 80 til 100 þúsundum. Helminginn af því hafa félagsmenn lagt fram með því að gefa hluti og vinnu og kemur því ekki fram í reikningum félagsins. Svo er einnig um stólakaupin, sem nú nema um eitthundrað þúsundum, þau koma ekki fram í reikningunum. Á fundinum var stungið upp á að í framtíðinni verði gerð áetlun og tilgreind bæði gjöld og tekjur og gjöldunum síðan jafnað niður á alla félagsmenn. Þá var bent á, að ef til vill væri ekki heppilegt að allir borguðu jafnt, því pyngjur félaganna væru misþungar.

Þá var samþykkt að gerð yrði sérstök sambands-tilraun í sex áföngum. Hefst þessi tilraun fimmtudaginn 12. október og verður annan hvern fimmtudag. Hámarksfjöldi þátttakenda verður 12. Þeim vilja taka þátt í þessari tilraun, er bent á að tala við Kjartan Norðdahl eða Samúel Jónsson.

Með beztu kveðjum.

Ritstjóri.

MUNIÐ FÉLAGSFUNDINA
FYRSTA MIÐVIKUDAG HVERS MÁNAÐAR

ÞORSTEINN ÞORSTEINSSON LÍFEFNAFRÆÐINGUR:

KENNINGAR HELGA ÞJETURSS OG LÍFFRÆÐI NÚTÍMANS.

Sameindirnar eru undirstaða lifandi líkama.

Það eru mólekúlin eða sameindirnar sem eru undirstaða lifandi líkama, og það eru sams konar sameindir og þær sem eru í dauðu efninu. Það er ekkert í sambandi við lífsstarfsemina sem bendir til að þar sé að verki einhver lífskraftur annar en sá sem býr í sameindunum. Ef til væri sál af öðru eðli en efnið væri hún líklega áhrifalaus með öllu á starfsemi líkamans. Það er erfitt að finna beinar sannanir fyrir því að eitthvað sé ekki til, hægara er að sanna að eitthvað sé ef það þá er. Fræg dæmi eru til um skrýmsli sem eiga að vera til hér og hvar. Þeir sem enga trú hafa á þessum skrýmslum eru alltaf í hinum mestu vandræðum með að afsanna tilveru þeirra. Eins er það með sálina, þó að ágætir efnafræðingar hafi enga trú á tilveru hennar sem einhverju af annarri veru en efnið, þá hafa þeir ekki em getað afsannað tilvist slíkrar sálar.

Það hefur þó líklega tekist að sanna að sjálf lífsstarfsemin er alla vega ekki reist á sál af því tagi sem að ofan er lýst og sem dæmi um það má nefna inngang að lífefnafræði nýútkominni eftir ágætann fræðimann, Albert L. Lehninger, en þar stendur í íslenskri þýðingu:

„Lífverur eru úr sams konar frumeindum og líflaus náttúran. Þegar frumeindir og sameindir lífveranna eru rannsakaðar hver í sínu lagi, lúta þær sömu lögmálunum og sameindir dauðu náttúrunnar. Þó hafa lífverurnar eiginleika sem ekki finnast í dauðu efni. Það er gott að gera sér grein fyrir nokkrum af þessum eiginleikum til að læra að skilja hvaða vandamál sérstök lífefnafræðin glímir við.

Sérkenni lifandi efnis.

Ef til vill er það augljósasta sérkenni lifandi efnis hve það er flókið og geysilega skipulagt. Það myndar merkilegar innri samfellur og í því eru margar gerðir risasameinda. Þar að auki eru lífgerðirnar í furðulega mörgum tegundum og útgáfum. Líflaust efnið í umhverfi sínu, hvort sem það er jarðvegur, vatn eða grjót, er úr lítt skipulegri blöndu úr einföldum efnasamböndum.

MENN og SKOÐANIR

Í öðru lagi hefur sérhver þáttur, stór og smár sínu hlutverki að gegna í lifandi veru. Þetta á ekki aðeins við um hvern hluta frumunnar, kjarna, frymi og himnur, heldur einnig hvert efnasamband, fitu, protein* og kjarnasýrur svo að dæmi séu nefnd. Það er eðlilegt að spyrja um hlutverk einstakra sameinda í lifandi veru. Slík spurning er hins vegar óraunhæf og án vits viðvíkjandi hinu dauða efni.

Í þriðja lagi geta lífverurnar náð orku úr umhverfi sínu og ummyndað hana til uppbyggingar á hinum flóknu efnasamböndum sínum úr einföldum hráefnum. Einnig geta þær unnið sitt hvað af viti, til dæmis hreyft sig. Dautt efni getur ekki notfært sér utanaðkomandi orku til að viðhalda skipulagi sínu. Þvert á móti sundrast ólífrænt efni oftast til meiri óreiðu við að gleypa orku, til dæmis hita eða ljós.

En gleggsta aðalsmerki lífsins er þó að geta endurmótað sjálft sig kynslóð eftir kynslóð af mikilli nákvæmni. Samsafn dauðs efnis sýnir enga tilhneigingu til slíks, það getur ekki endurnýjað sig í ákveðnu skipulagi og formi eða stærð þannig að kynslóðaskipti verði greind.

Lífefnafræði og lífið sjálft.

Nú kynni einhver að spyrja hvers vegna lifandi efni sé svona ólíkt því dauða þar eð hvort tveggja sé samsett úr sömu dauðu sameindunum. Hvers vegna er lífvera meira en samsafn af sínum dauðu frumhlutum? Heimspeki miðalda hefði svarað því til að lífveran væri gædd dularfullu, guðlegu lífsafli. En þessi skýring er ekkert nema hjátrú, nefnd „vitalism“ (lífsorkukenning) og nútíma vísindi hafa hafnað henni. Nú er það höfuðtakmark lífefnafræðinnar að komast að því hvernig dauðar sameindir vinna hver með annarri þannig að úr verði lifandi líkami með öllum sínum einkennum. Lokamarkið er svo að ráða gátuna um það hvernig lífið varð til á jörðunni í upphafi.

* Protein hefur verið nefnt eggjahvítuefni á íslenskku. Orðið er algerlega meiningarlaust. Protein er það skárta, að í því er hugsun. Það þýðir sá sem er fyrstur eða fremstur og er úr grísku.

Líffræði og efnafræði hafa löngum verið taldar aðskildar og ólíkar fræðigreinar, hver með sín eigin lögmál og reglur. En þar eð lifandi líkamir eru úr sérstaklega tengdum sameindum verðum við að viðurkenna að líffræði sé efnafræði. Ekki er það þó svo að líffræðin sé eitthvert sérstakt svið efnafræðinnar, hliðstæð lífrænni efnafræði, eðlisefnafræði eða ólífrænni efnafræði. Í raun og veru er líffræðin nokkurs konar yfirefnafræði, sem innifelur hin hefðbundnu svið efnafræðinnar, en fer þar að auki út fyrir þau. Þetta er vegna þess að sameindirnar sem lífverurnar eru úr, fylgja öllum hinum þekktu lögmálum eðlisfræði og efnafræði en þar að auki verkar hver á aðra samkvæmt öðrum lögmálum til viðbótar, sem í heild gætu kallast *sameindasamstilling lifandi ástands*. Það er ekkert víst að í þessum lögmálum séu nokkur óþekkt lögmál eða kraftur sem enginn hefur uppgötvað enn. Fremur skyldi lítið á þetta sem sérstakar undirstöðureglur sem ráða eðli, verkun og samstillingu hinna sérstöku sameindagerða sem er að finna í lífverunum, og gæða þær hæfileikanum til samstillingar og endurmótunar á sjálfum sér. Ekki hafa öll lögmálin varðandi sameindasamstillingu lifandi ástands verið fundin, og sum skilin aðeins óljóst. Ef til vill er réttara að tala um þessi lögmál fremur sem ágizkanir eða tilgátur, þar eð sum þeirra eru aðeins hugmyndir og ekki enn sannanlegar.“

Dularfull fyrirbrigði.

Nú hefur samt sem áður verið umnið ötullega að því á síðustu áratugum að rannsaka ýmis fyrirbæri, sem standa í sambandi við lifandi verur, en sést þó ekki hvernig standa í sambandi við efna-skiptin eða aðra eðlisfræði, sem er eins með lifandi og dauðu. Þessi fyrirbrigði hafa verið nefnd á ensku „extrasensory perception“ eða „ESP“ og er þar átt við að menn geti skynjað sitthvað án hinna hefðbundnu skynfæra, og líka er talað um „psykokinesís“ eða „PS“ og er þar átt við áhrif á hluti, til dæmis fall hluta eða annað sem lýtur að því að hafa áhrif á hreyfingu efnis án þess að vöðvaafli komi til, en maðurinn þó valdi.

Frægastur könnuði á þessu sviði hefur orðið prófessor Rhine við Duke háskólann í Bandaríkjunum. Hann hefur rannsakað þetta af stakri vandvirkni og sannað sitt mál með staðtölufraði af mikilli nákvæmni, svo að líkurnar fyrir því að þetta eigi sér stað eru sem milljarðar á móti einum. Þó að þetta snerti ekki beinlínis kenningar Helga Pjeturss, er þetta þó sönnun fyrir einum af þeim forsendum, sem H. P. gaf sér fyrir kenningum sínum.

Draumar.

Annað hefur líka verið rannsakað af kappi í Bandaríkjunum, en það eru draumar og draumsvefn. Í þessum rannsóknum er bæði beitt heilaafritum og athugunum á hreyfingum augna í svefni. Það virðist sem dreymandi lífi drauma sína, hann hreyfir augun svipað og hann væri að horfa á það sem ber fyrir hann í draumi. Á þessu hafa ekki fundizt neinar viðhlítandi skýringar, en allt þetta kemur vel heim við kenningar H. P. um drauma.

Hann hélt því fram sem alkunnugt er, að draumar kæmu fram við það að dreymandinn sjái með annarra augum það sem ber fyrir hann í draunum. Hann verður samvitundar við mann, oftast á annarri stjörnu að Helgi hélt fram.

Sameindafraðin og skýringar á fyrirbrigðum.

Því er skemmast frá að segja að ekki hefur fundizt enn sambandið milli lífefnafræðinnar og þessa sambands, sem virðist vera milli lífveranna samkvæmt því sem hefur verið nefnt ESP og PS. Á þessu sviði er algert tóm í þekkingunni, og þetta tóm hefur mörgum þótt svo ónotalegt, að þeir hafa neitað tilvist ESP, eða í skynsamlegri tilvikum, neitað að leiða hugann að slíkum fyrirbærum og talið mönnum til einfeldningshátta eða heimsku að gera það. Hér skulu samt ræddar nokkrar leiðir sem sýna að lögmálum lífefnafræðinnar þyrfti ekki að hafna, og lítið við auka, þó að fyrirbrigði ESP, PS og kenningar H. P. sé allt samkvæmt sannleikanum. Þetta gæti allt byggzt á „sameindasamstillingu lifandi ástands“, eins og L. orðar það. Það þurfi ekki að leynast áður óþekkt lögmál eða kraftar, sem engir hafa uppgötvað, til að dreymandi sjái með augum annarra jafnvel til annarra stjarna, eða maður sér til undrunar vakni við eftir dauðann á jörðu hér, og sé þá á annarri reikistjörnu óralangt í burtu, og sér til enn meiri undrunar hafði það gerzt eftir þekktum lögmálum og án þess að til væri sál af annarri veru en efnid.

Risasameindir lifandi efnis.

Mikill hluti lífefnafræðinnar fjallar um þessar tröllauknu sameindir og hvernig þær samstillast hver annarri. Allar virðast þær lúta lögmálunum, sem Lehniger nefnir í ræðu sinni og þýdd var hér að framan. En engu að síður eru þessar sameindir furðulegar, þó að lögmálin sem stjórna þeim séu einföld. Þær skiptast í nokkra flokka, sem allir vinna saman og ein risasameind getur verið sambland milli allra þessara flokka.

Fyrstan flokkanna nefni ég proteinið. Protein er grískt orð og þýðir sá fyrsti, og er að nokkru sannnefni því að proteinið veldur öllum efnaskiptum,

og þar með öllum hræringum lífsins. Ekki er þó næsti flokkur ómikilvægari, en það eru kjarnasýrurnar, sem aftur greinast í tvennt, RNA og DNA, og nú eru fáir svo fákunnandi að þeir hafi ekki heyrt þessi efni nefnd. Hefur próf. Guðmundur Eggertsson gert manna mest af því að kynna þessi efni fyrir almenningi. — Hlutverk þeirra er að stjórna öllu skipulagi frumunnar, sem einnig gerist með tilstilli margnefndra lögmála. Engin lífvera getur verið án síns skipulags og þess vegna er engin án DNA eða/og RNA. Lífveran getur talizt vera skipulagið eitt og hvað er hún þá án þessara efna?

Fleiri eru flokkar stórsameinda en kjarnasýrur og protein, en þær sameindir eru ekki eins virkar í starfi lífsins og verða því ekki nefndar hér.

Proteinsameindirnar eru sérstaklega vænlegar til að valda þeim fyrirbærum, sem þessi grein á að útskýra að einhverju leyti.

Proteinsameindir eru orkuforðabúr.

Proteinsameindirnar eru gerðar úr amínósýrum. Þannig að í hverri proteinsameind eru nokkur hundruð amínósýrusameinda tengdar saman í keðju eða keðjur. Keðjurnar eða keðjan vefst svo upp þannig að lágmarksspenna verði á sameindinni. Ótal tengsli myndast síðan milli nálæggra hluta keðjunnar, eða þeirra hluta sem liggja saman þegar sameindin er orðin undin upp. Þar ber mest á svonefndum vetnistengslum. Þau verða til vegna þess að neikvæð skaut myndast í eindinni þar sem ildi eða nitur eru en jákvæð við vetnisfrumeindirnar. Þessi skaut draga hvert annað að sér og þarf ákveðið orkumagn til að rjúfa tengsli, venjulega einn tíunda hluta þeirrar orku sem þarf til að rjúfa sameindatengsli, sem byggjast á samstillingu rafeindahjúpa eindanna.

Proteinsameindirnar valda öllum efnaskiptum með því að hvetja allar efnabreytingar þeirra. Efnin sem breytast, brotna niður eða byggjast upp, ganga í samband við proteinið, ummyndast og losna síðan úr tengslunum. Það hefur sannazt að proteineindirnar breyta um lögum við að tengjast efnunum sem eru að ummyndast, að minnsta kosti í sumum tilvikum. Vetnistengsli rofna og proteinsameindirnar gliðna og ganga saman á ný þegar þær tengjast og losna frá efnunum, sem ummyndast. Við þetta hljóta að verða orkuskipti. vetnistengsli verða sem orkuforðabúr proteinsameindanna.

Sömu lögmálin gætu útskýrt dularfull fyrirbrigði.

Það eru þessi orkuforðabúr í proteinsameindunum, sem gætu hugsanlega verið uppspretta lífsorku þeirra, sem veldur dularfullum fyrirbrigðum. Það er ekkert víst að orka þessi sé mikil að magni miðað við kílóvattstundir eða annað það afl, sem notað er til vinnu. En eftir jafneföldum leiðum gæti það valdið miklu, til dæmis með því að orka á hreyfistefnu sameinda og buga þannig þyngdaraflið. Gæti hreyfilögmál de Broglies orðið til skýringa ásamt óvissutilgátum eðlisfræðinga nútímans. Þessi og önnur lögmál eðlisfræði og efnafræði verða drjúg til skýringa, drýgri en nokkurn grun- ar.

DRAUMUR

Skordýr sá ég í draumi og stóð það í keri fullu af hvítum sykri. Fullyrti eigandi dýrsins, að það framleiddi sykurinn með einhverjum hætti og þótti draumgjafa mínum það hið ótrúlegasta. Var dýrið loðið í framan sem spendýr og skel þess var ákaflega þykk. Var draumgjafi minn látinn snerta dýrið (skelina) og var honum ekki mikil um það gefið fyrst í stað, en aðrir viðstaddir virtust hálfpartinn líta á dýrið sem gældýr. Skel þess var brúnleit og andlitshár þess ljósgrábrúnt. Þótti mér sem sykurinn ætti að renna undan skelinni, en man ekki ástand sykursins svo glögggt — hvort hann var t.d. gróf- eða fínkornóttur. En sem fyrr segir, var hann hvítur, og þó hálfgegnær.

Það var ein náttúra dýrsins að draga að sér hausinn, er það var snert — á ekki ósvipaðan hátt og skjaldbaka.

Ó. H.

Þeir sem vilja fræðast um Félag Nýalssinna og kenningar dr. Helga Pjeturss eru velkomnir í Stjórnusambandsstöðina að Álfbólsv. 121, Kópav., sérstakir viðtalstímar eru frá 3-5 á hverjum laugardegi. Síminn er 40765.

Félagsblað Nýalssinna

Útgefandi: Félag Nýalssinna

Ritstjóri: Haukur Matthíasson Lokastíg 7, Rvk
Ritnefnd: Magnús Norðdahl, Sigurður Róberts,
og Sigurður Benediktsson.

Pósthólf 1159

Póstgíró 6031

Prentsmiðjan Bergstaðastræti 27, prentaði

Í MINNINGU GUÐMUNDAR KJARTANSSONAR.

Guðmundur Kjartansson fæddist í Hruna í Hrunamannahreppi 18. maí 1909.

Foreldrar hans voru Kjartan Helgason, prófastur, og Sigríður Jóhannesdóttir. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1929 og magistersprófi í jarðfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1940. Að námi loknu settist hann að á Íslandi og vann fyrir sér með kennslu til ársins 1955, en þá réðist hann til Náttúrugripasafns Íslands og hóf gerð jarðfræðikorts af landinu.

Hann var ritstjóri Náttúrufræðingsins 1947-48.

Helstu rit hans eru: Yfirlit og jarðsaga, í Árneshöfundasögu 1 1943, Hekla, Árbók F.Í. 1945, Water-Flood and Mud Flows, Some Secondary Effects of the Hekla Eruption, hvort tveggja í The Eruption of Hekla 1947-8, Vísindafél. Íslendinga. The Móberg Formations í On the Geology and Geophysics of Iceland, Intern. Geol. Congress 1960. Jarðfræðikort af Íslandi (1: 250000): Blað 3 (Suðvesturland) 1960 og Blað 6 (Miðsuðurland) 1962. Þjöldi greina um jarðfræði, mest í Náttúrufræðingum.

Auk þess fleiri kortblöð en þau, sem upp voru talin.

Með Helga Pjeturss og Kjartani föður Guðmundar var góð vinátta og kom Helgi oft að Hruna á uppvaxtarárum Guðmundar.

Ólafur Halldórsson:

UM FORSAGNAGILDI KENNINGA
DR. HELGA PJETURSS

Til eru ýmis önnur heimspekikerfi en hið vísingdalega. Byggjast þau jafnvel á allt öðrum hugsunum en heimspekikerfi vísindanna og eru ekki í neinum tengslum við þau, þ. e. ekki er hægt að heimfæra þau undir neina raunvísindagrein og því ekki — enn sem komið er — hægt að henda neinar reiður á hugmyndunum með beinum athugunum og mælingum. Dæmi um þessa aðra hugmyndaheima eru t. d. guðspeki og sálgreining Freuds. Sálgreiningu Freuds er ekki hægt að setja í tengsl við vísindagreinar og vantar þann eiginleika, er vísindagrein verður að hafa — þ.e. forsagnargildi. Alla hluti er hægt að skýra út frá sálgreiningu Freuds, en vísindaleg kenning verður hins vegar að hafa forsagnargildi — hún leyfir aðeins, að vissir hlutir gerist. Sálgreining Freuds er því dæmi um alhæfingu.

Athugum nú kenningar dr. Helga Pjeturss í ljósi þessa. Er kenning hans einangruð — án tengsla við vísindin og hefur hún ekki forsagnargildi? Hún

Vitum við ekki, hvaða áhrif þau kynni hafa haft á Guðmund, en ef til vill hafa þau orðið til að örva náttúrufræðiáhuga hans, sem vaknaði snemma. Strax sem barn var hann vel kunnugur sögu og staðháttum sveitar sinnar og var oft leiðsögumaður ferðamanna um áttaha sína á barnsárnum.

Guðmundur vann ötullega að jarðfræðirannsóknunum og liggur eftir hann mikið starf. Merkast framlag hans til jarðvísinda mun vera stapakenningin svonefnda, sem hann setti fyrst fram í Árneshöfundasögu. Þar skýrir Guðmundur endanlega hvernig móbergshöfundun eins og Herðubreið o. fl. verða til við gos undir jökli. Hafa þær skýringar nú hlotið almenna viðurkenningu jarðfræðinga. Má segja að með stapakenningunni hafi Guðmundur einnig fært sönnur á skýringar Dr. Helga Pjeturss um uppruna og eðli móbergsins og hafi Guðmundur tekið þar upp þráðinn sem Helgi sleppti.

Guðmundur sýndi félaginu vinsemd, sem má marka m. a. af því, að á Þingvallafundi félagsins árið 1956 flutti hann erindi um sögu og uppruna Þingvalla og einnig flutti hann fyrirlestur um íslenska jarðfræði í stjörnusambandsstöðinni árið 1969.

Guðmundur var vandaður maður til orðs og æðis og er við brugðið, hversu mjög hann gerði sér far um að vanda málfar og frágang á ritum sínum. Guðmundur lézt 7. apríl 1972.

Elsa Vilmundardóttir Ægir Ólafsson.

er vissulega hvorugt af þessu. Kenning dr. Helga Pjeturss hefur gífurlegt forsagnargildi — hana má nánast nota sem formúlu og segja fyrir um samkvæmt henni, hvort ákveðið fyrirbrigði eigi sér stað í veruleikanum eða ekki og þá hvers vegna. Og hún er vissulega í tengslum við vísindin. Kenning þessi hefur þá stórkostlegu eiginleika, að hana má sanna eða afsanna með beinum vísindalegum athugunum, en slíkt er einmitt undirstaða þess, að kenning sé vísindaleg. Nægir hér að benda á umfangsmiklar athuganir erlendra vísindamanna á hugsambandi og draumum. Og með tæki eins og heilalínurita mætti framkvæma hinar margvíslegustu tilraunir, er styddu kenninguna eða hnekktu henni á ótvíræðan hátt.

Er því hér á ferðinni eins strangvísindaleg kenning og framast verður krafizt og er simuleysið gagnvart henni af hálfu vísindamanna meira en eðlilegt getur talizt. En sem betur fer virðist nú svo sem eitthvað sé að rofa til og verður þess vonandi ekki langt að bíða, að heimspekigrundvöllur þessarar nýju hugsunar verði tekin upp sem grundvallarheimspeki vísindanna í stað hins óljósa grundvallar, sem nú er notaður.



FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Nr. 6 10/11 1972.

EFNI:

A. hluti.

*

Starfsáætlun

*

Sóknarræða Sókratesar

*

Úr bókinni

Life in the Stars

*

Bréf frá

Samúel D. Jónssyni

*

Sitt af hverju

*

Frá gjaldkera

Prentsmiðjan
Bergstaðastræti 27
prentaði

STARFSÁÆTLUN

Á félagsfundum þ. 1. þ.m. var samþykkt eftirfarandi starfsáætlun fyrir tímabilið frá 1. nóv. 1972 til 1. apríl 1973:

I

SKIPULAGNING SAMBANDSFUNDA

- a) *Mánudagsfundir.* Haldið verði áfram mánudagsfundum í svipuðu formi og verið hefir. Heimilt verði að bjóða með sér gestum.
- b) *Sórstakir hópfundir.* Skipulagðir verði sérstakir tilraunafundir af hópum félagsmanna, sem myndaðir verði af einstaklingum fyrir eigið frumkvæði og samval. Allir félagsmenn hafa jafnan rétt til þess að gangast fyrir myndum slíkra tilraunahópa og hver einstakur hópur hefir fullan rétt til að haga tilraunum sínum eftir því sem honum sýnist og fullt samkomulag verður um innan hans.

II

FRÆÐSLUSTARFSEMI OG KYNNING

- a) *Fræðslurindi fyrir almenning.* Fengnir verði menn til þess að flytja erindi á opnum fundum í Sambandsstöðinni, t. d. um líffræði, jarðfræði og stjörnufræði.

- b) *Fræðslufundur með sambandsstíraunum fyrir almenning.*

Boðað verði til að minnsta kosti eins slíks fundar fyrir áramót í Sambandsstöðinni. Flutt verði í byrjun erindi um framlífskenningar Helga Pjeturs og starfsemi félagsins kynnt. Síðan verði sambandsfundur með þátttöku tveggja miðla eða fleiri. Ef vel tekst verði slíkri starfsemi haldið áfram eftir nýár, bæði í landi, eftir því sem við verður komið.

Mjög er áriðandi að vel takist um lausn þeirra verkefna, sem kveðin eru með starfsáætlun þessari. En eins og öllum má ljóst vera, getur það ekki orðið nema allir félagsmenn vinni að því hiklaust og heilshugar. Hópurinn sem að þessari áætlun stendur, er ekki stærrí en svo, að þar má enginn liggja á liði sínu.

Laugard. 18. nóv. kl. 3 heldur Þorsteinn Þorsteinsson fyrirlestur í Stjörnusambandsstöðinni, Álfhólsveg 121, um uppruna lífsins.

Fjölmennið !

KJARTAN R. P. KJARTANSSON:

SÓKNARRÆÐA SÓKRATESAR Þ. 17. 9. '72

Hér á eftir birtist mjög einstök og merkileg rit-smíð, sem Sveinn Haraldsson hefur skrifað upp eins og hún talaðist honum af munni fram, þá er hann sat í einrúmi í íbúð sinni í Sambandsstöðinni. En Sveinn hefur miðilshæfileika góða, sem jafnvel njóta sín bezt, þá er hann er einn og hlustar á góða hljómlist.

Þetta kemur þannig fram hjá Sveini, að hann finnur, að samband sækir á hann og skömmu síðar talast honum orð og setningar, sem hann ekki veit, hvað úr verður fyrr en talast hefur. Ritar Sveinn oft upp það, sem talast eins og eftirfarandi grein, sem Sókrates talaði Sveini fyrir skömmu.

Það eru engin smátíðindi, sem Sókrates segir frá og hvet ég menn til þess að lesa orð hans af athygli og hyggja vel að. Vil ég sérstaklega benda á, hvað Sókrates leggur mikla áherzlu á minningarnar. Hann kallar þær „lögmál vitundarinnar“ og eru það orð að sönnu. Öll upplifun lífandans raðast í minningasafni hans og það er úrvinnsla einstaklingsins úr minningasafninu fyrir tilstuðlan lífmagnarinnar, sem gefur honum þá lífsmynd (persónuleika), sem hver og einn öðlast í tímans rás. Minningasamböndin eru samhljómur vitundanna, forsenda hins skapandi vits, sem miðlar sér um veröld víða, sem skapandi kraftur fullkomnastur hér á jörð í ást elskendanna, sem er þó aðeins ofurlítið sýnishorn af þeirri ást, er ríkir manna á meðal, þar sem vel er lifað.

Einnig er nauðsynlegt að gefa gaum að því, sem Sókrates segir um nauðsyn þess, „að menn athugi vísindalega, hvernig samhugur skapast.“ Ætti hver og einn að íhuga vandlega, hvernig auka má með mönnum samhug. Sérstaklega ætti þátttakendum á sambandsfundum að vera slíkt kærkomið, þar sem árangur sambandsfunda er bein afleiðing þess samhugar, sem ríkir.

Háttvísi og virðing fyrir sambandsviðleitunni er heillavænlegur vísir að samhug og ekki má gleyma því, sem tillitssemi heitir, og menn ættu að temja sér á sambandsfundum, hver í annars garð.

Og gleymum því ekki, að við erum orkuleiðarar í sístreymi lífsorkunnar, orkuhnútar lífgeislans, og að gæfa okkar er fólgin í aukinni leiðni þess hluta straumrásarinnar, sem einstaklingurinn er.

(Sveinn:)

Sókrates, sæll.

Mjög mætti takast samband stjarnanna til guðanna fullkomlega. Það þarf að verða hver maður fullkomlega samstilltur öllum samstirningum sínum. Það þarf að magna fullkomlega mannkynið og samstillast þarf það guðunum. Það þarf að ná til þekkingar á guðunum, skilja hvar þeir eiga heima og hvernig möguleikar eru á að fullkomna sambandið við þá. Það þurfa heilar þjóðir að samstillast í sambandsþekkingu. Guðirnir eru lifandi, aðri mannkyn. Þeir eru stórkostlega furðulega magnaðir og stórkostlega vitrir og fagrir. Magnandi orku geta þeir veitt mannkynjum frumlífshuattanna. Sambandið mun magna hvern einn til lífs og þroska. Þó að enginn hér á hnettinum (eða fáir) skilji þetta samband, þá er það staðreynd.

Þetta mun takast fyrir þekkingu á eðli lífssambandsins í alheimi. Magnanin þarf að margfaldast. Og þarf að veita henni viðtöku af skynsamlegu riti og samhug.

Magnanin er þar sem er samstillingin sterk og vitið og samhugur samstillir við guðina. Það er stórlega mikið atriði, að menn athugi vísindalega, hvernig samhugur skapast.

Milli manna eru áhrif margvísleg lífsgeislunaráhrif. Þau áhrif í svefni og draumi er mjög nauðsynlegt, að verði skilin. Sambandsorkan er lífsnauðsýn einstaklingunum öllum. Hugurinn er viðtakandi magnanar og geislar orku sinni í fjarlægð.

Minningarnar eru lífinu samfara, minningarnar eru lögmál vitundarinnar. Minningarnar eiga sér rúm í vitundinni. Minningarnar byggja vitundina upp, og magnan vitundarinnar er magnan minninganna.

Þar sem vitundin geislar sér til fjarlæggra hnatta, byggir hún upp minningar viðtakandans. Minningarnar hafa kraft lífsgeislans. Minningasambandið magnast fyrir geilsans mátt. Minningarnar verða geislandi kraftur til annarra hnatta. Minningarnar eiga að lifa í alsambandi tilverunnar. Þær eru sambandsgeisli alls heimsins. Minningarnar gera samböndin vitsambönd.

Minningarnar stækka heiminn. Heimslögmál er samband vitundanna. Minningar óteljandi biljóna vitunda eiga að stillast saman. Úr mannsvitund skapast þá risaværin alvitund. Minningar einstaklingsins verða þá minningar alvitundar og minningar alvitundar einstaklingsins.

Óendanleg aukning vits og efnis, lífs og fegurðar heimslögmál. Guðirnir á stjörnunum geisla í mannshugann sínum áhrifum. Úr sérhverju heimshverfi hins óendanlega heims geislar sér magnandi kraftur.

Guðlegur kraftur skapandi vits leitar sambands hnattanna á milli. Heimsmagn er lífgeislum. Guðirnir beita sér vitandi vits, þeir láta vilid lýsa sér. Skapandi vit guðanna sigrar rangstefnur er verða.

Minningar guðanna samstilltar eru ósigrandi skapandi máttur. Máttur skapandi vits, sem geistar sér úr fjarlægð til þessara hinna ófullkomnu frumlífshnatta, kemur fram sem sú vera, sem hugsandi er þar. Vitgeislinn skapar sér þar lífsmynd.

Guðirnir sigrast á ófullkomleika frumlífsins, hefja það til fullkunnunar. Munur á fullkunnun manns og guðs er mjög mikill. Þó að þessi munur sé mikill, mun maðurinn eiga fyrir sér að komast á guðsstigið. Og möguleikar stórkostlegir eru samfara guðsstiginu. Og það er ekki meira að segja þá í þetta sinn, ég vil ekki þreyta þig lengur, vertu sáll.

Úr bókinni *Life in the Stars* eftir Sir Francis Younghusband.

Látum oss berast á vængjum hraðfleygs og athuguls ímyndunarafls um geiminn. Enda þótt mér sé það fullkomlega ljóst, að ég er illa útbúinn fyrir slíka ævintýraferð, þá veit ég það einnig, að biðum við alltaf eftir sérfræðingum með hinn fullkommasta útbúnað, þá yrði margt aldrei uppgötvað og em fleira biði rammsóknar miklu lengur en þörf væri á. Brautryðjandastarfið er venjulega unnið í einrúmi af fullhugum, sem treysta meir á hið sérstæða takmark sitt heldur en fullkominn útbúnað. Hinn áráðni könnuður kann að komast þar í gegn sem aðrir hlaðnir fyrirferðarmiklum vísindatekjum treysta sér ekki að fara um. Hann kann að sigrast á erfiðleikum með því að skeyta engu um hættur, sem gætnari ferðalangar myndu hræðast. skipulagðir hópar sérfræðinga fylgja honum ef til vill eftir, en harðgerðir frumkönnuðir verða að ryðja brautina og sýna fram á möguleikana.“

Bréf frá

SAMÚEL D. JÓNSSYNI:

Kæri ritstjóri!

Bréf hef ég fengið, þar sem bent er á, að P. J. á Úlfstöðum hafi skrifað í Félagsblað Nýalssinna 29. hefti um sama efni og ég í síðasta félagsblaði. Rekur hann þar tildrög sinnar greinar fróðlega og skemmtilega og vil ég hvetja alla til að lesa. Einnig vil ég gera grein fyrir aðdraganda minnar greinar eins og ég man réttast.

Kvöld eitt var ég staddur á heimili P. G. og þar var einnig P. J. á Úlfstöðum. Tal okkar var um sannleiksgildi Íslendingasagna. Sagði ég þeim, að

nýlega hefði ég lesið í Morgunblaðinu grein um þetta efni. Greinarhöfundur, því er ver ég man ekki nafnið, sagði að frásögnin um gosið í Eldborg eins og hún er sögð í Landnámu, hefði verið notuð gegn sannleiksgildi Íslendingasagna, þar til jarðfræðingur fann hraun frá söguöld.

P. G. náði nú í Landnámu og las umrædda frásögn.

„Ekki hefur verið til járnskip á jörðu hér á þeim tíma,“ sagði ég. Þá sagði P. J. eitthvað á þessa leið: „Líklega er þetta ný athugum og bendir eindregið til sambands við aðra jörð. Væri vel þess virði að skrifa um þetta. Gott væri, að þú gerðir það í félagsblaðið, annars hef ég víst skrifað um þetta sama efni áður.“

Ekki hafði ég mig í að skrifa nema eina litla grein, meðan P. J. var ritstjóri og þurfti til að koma hvatning frá núverandi ritstjóra til að ég ungaði út annarri ekki stærri.

Óskandi væri, að menn og konur létu óvanan ekki aftra sér í því, sem stutt gæti til framfara og skrifuðu í blaðið.

— — —

Gott væri, að þeir, sem athugasemdir vilja gera við ritgerðir annara, ræði þær opinberlega hér í blaðinu. Ef slíkar athugasemdir eru sendar og ætlaðar greinarhöfundu eingöngu, en hann þarf þó að svara í blaðinu, er hætt við, að lesendur átti sig ekki alveg á, um hvað er rætt. — Ritstj.

KOLBRÚN NORÐDAHL:

SITT AF HVERJU

Nú er margt á þrjónunum hjá okkur, margt segi ég, því að við erum svo fá, en vonandi er, að við komum einhverju til leiðar. Sérstakir tilraunafundir eru nú hafnir og gátu þeir sem vildu verið með. Ýmsar kvaðir fylgja þátttöku og er vonandi, að þessir fundir takist vel og hjálpi okkur til að ná betri árangri, efla sambönd og efla okkur félaga til áframhaldandi samstarfs og meiri samstillingar.

Til orða hefur komið, að hafnir verði fræðslufundir og ætla ég, að margir verði til að sækja þá, ef af verður.

Nokkrum sinnum hafa félagar verið beðnir um, að þeir tækju þátt í draumasafrni. Birtist grein um það efni í blaði útgefnu þann 10. 7. 1972. Ekki veit ég, hvort nokkrir hafa orðið við þeirri beðni, en gaman væri að heyra um það. Sérstaklega ef einhverjir hafa notað form það, sem upp var gefið í blaðinu.

Hulda Valdimrasdóttir sendi blaðinu bréf, þar Framh. á bls. 38

FRÁ GJALDKERA

Vaxandi skilningur íslenzku þjóðarinnar á nauðsýn Nýalssstefnummar er það, sem koma verður og koma skal. Starfsáætlun félagsins fyrir nýbyrjaðan vetur er áform um aukna einbeitingu félagsins að framgangi þessa háleita markmiðs. Mörg eru verkefni og margvísleg og mun hver og einn finna þar verk við sitt hæfi. Eitt atriði í starfsemi félagsins, sem með sannni má segja, að sé frumskilyrði allra annara starfa, vil ég hér minnst á. Þetta er tekjuöflun félagsins. Aukið starf, hvort sem um er að ræða útgáfu blaða og bóka, kynningar og útbreiðslustarfsemi með fundahöldum víðsvegar um landið, krefst aukinna tekna og því meiri tekna, sem starfið er umfangsmeira og öflugra. Félagið hefir engar aðrar tekjur, en þær, sem frá félagsmönnum koma í formi félagsgjalda, gjafa og áheita. Aukinn árangur af starfi okkar mun að vísu færa okkur marga nýja liðsmenn og þar með meiri tekjur í framtíðinni, en á hitt verður þó fyrst og fremst að líta nú, að þetta getur ekki orðið nema fyrir atbeina okkar, þessa fremur fámenna hóps, sem félag okkar er ennþá. Þau verkefni, sem við viljum, að félagið leysi af hendi á næstu misserum, verðum við að kosta sjálf. Í ársreikningum félagsins, sem birtir hafa verið í félagsritinu, má sjá, að innkomin félagsgjöld hafa aðeins numið 70-80 þúsundum

króna árlega undanfarin ár og hafa ekki gert betur en rétt duga fyrir kostnaði við rekstur félagsins. Fé til byggingar Sambandsstöðvar og til alls annars, sem félagið hefir eignast, hefir fengizt með samskotum, eins og kunnugt er. Þetta hlýtur svo að verða enn um sinn. Við verðum enn að treysta á skilning og örlæti félaganna í þessum efnun, ef við ætlum okkur að sækja fram til aukinna áhrifa. Þetta verða allir félagsmenn að gera sér ljóst og haga sér samkvæmt því.

Vil ég því beina þessum tilmælum til félagsmanna:

1. Þeir, sem enn skulda félagsgjöld þessa ára og fyrri ára. Gerið skil sem fyrst! Minnst um leið tilmæla félagsfundar um 1000 króna lágmarksgjald. Minnst þess jafnframt, að engin takmörk hafa verið sett fyrir því, hversu mikið megi greiða.

2. Sérhver félagsmaður ætti að íhuga, hvort hann hafi ekki ástæður til þess að láta enn meira af hendi rakna en hann hefir gert hingað til. Loforð um ákveðna fjárhæð árlega væru kærkomin. Einnig skyldu menn heita á félagið sér og sínum til heilla og hvetja aðra til hins sama. Við hljóttum að gera ráð fyrir, að gott muni reynast að heita á Félag Nýalssinna í framtíðinni. Ekki skulum við heldur efast um, að öllu fé sem inn kemur verið vel og skynsamlega varið. Og ekki efast ég um, að vel verði undir þetta tekið.

Með félagskveðju
Gjaldkeri

SITT AF HVERJU

Framh. af bls. 37

sem hún telur, að eigi að nota draumablaðið, þá fari til þess mikill tími. Væri líka ekki gott, að félagar sendu frásögn af draumum, sem þeir teldu á einhvern hátt merkilega eða bara skemmtilega? Aðrir þeir, sem hefðu svo betri tíma, færu þá eftir draumablaðinu. Auðvitað þurfum við að veita draumum okkar meiri athygli og rannsaka þá, því að með því að gefa þeim gaum veitist öllum auðveldara að skilja, þeir, sem vilja fá skilning á framlífi, verða að skilja draumsamböndin fyrst.

Á síðasta félagsfundi, sem haldinn var miðvikudaginn 4/10 voru allmargir félagar í stöðinni. Þar kom fram, að margt er það, sem okkur vanhagar um til að auðvelda starf það, er inna þarf af hendi við félagið. Ein úr okkar hóp bauðst þá til að gefa 1/3 af andvirði fjölritara, en áætlað er, að hann kosti um 10 þúsund krónur. Gamall en ónotaður fjölritari bauðst okkur til kaups og kemur hann að

góðum notum við tilraunafundina, sem að ofan er minnst á. Ég bað Kjartan Norðdahl að segja í ör-stuttu máli frá tilgangi og tilhögun fundanna og fer svar hans hér á eftir: „Aðaltilgangurinn með þessari 6 áfanga tilraun er að stuðla að framförum sitjaranna (stillanna). Með sem nánastri samvinnu við úrvinnzlu tilraunarinnar og æfingu í meðferð tekja félagsins, má búast við betri samstillingu og þá væntanlega auknu sambandsnæmi miðlanna.“

Í síðasta blaði var gerð grein fyrir fjármálum félagsins, svo að nú vitum við, að það sem á vantar, verður að koma beint frá okkur. Á fundinum kom til tals, að menn mynduðu með sér smá hópa til stuðnings ýmsum þeim málefnum, sem þeir hefðu áhuga fyrir. Við verum ekki mörg, sem venjum komu okkar í stöðina. Hvernig væri nú, að þeir sem telja sig féлага kæmu oftast til funda við okkur, t.d. á félagsfundina, sem eru fyrsta miðvikudag hvers mánaðar eða á hina hefðbundnu mánu-dagsfundi, sem eru sambandsfundir?

Kæru félagar látið nú ekki á ykkur standa, verið virkir þátttakendur í Félagi Nýalssinna!



FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Nr. 7 8/12 1972.

EFNI:

A. hluti.

*

ÁVARP

*

HEIMSÓKN?

*

DRAUMUR

*

HUGLEIÐINGAR

*

Prentsmiðjan
Bergstaðastræti 27
prentaði

ÁVARP

Til er kennslubók í skrift eftir Friðrik Benónísson. Þar eru stuttir kaflar úr verkum ýmissa höfunda, t. d. eftir Bólu-Hjálmar og Þorstein Erlingsson. Það kom mér skemmtilega á óvart að rekast þar á frásagnarkafli af Grænlandsför eftir Helga Pjeturss.

Nokkru seinna kom það einnig skemmtilega á óvart er í hendur mér barst náttúrufræðitímaritið Týli, sem gefið er út á Akureyri, að sjá þar tveggja síðna minningargrein um H.P. Upphaf greinarinnar er á þessa leið: „Síðla á 19. öldinni hefst það sem kalla mætti *annað blómaskeið íslenskra náttúruvísinda*, sem þá höfðu sofið á líka lengi og Þyrnirósa forðum, þ. e. í næstum heila öld. Á tuttugu ára tímabili, frá 1855 til 1875 fæðast sex menn, sem báru þetta blómaskeið uppi, þeir Þorvaldur Thoroddsen, Ólafur Davíðsson, Stefán Stefánsson, Bjarni Sæmundsson, Helgi Jónsson og Helgi Péturs. Allir urðu þessir menn brautryðjendur í fræðigreinum sínum, svo kalla má þá höfunda íslenskrar náttúrufræði, eins og við nú þekkjum hana.“

Síðan er farið fljótt yfir námsferil, rakin helztu atriði jarðfræðirannsókna Helga og minnst á helztu ritgerðir hans um jarðfræði.

Höfundur greinarinnar, Helgi Hallgrímsson ritstjóri tímaritsins, snýr sér næst að heimsfræði dr. Helga: „Eftir 1910 beinist hugur Helga frá jarðfræðinni til þess sem hann áleit miklu mikilvægara, en það var að skýra samband

og samstillingu lífveranna í alheiminum. Í þessu efni taldi hann sig hafa gert meginuppgötvanir, sem nauðsynlegt væri að koma á framfæri. Fyrsta rit hans um þetta efni og jafnframt grundvallarrit um þau fræði, kom út árið 1922 og nefndist *Nýall*. Þar setur Helgi fram þær kenningar, að líf hljóti að vera á óteljandi jarðstjörnum geimsins, og ekki bara ófullkomið líf, heldur hljóti það víða að vera komið mun lengra í átt til fullkomunar en hér á jörð, og meginatriði sé fyrir okkur, að ná sambandi við þessar fullkomnu verur, en sambandið telur hann að náist einkum í svefni eða gegnum miðla. — Þannig gefur Helgi jafnframt einfalda og eðlilega skýringu á því fyrirbæri, sem kallast draumar, og menn hafa lengi glímt við að skýra, en oftast án árangurs.

Í þessum nýstárlegu rannsóknum, kemur enn fram sú meðfædda skarp-skyggni Helga Péturss, að draga einfaldar og eðlilegar ályktanir af því sem hann heyrir eða sér, eða á annan hátt verður var við. Kenningar Helga eiga því ekkert skylt við dulfræði, annað en viðfangsefnið, sem er að nokkru leyti það sama. Ein af síðustu ritgerðum Helga bar nafnið *Vísindi í stað trúar og vantrúar*. Helgi var vísindamaður til dauðadags, trúr hinni vísindalegu aðferð, þótt honum entist ekki aldur til að færa óyggjandi sönnur á kenningar sínar. Slíkt hefur fleiri hent, sem þó teljast miklir í heimi vísindanna, og nægir þar að nefna spekinginn *Albert Einstein*. Allar tilraunir til að lítilsfrámh á bls. 4

HEIMSÓKN?

Mig hefir lengi langað til að vekja athygli á því, að nauðsynlegt er að skapa og viðhalda skilnings og sambúðar sambandi við þá sálarrannsóknamenn. Þetta eru samherjar okkar, þótt ekki troði þeir sömu slóð og má í því sambandi minna á orð dr. Helga Pjeturss í Nýal bls. 31: „Af öllu því, sem ég hefi séð um þessi efni, eru athuganir Swedenborgs fróðlegastar“ og bls. 65: „Swedenborg, sem var eins og til hliðar við Brúnó,“ eins segir hann í Ennýal á bls. 198: „Það hefði mátt fá sér auðveldara starf en að koma fram þessu máli, sem ég hefi vikið hér að, og hefi ég haft góðar ástæður til að læra að meta með þakklæti, allt það, sem ég hefi á einhvern hátt haft stuðning af í þessari viðleitni minni. Verð ég þar að telja mjög framarlega, bókmenntir spíritista. Í þeim bókmenntum kemur nefnilega svo oft og greinilega fram, þegar vel er rannsakað og borið saman, að líf það eftir dauðann, sem þar segir frá, er slíkt sem ég segi, en ekki líkamalaust líf í hinum auða helkalda geimi milli stjarnanna, eða utan við hina 3 höfuðvegi (dimensjónir) rúmsins.“ Með þetta í huga ætla ég nú að birta hér frásögn, sem mér þykir mjög athyglisverð og sýna einkar ljóst, hvað dr. Helgi átti við með því að segja að sumar frásagnir í spíritistabókum væru fróðlegar mjög — og gagnlegar.

Þetta er þýddur kafli úr bókinni „How spirits communicate,“ sem var samin á árunum 1924—1925. Höfundur er G. Vale Owen, sem var (og er) mjög þekktur og ágætur spíritista-rithöfundur. Þess má geta að bókareintak þetta var í einka-eigu prófessors Haralds Nielssonar.

Á bls. 37 er kafli, sem ber heitið „The Heavenly life“ og hefst þá þýðingin:

„Lífið á himnum“

„All-nákvæmar lýsingar eru til á landslagi og byggingarháttu í andaheiminum. Sumar þeirra minna á ákveðna kafla í Opinberunarbókinni. Sagt er frá, að vatnið í sumum fljótunum og lindunum hafi þann eiginleika, að gæða þá, sem þess neyta eða baða sig úr því, auknu lífsaflí. Tré, blóm og aðrar jurtir eru svo næm fyrir hugsunum og lífi fólksins, að engu er líkara en þau búi yfir tilfinningum, eða jafnvel e-u enn meiru. Þau mega því með réttu kallast — líf-tré.

Einnig byggingarnar verða fyrir áhrifum af

hugarfari þeirra, er þau hafa byggt og í þeim búa. Vegna þess, að efnið í andlega heiminum er eðlislega fíngerðara en efnið á vorri jörð.

Ég held mér geti tekizt að gefa lesendum mínum ofurlitla hugmynd um feegurð himna-lífsins. með því að endursegja frásögn framliðins vinar míns á mjög sérstæðum viðburði, sem hann varð persónulega vitni að, er hann átti erindi til þessa staðar . . .

Reynum, stutta stund, að ímynda oss að vér séum horfin héðan af jörð, eins og fyrir oss öllum liggur fyrir eða síðar, að vér séum framliðnir gestir, og virðum fyrir oss það, sem fyrir augun ber.

Án alls óþarfa erfiðis og óþæginda, erum vér komin, neðan frá láglendi, upp á tind fjalls nokkurs. Þar verður fyrir oss undrafagurt musteri. Vér nálgumst það frá bakhlíð þess, en einnig þaðan séð er það mjög fallett. Oss langar ákaflega að fara inn í musterið, en þar sem vér eigum ákveðið erindi að framhlíð þess, höldum vér áfram fram með því hægra megin, og er vér komum fram fyrir það, lítum vér til vinstri yfir svæðið framan við musterið.

Gríðarstór pallur breiðir úr sér frá fordyrimu, og nær brún hans alveg yzt fram á þverhniptan hamravegginn. Og þarna ofan frá brúninni virðum vér fyrir oss landið fyrir neðan.

Vér sjáum hvernig hlíðar fjallsins teygja úr sér til beggja handa og mynda þannig breiðan dal. Í dalnum er stór borg. Garðar og skóglendi ná þar yfir stór svæði og víða getur að líta ár og læki, ásamt áveituskurðum og lysti-tjörnum. Eins sjáum vér, milli trjáa- og blómagarða, hús og hallir — og einnig musteri, sem þó jafnast ekki á við Musterið mikla uppi á fjallstindinum. Breiðgötur liggja um alla borgina og hér og þar eru torg með gosbrunnum, sem þeyta upp yfir sig allavega litum vatnsúða. Þvert fyrir mynni dalsins við fjarri hluta borgarinnar er byggður mikill íhvolfur borgarveggur, sem snýr boghlíðinni að vatni miklu, sem er það stórt, að hin fjarri strönd þess rétt sézt út við sjóndeildarhring. Ofan á veggnum endilöngum er þéttskipað fólk, sumir eru að tala saman, aðrir halla sér fram á brjóstrið garðsins og skyggjast yfirum vatnið. Götur og torg eru einnig troðfull af fólk, sem allt er klætt léttum klæðnaði og í alla vega litum. Allir eru á þönum hingað og þangað að því er virðist, en þó sjáum vér, að langmestur hlutinn gerir annað tveggja að þokast í áttina að brjóstvirki borgarinnar eða klifra upp á þök húsa, þ. e. reyna að ná sem beztum útsýnisstað. Það er greinilegt á öllu, að einhver hátíðarviðburður er í aðsigi, og vér munum brátt sjá hver hann er.

Lengst í fjarska, og hátt á himni tekur að myndast ský, fjólublátt á lit. Þegar það nálgast, sést, að það er allt á hreyfingu, og er það nálgast enn meir, sjáum vér hvernig hin ýmsu form þess skýrast betur og betur og þar kemur, að vér fáum greint að þarna er á ferð geysistór hópur æðri vera, sem koma frá órafjarlægum heimi (sphere). Þeir hreyfa sig fram og aftur umlukta þessu skínandi ljósi, sem stöðugt heldur hinni hnattlaga lögun sinni á ferðinni áfram gegnum geim-djúpið. Þarna eru menn á reiðskjótum, gangandi menn, konur og skrautvagnar, allt í einni dásamlega samræmdri heild í tindrandi ljósadýrðinni. Líf-hnöttur þessi varpar framundan sér og í allar áttir marglitu geislaskini, en mest ber á lit hans eigin heimkynna, sem er fjólublár.

Meðan verurnar eru enn í fjarska, sem nemur milljónum mílna á jarðneskan mælikvarða, verður vart hreyfingar handan og innan borgarinnar. Gagntekið hrifningu snýr fólkið sér við í þá áttina og annað fagurt fyrirbæri mætir sjónum manna. Í aðalfordyri Musterisins mikla á fjallinu birtist stór hópur engla, sem raða sér fram á pallinn. Þeir heyra til Félagi musterisbúa, en það eru menn, sem lengra eru komnir í hreinleika og fegurð, en meginþorri borgarbúanna sem hafa safnast saman í borginni fyrir neðan fjallið. Förlingi þeirra gengur nú fram og tekur sér stöðu framan við hópinn. Allir snúa þeir ásjónu sinni í átt til skýsins fjólubláa, sem stöðugt nálgast. Og nú, við merki frá förlingjanum lyfta þeir höndum og horfa hátt til himins og byrja að syngja, þeir syngja dýrðaróð, sem ætlaður er Alföður, eða honum, sem nefndur er hin æðsta vera.

Og sem þeir syngja þarna taka þeir að lyftast hægt og hægt frá jörðu og þeir rísa upp til himins og um leið fær hópurinn á sig sömu hnattlaga lögunina og hinn stærri hópurinn uppi yfir vatninu. En frá þeim síðarnefndu fer nú að heyrast hljómur, sem gæti minnt á tónrænt suð óteljandi býflugna. Eftir því sem þeir færast nær, kemur æ greinilegar fram ákveðin hrynjandi í tónastefi þeirra, og orð fara að heyrast, orð, sem tjá fögnuð þeirra og þeir heilsa fólkinu, sem saman er komið til að taka á móti þeim. Þessir tveir geislandi líf-hnettir nálgast hvor annan og þeir mætast á lofti, blandast saman og þokast síðan í áttina inn yfir borgina.

Hinn framliðni vinur minn lýkur frásögn sinni þannig: „Þó að ég segði, að dýrðarljómi viðburðar þessa meðan líf-hnettirnir voru enn aðskildir, væri tíu sinnum meiri en mér tókst að lýsa, hvernig á ég þá að koma orðum að því, sem við tók, er þeir mættust og sameinuðust. Öll himinhvelfingin breyttist í hina dásamlegu ljósadýrð, þar sem þús-

undir vera þutu um loftið, ásamt mörgum tegundum dýra, og vagnar, fagrir vagnar, af ótal gerðum, og fánar og margt og allt, sást í þessum tindrandi, skínandi ljósa- og litaheimi, og raddir bárust oss, sem minntu á hina fegurstu hljómlist, og allt var þetta á hreyfingu í þessum undursamlega blóm-fjólubláa himinheimi fyrir ofan oss.“

Lítill vafi er á, að hér er verið að lýsa heimsókn milli hnatta og það stórfenglegri. Vafasamt er, að höfundur hefði tekizt að lýsa þessum viðburði á þennan hátt, ef ekki væri um aðsenda vitneskju að ræða. Allt er svo líkamlegt og fagurlega ljóst í lýsingu þessari, að auðséð er að um sterkt vitsamband hefur verið að ræða, er höfundur ritaði þessa lýsingu ósjálfrátt. Einnig kemur fram sú hugsun að hér sé um mjög fjarlægán atburð að ræða og eru nefndar milljónir mílna. Auk þess má sjá, að samfara atburði þessum eiga sér stað fjarsýnir, því hvernig ættu menn annars að „sjá“ menn og dýr í líf-hnettinum, enda þótt hann sé enn í órafjarlægð? En einmitt það *órókrétta*, sem þó er látið fylgja með í frásögninni, sýnir betur en flest annað, að höfundur reynir aðeins að skýra rétt frá eins og honum berst vitneskjan, en ekki (eins og sumir) að leiðrétta og útskýra eftir eigin skoðun. Þetta gerir frásögnina að öllu leyti sannverðugri.

DRAUMUR

Mig dreymdi að ég væri staddur á einhverskonar sambandsfundi. Í þann mund er líkamningur er að myndast verð ég var við að til mín hugsar maður, sem staddur var þar á fundinum, heldur illilega og jafnframt stend ég sjálfan mig að því að hugsa ekki vel til hans. Þessar hugsanir okkar hafa þau áhrif á líkamninginn að hann verður mjög illilegur og reynir að ná á mér taki nokkru er mér þótti óhugnanlegt. Ég varð hræddur, en þó ekki ofsahræddur, enda vissi ég að ef hræðslan næði tökum á mér, hefði það mjög magnandi áhrif til ills á líkamninginn. Stóð nú keppni milli mín og manns þessa sem áður er nefndur. Beitti hann heiftugri haturshugsun, en ég reyndi að hugsa vel til líkamningsins og mannsins. Fór svo að ég hafði betur, enda finnst mér að ég hafi í draumnum haft traust meiri hluta fundarmanna.

Eftir því sem mér tókst betur að hugsa með hlýhug til andstæðings míns og líkamningsins, frikkaði sá síðarnefndi og varð að lokum einn sá fallegasti maður sem ég hefi sé (og fundið) og þó var vöxtur og andlitsfall hans ekki eins og ég er vanur, þ. e. af öðrum kynstofni.

Eftir að hinar illu hugsanir sem um hríð höfðu mátt sín nokkurs, voru á bak brotnar, var líkamningurinn mér afar þakklátur af þeirri ástæðu, að mér skildist, að hann taldi mig hafa bjargað sér frá því að verða illmenni. Mér virðist nú, þegar ég rifja upp þennan draum, sem líkamningurinn hafi verið sem blaktandi strá og hafi ekki nema að litlu leyti getað ráðið mynd sinni og innræti sjálfur, en átt allt undir hug og samstillingu fundarmanna.

Fundarmenn, þeir er oft eru nefndir sitjarar, stóðu á meðan ofangreindir atburðir áttu sér stað.

Haukur.

Elsa G. Vilmundardóttir:

Hugleiðingar að loknu erindi Þorsteins Þorsteinssonar, lífefnafræðings 18. 11. '72

Það er langt síðan ég hef skemmt mér jafn vel og s.l. laugardag við að hlýða á erindi Þorsteins Þorsteinssonar. Þar gerði hann grein fyrir því sem vitað er um uppruna lífsins á jörðunni. Hann gerði það á þann skýra og einfalda hátt, að allir máttu skilja meginatriði málsins. Að baki þessarar vitneskju liggur margra áratuga starf fjölmargra manna og er hinum flóknustu tækjum og reikningskúnstum beitt við rannsóknirnar og eru þær aðeins á færi manna með góða greind og langa þjálfun í vinnutækni þeirri er beita þarf. En það skemmtilega við þetta er, að mögulegt er að gefa okkur hinum hlutdeild í þeirri vitneskju, sem aflað er á svo flókinn og fyrirhafnarsaman hátt og það er meginástæðan til þess að ég finn hjá mér þörf til að skrifa þessar línur. Þetta sem ég sagði um líffræðilegar rannsóknir á einnig við um rannsóknir á öðrum sviðum náttúruvísinda. Þær krefjast mikillar sérþekkingar og starfsþjálfunar og flókinna vísindatækja, en niðurstöðurnar má bera þannig fram, að allir megji skilja og draga af lærdóma nokkra.

Ég held að fátt sé okkur nauðsynlegra en að átta okkur á þeirri veröld, sem við lifum í og okkur sjálfum. Við sem erum í Félagi Nýalssinna erum þar vegna þess, að við höfum hrifizt af hugmyndum dr. Helga Þjeturss um heiminn og lífið, tileinkað okkur þær að meira eða minna leyti og lagt þær til grundvallar lífsskoðun okkar. Nú eru kenningar hans þess eðlis, að þær hljóta að vekja með okkur þekkingarþorsta, sem við reynum að fá svalað eftir því sem tök eru á. Öll svið mannlegrar

þekkingar og þekkingarleitir koma okkur við, sem byggja fremur á vísindum en trú.

Ég vildi óska þess, að við gætum komið á reglubundinni fræðslu um helztu svið mannlegrar þekkingar á líkan hátt og Þorsteinn fræddi okkur. Við gætum svo reynt að bæta við þá þekkingu, sem þannig fengist eins og bezt væri kostur á. Með dálitinn þekkingarforða innanborðs værum við svo betur fær um að átta okkur á lífinu og tilverunni — og hugmyndum dr. Helga þar að lútandi. Það vantar svo tilfinnanlega einn þátt til þess að tengja megji saman kenningar Helga og þekkingarforða nútímans, en það er úttekt á helztu nútíma þekkingaratriðum og kenningum Helga. Óbrúað bil er þarna á milli og engum var þetta betur ljóst en Helga sjálfum ef marka má orð hans í greininni Móti Straum VII kafla: „Enginn hefir á undan Íslendingi skilið, að það sem menn hafa haldið, og halda, líf í goðheimi og andaheimi, er lífið á öðrum hnöttum. Ég veit með fullkominni vissu að svo er, og mun sýna það með tilraunum, þegar ég fæ menn til að vera mér samtaka og haga tilraunum rétt“. Það er munur á því að vita sjálfur með vissu, að eitthvað sé rétt og geta sannað það á óyggjandi hátt fyrir öðrum.

Það ætti að vera okkar takmark öðrum fremur að reyna að styrkja undirstöður kenninga dr. Helga og reyna að vekja áhuga þeirra sem fást við ýmis konar rannsóknir að nota þær sem vinnukenningar (working hypothesis). Þá fyrst fengju þær þá meðferð sem nauðsynleg er til að þeim opnast leið til viðurkenningar.

ÁVARP

framhald af bls. 39

virða kenningar Helga Þéturss á sviði líffræðinnar, hljóta því að vitna um það eitt, að þeir sem það gera, hafa takmarkaðan skilning á eðli vísinda og væri sæmzt að koma þar hvergi nærri.“

Að lokum er minnzt á ritfærni Helga og bent á að vísindamenn nútímans geti af honum lært.

Rit þetta er gefið út af Bókaforlagi Odds Björns-sonar í samvinnu við náttúrugripasöfnin á Akureyri og Neskaupsstað. Ritið er ætlað almenningi og fræðimönnum og á að vera „tengiliður náttúrufræðinga og almennings, möguleiki beggja til að skapa virkt samstarf.“

Þetta er hlýlegt rit og ágætt eftir því sem ég hef vit á að dæma um. Og það veit vissulega á gott þegar svo eðlilega er fjallað um kenningar Helga Þjeturss eins og gert er í þessari grein. Ég óska Týli góðs gengis.

Ritstj.

KJARTAN NORÐDAHL:

KENNINGAR HELGA PJETURSS OG ÞRÓUN STJARNFRÆÐILEGRAR HUGSUNAR

*Rétt er að benda á, hve mjög það má nota sem
malikvarða á sannleiksgildi uppgöttrana, að
hve miklu leyti þær veita nýja útsýn, leiða í
ljós nýja möguleika til að auka þekkingu.*

Dr. Helgi Pjeturss.

Það er ekki ólíklegt, að tómlæti manna gagnvart kenningum dr. Helga Pjeturss muni valda fræðimönnum framtíðarinnar miklum heilabrotum. Að vísu voru kenningar hans (og hugsanir yfirleitt) langt á undan samtíð sinni, en nú eru liðin yfir 50 ár frá því fyrst hann bar þær fram, svo að menn hafa haft ekki lítinn tíma til að velta málinu fyrir sér og bera saman við það, sem áunnizt hefur í vísindum síðan.

Það mun einhvern tíma þykja ótrúlegt, að rúmlega hálfri öld eftir að dr. Helgi Pjeturss fyrst bar fram kenningar sínar, er enn ekki farið að bóla á neinum verulegum skilningi á þeim (þ.e. hérlandis). Er þetta næsta óskiljanlegt, þegar á það er litið, að mjög margt af því, sem áunnizt hefur í hinum ýmsu vísindagreinum á þessu tímabili, er eindregið til stuðnings kenningum dr. Helga, en ekki á móti. Það, sem liggur beinast við að nefna, eru framfarir í: Stjörnufræði, draumarannsóknun og fyrirburðafraedi (parasálfræði), jarðfræði og líf-eðlisfræði. Ég ætla hér fyrst og fremst að sýna fram á þær breytingar í stjörnufræði, sem rակleitt leiða menn til kenninga dr. Helga.

Eins og flestum er kunnugt, sem á annað borð hafa heyrt dr. Helga Pjeturss getið, þá var það lífsambandið milli hnatta, sem hann vildi fá menn til að uppgötva með sér. Hafði áratuga rannsóku hans á eðli svefnis og drauma leitt hann til þessarar uppgötvunar og þar með mun meiri skilnings á eðli lífsins og allrar tilveru. Vildi hann innleiða alveg nýtt orkuhugtak, sem hann kallaði *lífgeislun*. En til þeirrar orku taldi hann mega rekja orsök og upphaf alls lífs hér á jörðu, sem og annarra líkra jarðstjarna alheimsins. Áleit hann meir en mögulegt, að kynnu menn að hagnýta lögmál lífgeislanar, þá mætti ná fjarsambandi við lengra komna íbúa annarra hnatta. Vildi hann gera tilraunir til þess hér á landi, en sagði að skilyrði þess að vel gæti tekizt væri, að nógu margir hefðu skilning og traust á tilrauninni. Nefndi hann í því sambandi um tíu þúsund menn.

Hér er nauðsynlegt að minna menn á annað samband, sem nær hnatta í milli og enginn efast um, en það er aðdráttarsambandið. Væri skilningur

MENN og SKOÐANIR

manna á heiminum ólíkt ófullkonnari, ef ekki hefði uppgötvað verið þetta stórkostlega heimslögmál. En alveg eins og var með aðdráttarsambandið, þá er eins með lífsambandið, að menn hafa það daglega fyrir augum án þess að átta sig á því. Alveg eins og Newton spurði sjálfan sig að því, af hverju eplid þyrfti endilega að falla til jarðar, þá spurði Helgi Pjeturss, hvers vegna endilega þyrfti að sofa og dreyma. Og í eðli svefnis og drauma fann hann lögmálið um samband lífsins í alheimi.

En hvað segja þá hin viðurkenndu vísindi um líf í alheimi? Samanburður á afstöðu stjörnufræðinga á dögum dr. Helga og stjörnufræðinga nú á dögum til þeirrar spurningar, hvort líf sé á öðrum hnöttum og hvort unnt sé að ná sambandi við hugsandi verur úti í geimnum sýnir fljótlega, að breyting hefur átt sér stað, sem jaðrar við byltingu.

TÍMABILID FRÁ ALDAMÓTUM OG FRAM UNDIR LOK SÍÐARI HEIMSSTYRJALDAR

Upp úr aldamótunum 1900 fór að þróast sú skoðun meðal stjörnufræðinga, að sólkerfi vort hefði myndast á þann hátt, að framandi sól (stjarna) hefði komið svo nálægt sól vorri, að vegna aðdráttaráhrifa hefði hún dregið út frá sólinni efnisöldu, sem síðan hefði tekið að hverfa í kringum sólina og orðið að reikisstjörnum, en hin stjarnan haldið áfram leið sinni. Þessa kenningu um uppruna sólkerfis vors gerði hinn kunnri brezki stjörnufræðingur Sir James Jeans (1877-1946) fræga mjög. Gerði hann á henni ýmsar endurbætur og rökstuddi svo rækilega, að kenningin festi rætur og varð að lokum alveg ríkjandi meðal stjörnufræðinga allt fram undir lok síðari heimsstyrjaldar.

Það þarf varla að taka fram, að auðvitað voru stjörnufræðingar á þessum árum ekki sammála í einstökum atriðum um þessa flóðbylgjukenningu (tidal theory), sem svo hefur verið nefnd. Sumir héldu því fram, að aðkomustjarnan hefði rekizt á sólina, aðrir að sólir hafi verið tvístirni og aðkomustjarnan rekizt á aðra sólina o.s.frv., en aðalatriðið er, að reiknað var með nálgun eða árekstri stjarna í geimnum og það er mergurinn málsins.

Það liggur í augum uppi, hve skoðanir stjörnufræðinga á uppruna sólkerfis vors eru þýðingarmiklar, er ræða skal um líf á öðrum hnöttum. Hvað þýðir t. d. að tala um íbúa annarra hnatta, ef

fremstu stjarnfræðingar jarðarinnar halda því fram, að sólkerfi slíkt sem vort, sé svo sjaldgæft í alheimi, að vel geti verið, að það sé það eina í allri Vetrarbrautinni, enda þótt hún telji um eitt hundr- að þúsund milljónir sólna? Eitt dæmi nægir alveg til að skýra hvað átt er við. Einn þekktasti stjörnufræðingur síðari ára, Sir Bernard Lovell, segir svo í bók sinni „The Individuel and the Universe“:

„Á hinum skoðanamyndandi árum lífs míns olli þetta mér engum heilabrotum (þ.e. spurningin um líf á öðrum hnöttum, innsk. mitt). Mér var annars vegar kennt, að vér varum einstakir (unique) og hins vegar, að sólkerfi vort hefði rifnað út frá sól- unni samkvæmt flóðbylgjukenningu Jeans. Um eng- an skoðanaágreining var að raða vegna þess, að sá alburður, að önnur stjarna kæmi nægilega ná- lægt sól vorri til að orsaka slíka efnislosun, hlaut að vera mjög sjaldgæfur. Þó að sólin vari aðeins ein af hundræð þúsund milljónum sólna í vetrar- braut vorri og enda þótt margar milljónir slíkra vetrarbrauta vari til, þá gátu stærðfræðingarnir sýnt fram á, hversu fjarskalega sjaldgæft það vari, að nokkrar tveir stjörnur nálguðust hvor aðra nægilega til að orsaka flóðbylgju þá, sem kenning- in krafðist. Hið einstaða við sólkerfi vort og oss sjálf var þess vegna engum vafa bundið.“

Af þessu geta menn ráðið, að ekki hefur verið árennilegt fyrir dr. Helga að halda fram kenning- um sínum, sem alls ekki voru í samræmi við ríkj- andi skoðanir stjörnufræðinganna. Og ekki er bein- línis að undra, þótt menn hafi tekið mál hans fá- lega á þessum árum, þegar á þetta er litið. Ef menn áttu að trúá stjörnufræðingunum, þá hlaut allt tal um líf á öðrum hnöttum að vera hálfgerð markleysa, þar sem líkurnar á myndum sólkerfa voru alveg hverfandi litlar. Þetta er skiljanlegt. En í meira lagi undarlegt er það, að menn skuli enn- þá ekki finna neina hvöt hjá sér til að endurskoða málið nú, þegar afstaðan er gjörbreytt og hver ein- asti meiriháttar stjörnufræðingur fullyrðir, að yfir- gnæfandi líkur séu á því, að fjöldi byggðra hnatta sé því sem næst óteljandi. Lítum nú á, hvað valdið hefur þessari skoðanabreytingu.

TÍMABILIÐ FRÁ SÍÐARI HEIMSSTYRJÖLD- INNI OG FRAM Á ÞENNAN DAG

Við upphaf þessa tímabils er staðan þannig breytt, að flóðbylgju- og árekstrakenningunum hafði alveg verið hafnað vegna ósamræmis milli stærðfræði og staðreynda. Þeirra í stað fóru hinar gömlu stjörnuþokukennningar Kants og La place að birtast í nýjum búningi aukinnar þekkingar.

Árið 1945 setti Carl von Weizsäcker frá Þýzka- landi fram þá kenningu, að sólin hefði safnað að sér geimefni við að fara í gegnum stjörnuþoku eða svæði, sem innihélt lofttegundir og geimryk. Þegar

svo sólin hafi komið út úr þessu svæði eða stjörnu- þoku, hafi hún verið hulin þunnum efnishjúp, sem orðið hafi að eins konar diskлага skel, er að lokum hafi þétzt í reikistjörnur.

Aðrar og nýrri kenningar gera ráð fyrir, að hin- ar geipiviðáttumiklu stjörnuþokur þéttist smám saman í hundruð eða jafnvel þúsundir sólna sam- tímis. Reikistjörnurnar myndist svo við það að geimagnirnar, sem sólinnar safna að sér, byggist upp saman (accretion). Rannsóknir, sem gerðar hafa verið á samsetningu og uppbyggingu loft- steina (meteorites), styðja þetta eindregið. Ýmis önnur afbrigði eru til af þessari kenningu, sem er kölluð stjörnuþokukenningin (Nebular hypothesis), en aðalatriðið er, að það er sama hvert afbrigðið er réttast, niðurstaðan verður alltaf sú, að myndun sólkerfa sé reglan en ekki undantekningin.

Rétt er að geta þess, að stjörnufræðingar telja sig geta sannað tilveru reikistjarna annarra sól- kerfa í nokkrum tilfellum með óbeinum aðferðum. Byggjast þær í einföldu máli á því, að súnist stór reikistjarna (þ.e. jörð) kringum tiltölulega efnis- litla sól, þá eigi aðdráttaráhrifa frá reikistjörnunni að gæta á eigin hreyfingu sólarinnar, en þetta hafa þeir einmitt fundið og er dæmið um Barnard- stjörnuna þekktast. Með því að rannsaka frávik á eigin hreyfingu stjörnunnar hefur P. van de Kamp og samstarfsmönnum hans við Sproule stjörnu- athuganastöðina í Bandaríkjunum tekið að sanna, að stjarnan hefur ósýnilegan fylgihnött, sem er að- eins 1.6 sinnum stærð Jupiters og er Barnard- stjarnan þar með fyrsta fjarlægja stjarnan, sem sannað er, að hafi reikistjörnu, sem er sambærileg að stærð við þær, sem finnast í voru eigin sólkerfi.

Þetta breytir öllu og er ekki ófróðlegt að vitna aftur til hins heimsþekkta stjörnufræðings Sir Bernards Lovells og sjá, hvernig hann hefur eðli- lega breytt um skoðun hvað varðar líf á öðrum hnöttum, frá því sem hann áður hafði. Árið 1968 birtist viðtal við hann í danska fréttablaðinu Poli- tiken, en þar segir hann orðrét: „Á öðrum hnött- um utan sólkerfis vors eru til háþróaðar verur. Sumar eru nokkrum hundruðum árþúsunda á und- an oss, aðrar svo skiptir milljónum ára. En annars staðar er þróunin komin skemmra á veg en hér og kunna þeir, sem þar eru, að standa á líku stigi og forfeður vorir, sem meira líktust öpum en mönn- um. En svo munu vera til þeir hnöttir, þar sem við- búið er geryðingu svo sem hér gæti orðið af völd- um retnissprengjunnar og annarra voðavopna.“

Svo mælir Sir Bernard Lovell, framkvæmdastjóri Jodrell Bank stjörnuathugunarstöðvarinnar í við- tali: „Ég efast ekki um, að þetta, sem ég var að segja, er salt og rétt,“ sagði hann við mig. — „Ég veit, að margir af fremstu vísindamönnum víða um heim hafa komið að sömu skoðun á síð-“

ustu árum. Þeir eru sannfærðir um, að til séu víða í alheimi vorum miklu fremri ljóðir en nokkrar, sem þessa jörð byggja — og enn aðrar, sem standa oss langt að baki“. Við sitjum saman saman í vistlegum gestasal á heimili hans í grennd við Jodrell Bank stofnunina, þar sem hin risastóra útvarpsstjörnusjá bendir til himins. Hann mælir af mikilli rósemi, þessi ágæti vísindamaður, er hann gerir grein fyrir því, hvernig hann komst á þessa stór- nýstárlegu skoðun.“

Já, „stór-nýstárlegu skoðun“ segir í greininni. Hvað skyldu margir Íslendingar hrökkva við, er þeir lesa þetta? Hér var dr. Helgi áratugum saman að reyna að fá menn til að skilja einmitt þetta — og meira til. Hann sýndi fram á með vísindalegri rökleiðslu, að unnt væri að ná fjarsambandi við íbúa annarra hnatta. Þarf að bíða eftir því, að einhver ágætur erlendur vísindamaður komist á þá stór-nýstárlegu“ skoðun, að unnt sé að hafa samband við þessa bræður vora á öðrum hnöttum, áður en menn fást til að sinna þessu — hér á landi?

Til þess að taka af allan vafa um skoðanir stjörnufræðinga og annarra vísindamanna nú á dögum má minna á ráðstefnu þá, sem haldin var í Bjurakan í fyrrahaust (1971) (Bjurakan er stjörnuathugunarstöð, sem staðsett er í hlíðum Ararat-fjalls í Armeníu), en frétt um þetta birtist í sovétzka fréttablaðinu Izvestia undir fyrirsögninni: „Alþjóðaráðstefna um tengsl við siðmenningu á öðrum hnöttum.“ Í greininni segir meðal annars: „Á ráðstefnunni í Bjurakan hittust frægir stjarnvísindisfræðingar, stjarngeislafræðingar, teoretískir eðlisfræðingar og líffræðingar frá Sovétríkjunum, Bandaríkjunum, Bretlandi og fleiri löndum. Í umræðunum tóku cinnig þátt mannafræðingar, sagnfræðingar, félagsfræðingar og fornleifafræðingar — hlutlagni og nákvæmni einkenndu allar raður og erindi á ráðstefnunni, sem báru vott um vakilegan undirbúning. Áheyranda gat virzt, að hér væri ekki verið að fjalla um fjarlægjar vetrarbrautir og óþekktar heima, heldur gasleiðslur eða vegagerð . . . Síðasta degi ráðstefnunnar var varið til að semja fyrstu áætlun mannkynsins um skipulagða leit að viltmunaverum í geimnum í þeim tilgangi að ná sambandi við háþróaða menningu úti í alheiminum. Umræður um einstaka líði þessarar áætlunar sannfarðu mann enn frekar um það, hve þýðingarmiklar afleiðingar fyrir framtíð jarðarbúa það gæti haft að ná sambandi við „viltmunigeimsins“. Menning vor hlýtur cinnig að vera girnileg til fróðleiks í augum íbúa annarra vetrarbrauta.“

Það er sem sagt ekki neinum erfiðleikum bundið lengur að tala skynsamlega um líf á öðrum hnöttum. Um það, hvernig megi hafa samband við íbúa annarra hnatta í fjarlægum sólkerfum gegnir öðru

máli. Þar hafa stjörnufræðingar helzt ekki viljað tala um aðra möguleika en radio-samband, þ.e. einhvers konar merkjakerfi, sem sent yrði á útvarpsbylgjum, en þar með er ekki sagt, að þeir hafi ekki aðra möguleika í huga, þótt hljótt sé farið með það — ennþá.

Sá galli er á öllum sendingum, sem byggjast á hraða ljóssins, að þær eru alltof hægfara, þegar um er að ræða hinar gífurlegu fjarlægðir í geimnum. En þar sem hraði ljóssins er álitinn hinn mesti hugsanlegi hraði, hvernig á þá að að fara rök fyrir sambandi milli sólkerfa?

Eins og ævinlega hefur verið, þegar einhver hefur sagt, að nú komumst vér ekki lengra, þá opnast möguleikar. Ég ætla að nefna eitt dæmi af nýmörgum. Um 1830 fullyrti hinn þekkti franskri heimspekingur Auguste Comte, sem margir hafa víst mætur á, að aldrei myndu menn neitt geta vitað um efnafræði stjarnanna. Maðurinn sagði Comte, mun aldrei komast til stjarnanna og þess vegna munu þær ætíð vera honum óráðin gáta. Ekki liðu nema 30 ár þar til Kirchhoff tókst að útskýra litróf sólarljóssins og þar með stjarnanna, því að sólin er ekkert annað en venjuleg stjarna. En út frá litrófi sólarljóssins (stjarnanna) má lesa úr hvaða efni stjarnan er gerð. Um allt þetta hafa verið skrifaðar margar bækur og er óþarfi að rekja það nánar. Nú er það lífið á stjörnunum, sem um er að ræða og enn segja menn — um það getum vér ekkert vitað.

Það er ramnsóknarefni út af fyrir sig, hve lítið menn virðast læra af reynsiunni. Það er alveg sama, þó að reynslan sýni og sanni æ ofan í æ, hve varasamt það er að fullyrða neitt um takmarkanir náttúrunnar og væri miklu fyrirgefánlegra ef menn segðu, að möguleikum náttúrunnar, og þar með mannsandans, væru engin takmörk sett.

Og svo sannarlega á sú fullyrðing manna, að ekki getum vér neitt vitað um líf á jarðstjörnum annarra sólkerfa eftir að verða afsönnuð. Hefur það reyndar verið gert á frábærlega snílldarlegan hátt af dr. Helga Pjeturss með uppgötvun hans á lífsambandinu milli hnatta. Meinn eiga aðeins eftir að uppgötva þá uppgötvun.

FJARIHRIF

Á þeim árum, er dr. Helgi Pjeturss skrifaði Nýalana, var allt tal um fjarhrif álitid rugl og kukl. Þótti það alls ekki sambóðið vísindamönnum að koma nálægt slíku. Þeir fáu, sem þó gerðu það, hlutu af því hina mestu hneisu og fyrirliþningu starfsbræðra sinna. Nú horfir allt öðruvísi við. Árið 1969 var Alþjóðasambandi fyrirburðafræðinga (parasálfræðinga) formlega veitt innganga í Samband bandarískra vísindafélaga (American Association for the Advancement of Science). Vísinda-

menn viðurkenna nú, að fjarhrif séu staðreynd og að rannsóknir á þeim séu ekki óvísindalegar. Eru nú rannsóknir á fjarhrifum og hvers konar yfirvenjulegum fyrirbærum stundaðar af kappi við háskóla víða um lönd, en þó mest í Bandaríkjunum og Rússlandi.

Með viðurkenningu vísindamanna á fjarhrifum opnuðust nýjar leiðir. Í nýjustu stjarnfræðibókum má sjá, að farið er að ympra á þessu, að eini möguleikinn til raunhæfs sambands við íbúa fjarlæggra hnatta sé fjarhrifasamband (telepathy). Stjórnfræðinga er farið að óra fyrir vísindum, sem dr. Helgi Pjeturss bar fram hér á landi fyrir meir en hálfri öld síðan.

Til marks um hin breyttu viðhorf í þessum efnum má nefna, að er bandaríski geimfarinn Mitchell fór til tunglsins, þá gerði hann fjarhrifatilraun með spilum og eins það, að í rússneskum vísindamönnum leita eftir fólki með sérstaka hæfileika til sambands við íbúa annarra hnatta. Virðist mér hér vera átt við fólk með miðilshæfileika og fjarskyggnihæfileika líkt og Swedenborg hafði á mjög háu stigi. Ótal mörg fleiri atriði mætti nefna, sem eru eins og fyrstu dagboðar þess heimsskiðnings, sem vitringurinn Bruno galt fyrir með lífi sínu, frekar en að afsverja samferingu sína, en það er saga, sem er geymd en ekki gleymd.

Hver glöggskyggn maður ætti að geta áttað sig á því, að hinn nauðsynlegi grundvöllur þess, að samband geti fengizt milli sólkerfa, er þegar fenginn. Í fyrsta lagi, að til eru önnur sólkerfi og það óteljandi, í öðru lagi, að sigra má hinar gífurlegu fjarlægðir með aðferðum, sem einu nafni nefnast fjarhrif.

Um allt þetta þarf að skrifa miklu ýtarlegar en hér er gert, og býst ég fastlega við, að það geri þeir, sem mér eru færari til þess.

Eitt liggur alveg ljóst fyrir. Ef nógu margir menn (konur og karlar, ungir og gamlir) fást til að gera samstillta tilraun til fjarhrifasambands, má búast við árangri, sem fer langt fram úr vonum. Og vissulega er slík tilraun þess virði, að hún sé reynd. Það skortir aðeins áhugann. En þetta áhugaleysi er eiginlega óskiljanlegt, þegar haft er í huga, hve hugmyndir dr. Helga eru óviðjafnanlega skemmtilegar, ef svo má að orði komast.

HELSTEFNA?

Í grein þessari hef ég reynt að sýna mönnum fram á, að það er ekki nema sjálfsagt að veita kenningum dr. Helga verðuga athygli. Sjálfur taldi hann það algjöra lífsnauðsyn, að menn uppgötvuðu lífsambandið milli hnatta og hvernig mætti hagnýta það á sem beztan hátt. Reyndi hann árum saman að vekja athygli manna á því, að ekki

stefndi sem bezt allt líf hér á jörðu. Ætli vart nokkrum að blandast hugur um það nú, að vá er fyrir dyrum. Þegar hver sérfræðingurinn eftir annan hefur látið í ljós áhyggjur sínar um framtíð jarðarbúa og mikilhæfir vísindamenn alvarlega varað við óbreyttri stefnu í ýmsum lífshagsmunamálum mannkynsins.

Því að ekki er aðeins, að enn sé haldið áfram ógnarlegum styrjöldum og manndrápum, þar sem möguleikar til algjörar tortímingar eru stöðugt fyrir hendi (sbr. ummæli Sir Lovells hér að framan), heldur er maðurinn á góðri leið með að trufla svo jafnvægi náttúrunnar að til óbóta horfir.

Það er í rauninni óþarfi að orðlengja um þá stefnu, sem haldið er til streitu hér á jörðu. Hún er, eins og dr. Helgi fyrir löngu gerði sér grein fyrir, sannkölluð — helstefna. (Helstefna — stefna hinnar vaxandi vansældar). Það líður varla á löngu þar til menn fallast á, að reyna verði *sérhvert* ráð, sem til úrbóta gæti orðið.

Ekkert er eðlilegra en að þeir, sem lengra eru komnir í þróun, miðli af reynslu sinni og þekkingu. Vér höfum dæmin héðan af jörðu þar sem er samband milli þróaðra þjóða og vanþróaðra eins og það gerist bezt. Þeir sem eru lengra komnir í þekkingu og vísindum, hjálpa þeim sem skemmra eru komnir. Menn geta óhræddir treyst því, að vitrænt samband við æðra mannkyn annarra hnatta getur aðeins gott eitt af sér leitt.

LÍFSTEFNA?

Hvað sem mönnum kann að finnast um það, sem hér hefur verið ritað, er rétt að benda á eftirfarandi til íhugunar: Alveg eins og stjórnufræðin hefði lítið komizt áfram án uppgötvunar aðdráttarsambandsins, þá komast rannsóknir á lífinu aldrei verulega áfram, nema menn uppgötvu lífsamband alheims, en það, einmitt það að skilja eða byrja að skilja eðli lífsins, er lang líklegast eina leiðin til að náð verði almennt farsæld hér á jörð.

Með skilningi og viðurkenningu á lífsambandinu og staðfestingu þess með sambandi hnatta í milli myndi allt horfa öðruvísi við en áður. Ef menn hugleiða þetta, þá sjá þeir, að ekkert minna en þetta dugir til fulls. Þróunarstefnan myndi breytast frá helstefnu til — lífstefnu. (Lífstefna — stefna hinnar vaxandi farsældar).

ÁLYKTUN

Vér höfum ekki efni á að láta ókannaða neina þá tilgátu og/eða tillögu, sem orðið gæti mannkyni þessarar jarðar til heilla.

Í nafni hinna nýju vísinda,

Kjartan Norðdahl

Skrifað í fyrstu stjórnuambandsstöð jarðarinnar.

(Birtist áður í *jólablaði Tímans* 1972)

DR. HELGI PJETURSS:

THE NATURE OF SLEEP AND DREAMS

After endeavouring for some years to understand the nature of sleep, I decided, in 1902, to take up a more special investigation into the nature of dreaming. The reason for my doing this was as follows: Psychologists write of visualising an idea; that is, making thought visible, much as if this faculty of visualisation were as normal to man as that of seeing. I found, however, that I had no ability to visualise. Ideas were to me something quite different from concrete pictures. I never once succeeded in seeing a face before me, unless I was looking at a face. My memories were never mental pictures. It took me considerable time to arrive at the conclusion that I had not a trace of the ability to visualise ideas. But then, in comparing consciousness in the waking state and during sleep (that is in dreams), I found an enormous difference. Thinking about a thing or a state when awake, was radically different from seeing the thing or experiencing the state; but dreaming about a thing or a state was the same as seeing or experiencing. The more I thought of it, the more remarkable it seemed that although in sleep the sense activities are practically suspended, the contents of the sleeping mind are very much as if the senses were working. In short, dreams are not, or only to a slight extent, thoughts and reminiscences, but are, as it were, sentient and active life. There was my problem, and it seemed to me that it must necessarily be of the greatest psychological importance. Time has proved that the problem is still more important than I had suspected, and is, in fact, of the most fundamental nature.

I set out, then to find the cause of this difference between waking and sleep consciousness, and for years strove to find the solution. But my efforts were in vain; the hypotheses I formed had to be abandoned. At last it struck me, when considering thought-transference, that if words could be transferred from one brain to another, the same ought to be the case with pictures (the brainstates accompanying the process of seeing). In the course of the many years' subsequent study it has become quite clear to me, that at last I had found a clue to the truth. And the understanding of the nature of dreams became the means for obtaining an in-

MENN og SKOÐANIR

sight into the nature of sleep and of life itself. For life is a vital charge, which is renewed during sleep. We can learn to observe distinctly the inflow of the vital current when sleep comes on, and how this current carries along with it the shadowy images of the incipient dream. During sleep we establish contact with a dream-giver — a person whose brain and other nerve states are transferred to the sleeper. *What this person lives, the sleeper dreams, believing that he is himself experiencing the adventures of the dream-giver.* What the sleeper obtains from the dream-giver, however, is more or less mutilated and distorted, translated, so to say, according to the sleeper's disposition and experience. Dreams can be divided into groups, according to the intimacy of the rapport between dreamer and the dream-giver. It follows, therefore, that the different stages of a dream can belong to different groups. When rapport is slight and transference imperfect, the pictures from the brain of the dream-giver are transferred to the brain of the dreamer *much more easily* than the stream of thoughts accompanying the pictures. In the brain of the dreamer then, these pictures, in accordance with certain laws of association, are erroneously interpreted, and the dream consists of illusions, the sleeper believing that he is in the dream seeing things known to him. These are the *illusional dreams*, corresponding to the *enyppnia* of the ancient dream-expert, Artemidoros, whose *Oneirokritikon* is the most interesting work on dreams I have read. When the transference from dream-giver, the *oneiros* of Artemidoros; and, as a rule, what is seen in such a dream, is foreign and unknown.

Here I arrived at a conclusion that was at first glance staggering. An analysis of the vision-dreams led to the inevitable conclusion that the dream-giver must be an inhabitant of some other planet. The human beings, animals, plants, buildings, landscapes, constellations, and other astronomical phenomena, seen very clearly in the vision-dreams, were such as do not exist on this planet or in its sky. *Incredible as it may seem, there is no conviction I hold with greater certainty than this, that psycho-physiological contact with the inhabitants of other planets, is a normal phenomenon of*

human existence. It is this unsuspected communication with the inhabitants of other planets — I am not referring to the planets of our own solar system — which has given rise to the occult belief in other planes of being. The stagnation which has for thousands of years characterised occult theories, is sufficient proof that an insight of the truth has not been attained. There will be no stagnation when the discoveries here indicated have received the necessary attention.

Another staggering result I obtained was the discovery of what I call the Law of Determinants. For several years I had been endeavouring to trace how dreaming is influenced by happenings during waking life. At last I found, to my astonishment, that my dreams are influenced much less by my own thoughts and feelings than by those of the persons I have met in the course of the day. Such persons exercise so marked an influence on the current of energy creating the dream, that they can properly be spoken of as Determinants. For more than 12 years I have been investigating this law, and am coming to the conclusion that it will be found to be a cosmic law of the most fundamental importance.

Dr. Helgi Pjeturss:

LA NATURO DE DORMO KAJ SONGOJ

Post provo dum kelkaj jaroj por kompreni la naturon de dormo, mi decidis, en jaro 1902, akiri pli speciale esploron rilate al la naturo de la sonĝo. La motivo por mi fari ĉi-tion estis la jena: Psikologiistoj skribas pri eblecon por vidigi ideon, tio estas, fari la ideon videbla, tiel multe kiel la facileco de videbligo estus tiel normala por oni kiel vidi. Mi tamen sentis, ke mi neniam kapablon havis fari videblon. Ideoj estis al mi tute io diferenca de konkretaj bildoj. Mi neniam sukcesis vidi vizaĝon antaŭ mi sen tio ke mi estis rigardanta vizaĝon. Miaj memoroj neniam estis mensaj bildoj. Postulis de mi konsiderinde da tempo por atingi la konkludon, ke mi ne havis eron da kapablo por fari ideojn videblaj. Sed tiam, komparinta konsciecon en maldorma situacio kaj dum dormo (t.e. en sonĝo), mi sentis treegan diferencon. Konsideri pri objekto aŭ stato dum maldormo, estis tute diferenca de vidi la objekton aŭ sperti la staton, sed sonĝi je objekto aŭ stato estis la sama kiel vidi aŭ sperti. Des pli mi konsideris tion, ju pli atentinda tio ŝajnis ke kvankam en dormo aktiveco de la sentoj estas praktike pasiva, la enhavo de la dormanta menso estas treege simila al tio, ke la sentoj estas

en aktiveco. Mallonge: sonĝoj ne estas, aŭ nur minimume, pensoj kaj rememoroj, sed estas kvazaŭ ili estus sentata aktiva vivo. Ĉi-tio estis mia problemo, kaj ŝajnis al mi ke tio devus necese esti grava psikologia signifo. Je la tempo estas provigata ke la problemo estas eĉ pli grava ol mi imagis, kaj estas, fakte, de plej fundamenta naturo.

Mi nun komencis serĉi al la kaŭzo de la diferenco inter maldorma kaj dorma konscieco kaj strebis dum jaroj por akiri la solvon. Sed, mia klopodo estis vana; la hipotezo kion mi formis devis esti forlasata. Fine min frapis, kiam mi konsideris transloĝigon de pensoj, ke se vortoj povis esti transloĝataj de unu cerbo al alia, la sama devus esti la kaŭzo per bildoj, (la statoj de cerboj akompanis al la maniero vidi.). Per posta studado dum multaj jaroj, al mi tio estiĝis tute klara, ke fine mi trovis la gvidilon al la vero. Kaj kompreni la naturon de sonĝoj estas la ĉefa punkto por atingi envidon al la naturo de dormo kaj al la vido mem. Ĉar vivo estas vitala ŝarĝo, kiu estas renovigata dum la dormo. Oni povas distinge observi la alfluan de la vitala kurento, kiam la dormo alvenas, kaj kiel tiu kurento antaŭen portas kun si krepuskaj imagoj de la komencanta sonĝo. Dum la dormo oni starigas kontakton kun sonĝo-donata persono kies cerba kaj alia stato de nervoj- estas transloĝanta al la sonĝanto. Tion, kion persono travivas, sonĝas la dormanto, kredanta ke li mem ekspertas la adventurojn de la sonĝodonanto. Tamen tio, kion la dormanto atingas de la sonĝo-donato, estas pli aŭ malpli difektata kaj distordata, tradukata (se oni povas diri tiel) laŭ sperto kaj kompreno de la dormanto. Sonĝojn oni povas dividi en grupojn laŭ la intimeco de la informoj inter la sonĝanto kaj la sonĝodonanto. Tiam elvenas de tio, ke diferencaj ŝtupoj de sonĝoj povas aparteni al diferencaj grupoj. Kiam la informoj estas malmultvaloraj kaj la interpreto malperfekta; la bildoj de la cerbo de la sonĝodonanto estas transportataj al la cerbo de la sonĝanto *multe pli facile*, ol la fluado de pensoj akompanantaj kun la bildoj. En la cerbo de la sonĝanto, tiam, tiuj bildoj, akordige kun certa principio de kontakto, estas erare interpretigataj, kaj la sonĝo konsistas de iluzioj, la dormanto kredanta ke li en la sonĝo vidas objektojn konataj de li. Tiuj estas la *iluziaj sonĝoj* komparindaj al la enigmaj (*enypnia*) de la antikva sonĝo-ekspertizisto Artemidoros, kies *Oncirokritikon* estas la plej interesiga verko je sonĝoj, kion mi legis. Kiam la transportado de sonĝo-donato al la dormanto estas pli perfekta, oni atingas la vid-sonĝon, la *oneiros* de Artemidoros; kaj kiel regulo, tio, kion oni vidas en tia sonĝo, estas fremda kaj nekonata.

Jen mi atingis konkludon, kiu komence estis vaganta brilo. Analizo de vid-songoj gvidis al la neevitebla konkludo, ke la songo-donanto devas esti enloĝanto de iu alia planedo. La homecaj estajoj, bestoj, plantoj, konstruaĵoj, pejzaĝoj, konstelarioj, kaj aliaj astronomaj fenomenoj, viditaj tre klare en vidsonĝoj, estis tial, ke ne ekzistas en la jena planedo, aŭ en ĝia ĉielo. *Senkredebla, kiel tio devas ŝajni, estas neniu konvinko, kiun mi certe subtenas pli ol tiu-ĉi, ke psiko-fiziologia kontakto kun la loĝantoj de aliaj planedoj, estas normala fenomeno de homeca ekzisto.* Estas tio senduba komunikado kun loĝantoj de aliaj planedoj — mi ne aludas la planedojn de nia propra sunsistemo — kiuj estis donantaj ebligon de vuala opino pri aliaj planoj de ekziztoj. La stagnado kiu dum jarmiloj apogis al vualaj teorioj, estas sufiĉa pruvo je tio, ke envido al la vero, ne estas akceptata. Ne estas stagno kiam la eltrovoj jen priskribitaj jam ricevos necesan atenton.

Alia vaganta rezulto kion mi atingis estis la malkovro de tio, kion mi nomas la *universalen Regulon de la Determino*. Dum kelkaj jaroj mi klopodis analizi kiel songado estas influata per okazoj dum maldorma vivo. Fini mi trovis, al mi mirige, ke miaj songoj estas tre malpli influataj per miaj propraj pensoj kaj sentoj ol de tiuj de la personoj kiujn mi renkontis dum pasanta tago. Tiaj personoj ezercis tiel markatan influon sur la kurenton de energio kreanta la songon, ke ili povas tute esti priskribata kiel Determinantoj. Antaŭ pli ol 12 jaroj mi esploris ĉi-tiun regulon, kaj mi estas atingita al tia konkludo, ke ĝi estos sciota kiel la plej grava fundamenta, regulo, de la kosmo.

Ragnar V. Sturluson tradukis en 7.-8. de Jan. 1973.

Dr. Helgi Pjeturss:

EĎLI SVEFNS OG DRAUMA

Er ĉg hafði í nokkur ár reynt að skilja eĎli svefnsins, ákvaĎ ĉg áriĎ 1902 að hefja nánari rannsókniir á eĎli drauma. ÁstæĎan til ákvörĎunarinnar var þessi: SálfraĎingar skrifa um að sjá fyrir sér hugmyndir ljóslifandi (visualize an idea), þ.e.a.s. gera hugsanir sýnilegar, eins og þessi hæfileiki að sjá fyrir sér hluti ljóslifandi væri manni eins eiginlegur og að sjá meĎ augunum. Þrátt fyrir það komst ĉg að raun um, að ĉg hafði enga hæfileika til að sjá ljóslifandi það sem ĉg hugsaði mér. Fyrir mér voru hugmyndir mjög frábrugĎnar því sem ĉg horfði á. Mér hefur aldrei í eitt einasta skipti tekizt að sjá andlit nema ĉg væri að horfa á andlit. Endurminningar mínar voru aldrei huglęgar

myndir. Það tók mig talsverĎan tíma að komast að þeirri niĎurstöĎu, að ĉg hefði ekki snefil af þeim hæfileika að sjá hugmyndir. En þegar ĉg bar saman vökuvitund og svefnvitund (þ.e. draumvitund) fann ĉg aftur á móti geysilegan mun. AĎ hugsa um hlut eĎa atburĎ í vöku, er mjög frábrugĎiĎ því að sjá hlut eĎa upplifa atburĎ, en að dreyma hlut eĎa atburĎ var eins og að sjá eĎa upplifa. Því meir sem ĉg hugsaði um það, því athyglisverĎara þótti mér, að enda þótt skilningarvitin séu að heita má óvirk í svefni, þá er ástand svefnvitundarinnar slíkt, að líkast er því að skilningarvitin starfi eins og í vöku. Í stuttu máli sagt, þá eru draumar ekki, eĎa aðeins að takmörkuĎu leyti, hugsanir og endurminningar, heldur er eins og um sé að ræĎa raunverulega atburĎi. ViĎ þetta glímði ĉg og taldi þetta vera eitt af undirstöĎuatriĎum sálfræĎinnar. SíĎar kom í ljós, að þetta atriĎi er enn mikilvęgara en mig grunaĎi og er í raun og sannleika eitt hiĎ mikilvęgasta.

ĉg fór þá að rannsaka, hver gæti veriĎ ástæĎan fyrir þessum mun sem er á vökuvitund og svefnvitund og vann að þessu af kappi árum saman, en hafði ekki erindi sem erfiĎi. Tilgátum mínar reyndust ófullnęgjandi. En að lokum kom mér í hug, að myndir ættu að geta flutzt frá einum heila til annars (þ.e. það heilaástand sem fylgir því að sjá eitt-hvaĎ), líkt og orĎ flytjast er um hugsanaflutning er að ræĎa. Á þeim fjölmörgu árum sem liĎin eru síĎan og ĉg hefi eytt til rannsókna á þessu, hefur mér orĎiĎ fullkomlega ljóst, að ĉg hafði að lokum fundiĎ rétta skýringu. Og skilningur á eĎli drauma

OrĎsending til lesenda.

Nokkur hluti FélagsblaĎs Njalssinna nefnist MENN OG SKOĎANIR og er ætlaĎur til dreifingar meĎal almennings til kynningar á uppgötvun og kenn-ingum dr. Helga Pjeturss ásamt kynningu á þeim greinum vísinda sem snerta verk Helga.

Ritstj.

OrĎsending til félagsmanna í F.N.

Hverjum félagu eru send nokkur eintök af þeim hluta blaĎsins er nefnist MENN OG SKOĎANIR og vona ĉg að vel gangi að dreifa blöĎunum.

MeĎ beztu kveĎjum, ritstj.

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Útgefandi: Félag Nýalssinna

RITSTJÓRI:

Haukur Matthíasson
Lokastíg 7, Rvík. Sími 22562

RITNEFND:

Magnús Norðdal
Sigurður Róbertsson
Sigurður Benediktsson

Pósthólf 1159
Póstgíró 6031
Prentsm. Bergstr. 27 prentaði

skapaði möguleika til skilnings á eðli svefnisins og lífsins. Því lífið byggist á lífsorkunni, sem endurnýjast í svefni. Við getum lært að skynja innstreymi orkunnar þegar við erum að sofna og hvernig orkustraumurinn flytur með sér óljósar myndir byrjandi draums. Í svefni verður samband við draumgjafa- heila- og taugaástands annars manns flytzt til draumþegans. *Vökulíf draumgjafans verður draumur draumþegans, sem finnst hann vera raunverulegur þátttakandi í vökulífi draumgjafans.* Það sem berst til draumþegans frá draumgjafanum er þó meira og minna afbakað og rangtúlkað í samræmi við hugarfar og reynslu draumþegans. Drauma má flokka eftir því, hve samband draumgjafa og draumþega er sterkt. Í einum og sama draumi getur styrkleiki sambandsins verið breytilegur og tilheyrir draumurinn þá fleiri en einum flokki. Þegar um ófullkomið samband er að ræða gengur flutningur *mynda* frá heila draumgjafa til draumþega *miklu greiðlegar* heldur en flutningur hugsanaföruncytis myndanna. Í heila draumþegans eru þessar myndir rangtúlkaðar í samræmi við ákveðin lögmál um hugmyndatengsl, og í draumnum verða rangþýðingar þar sem sofandinn telur sig sjá í draumum hluti, sem honum eru kunnugir. Þetta eru missýningadraumar og svara til *enypnia* hins forna draumafræðings, Artemidoros, en rit hans Oneirokritikon er það eftirtektarverðasta sem ég hef lesið um drauma. Þegar samband draumgjafa og draumþega er fullkonnara dreymir menn samdrauma, hliðstæða *oneiros* hjá Artemidoros. Venjulega er það sem fyrir dreymandann ber í slíkum draumi honum ókunnugt úr vöku.

Á þessu stigi rannsókna minna komst ég að niðurstöðu, sem í fyrstu virtist ótrúleg. Athuganir á sanndraumum leiddu til þeirrar óhjákvæmilegu

niðurstöðu, að draumgjafinn hlyti að vera íbúi annarrar jarðstjörnu. Mennirnir, dýrin, jurtirnar, byggingarnar, landslagið, stjörnumerkin og önnur stjarnfræðileg atriði, sem sáust skýrt í sanndraumunum voru frábrugðin því sem til er á þessari jarðstjörnu eða á himni hennar. *Þótt ótrúlegt megi virðast, þá er ekkert sem ég veit með meiri vissu en þetta, að sálfræðilegt og líffræðilegt samband við íbúa annarra jarðstjarna er algengt fyrirbari mannlífsins.* Það er þetta samband við íbúa annarra jarðstjarna, sem vér höfum verið grunlaus um fram til þessa, — ég á ekki við aðrar jarðstjörnur okkar sólkerfis — sem liggur til grundvallar dulrænukenninga um önnur tilverusvið. Sú mörg þúsund ára stöðnun sem einkennir dulrænukenningar er nægileg sönnun þess, að þar hefur ekki komið fram réttur skilningur. Ekki verður lengur um stöðnun að ræða, þegar uppgötvanir þær sem hér er sagt frá hafa fengið nægilegar undirtektir.

Öðrum ótrúlegum árangri náði ég, þegar ég uppgötvaði það sem ég kalla Stillilögmálið. Í nokkur ár hafði ég leitast við að finna á hvern hátt vöku atvik hafa áhrif á draumana. Mér til furðu komst ég að lokum að þeirri niðurstöðu, að draumar mínir eru minna mótaðir af hugsunum mínum og tilfinningum heldur en hugsunum og tilfinningum þeirra manna, sem ég hef haft samskipti við þann daginn. Þeir hafa svo greinileg áhrif á orkustreymið, sem skapar drauma, að tala má um þá sem stillihóp. Rúm 12 ár hef ég rannsakað stillilögmálið og komist að þeirri niðurstöðu, að það muni vera alheimslögmál, sem hefur grundvallarþýðingu.

Elsa G. Vilmondardóttir þýddi.


Önnu Pjeturss vil ég þakka hér fyrir að lofa okkur að birta þessa grein dr. Helga. Aðdáunarvert er hversu langt höfundurinn kemst í því að gera miklu efni skil í svo stuttu máli.

Ritstjóri.

Starfsemi Félags Nýalssinna fer fram í Stjörnu-sambandsstöðinni að Álfrólsvægi 121, Kópavogi. Síminn er 40765.

Stjórni félagsins skipa:

Kjartan R. P. Kjartansson form.
Sigríður Guðmundsdóttir varaform.
Helgi Guðlaugsson gjaldkeri
Kjartan Norðdahl ritari
Samúel D. Jónsson meðstj.



FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Nr. 8 15/2 1973

EFNI:

A. hluti.

*

Ávarp

*

Um félagsgjöld

*

Sex funda tilraunin

*

Gertilraunin

*

Úr dagbókum

*

Ritskrá

Prentsmiðjan
Bergstaðastræti 27
prentaði

ÁVARP

Á félagsfundum þ. 7. febrúar síðastliðinn var sitt af hverju tekið fyrir, en þó ekki allt sem fyrir fundinum lá. Honum var slitið um miðnætti. Eftir að fundargerð hafði verið samþykkt snéru fundarmenn sér að því að ræða um Félagssblaðið og framtíð þess.

Þorsteinn Guðjónsson, Helgi Guðlaugsson og Haukur Matthíasson voru kosnir til þess að gera tillögur um framtíðarskipan blaðsins.

Sigríður Guðmundsdóttir gerði grein fyrir opnu kynningarfundunum, sem haldnir hafa verið á laugardögum (þrisvar sinnum).

Ingvar Agnarsson, Magnús Norðdahl og Kolbrún Norðdahl voru kosin til að sjá um og skipuleggja fleiri kynningarfundum.

Sveinbjörn Þorsteinsson, Atli Hraun-

fjörð og Kjartan R. P. Kjartansson voru kosnir í uppstillingarnefnd, þ. e. til að stinga upp á mönnum til að gegna þeim störfum, sem kosið er til á aðalfundi.

Sautján nýir félagsmenn voru samþykktir.

Í lok fundarins kom Þorsteinn Guðjónsson tvisvar skemmtilega á óvart. Hann sagði okkur að Guðrún Grímsdóttir Eyjólfsson, sem býr í Kanada, hafi ákveðið að gefa F. N. jarðarskika í Laugardal í Árnessýslu. Þá sagði hann að bréf hefði borizt sér frá erlendum mönnum, sem hefðu áhuga á að koma til Íslands og halda fund í tengslum við Nýalshreyfinguna. Menn þessir hafa áhuga á sambandi milli stjarna. (M. a. hafa þeir velt fyrir sér möguleikum á því að hingað komi öðru hvoru fljúgandi diskar).

Um það bil 20 manns sátu fundinn.

Ritstjóri.

Um félagsgjöld og önnur fjármál

Þá er nú kominn gjalddagi félagsgjalda þessa árs. Vil ég því biðja alla félagsmenn, hvar sem þeir eru búsettir, að greiða gjöld sín hið fyrsta. Ýmsum félögum, sem ekki næst til á annan hátt, verður send póstkrafa fyrir gjaldi þessa árs og fyrri ára, ef eitthvað af þeim er ógreitt. Vænst er þess að allir bregðist vel við þessum kröfubréfum.

Lágmarksgjald er nú 1000 krónur, en að sjálfsögðu eru ríflegri framlög vel þegin, enda hafa ýmsir oft greitt miklu

meira og satt bezt að segja hefði verið ógerningur að halda uppi þeirri starfsemi sem innt hefir verið af hendi undanfarin ár án hjálpar þessara örlátu félagsmanna.

En mjög er nauðsynlegt að fleiri komi þar til liðs, því talsvert vantar á að tekjur síðasta árs hafi nægt nauðsynlegum útgjöldum útgjöldum. Reikningar ársins eru ekki enn tilbúnir, en sennilega verða þeir birtir í næsta félagssblaði. Það skal þó hér upplýst að innkomin félagsgjöld árið 1972 hrukku ekki fyrir kostnaði við rekstur félagsins og er þó kostnaður við útgáfu félags-

Framh. á næstu síðu

blaðsins ekki meðtalinn. Varð því ekki komið hjá að safna nokkrum skuldum á árinu.

En mjög er nauðsynlegt að fleiri komi þar til liðs, því talsvert vantar á að tekjur síðasta árs hafi nægt nauðsynlegum útgjöldum. Reikningar ársins eru ekki enn tilbúnir, en sennilega verða þeir birtir í næsta félagsblaði. Það skal þó hér upplýst að innkomin félagsgjöld árið 1972 hrukku ekki fyrir kostnaði við rekstur félagsins og er þó kostnaður við útgáfu félagsblaðsins ekki meðtalinn. Varð því ekki komið hjá að safna nokkrum skuldum á árinu.

En eins og allir vita er hallarekstur ekki vænlegur til frambúðar og verður því að leggja allt kapp á að láta slíkt aldrei koma fyrir aftur og að jafna þennan halla sem fyrst, helst að fullu á þessu ári. En hvernig verður slíkt gert? Með því að auka tekjur eða minnka útgjöld eða með þessu hvoru-veggja. Varla verður hægt að draga mikið úr útgjöldum, því stöðugt hækkar verðlagið og frekar þarf að auka starfsemina heldur en hitt. Tekjuaukning er því eina leiðin og ætti að vera vel fær Nýalssinum í velferðarþjóðfélagi. Margt bendir líka til þess að heldur verði léttara undir fæti á næstunni en verið hefir fram að þessu. Hinir vel-

sóttu kynningarfundir sem félagið hélt í nóvember, desember og janúar s. l. vöktu talsverða athygli og áhuga fólks — sömuleiðis blaðaskrif nú að undanfögnu um starfsemi Félags Nýalssinna. Árangur hefir m. a. komið fram í því að í síðasta mánuði bættust í hóp okkar 17 nýir félagsmenn. Það dugir því ekki að draga af sér heldur skal sækja á brattann af auknum þrótti. Og þó slíkt kosti nokkurt fé þýðir ekki að horfa í það, heldur verðum við að leggja fram það sem til þarf.

Ég tel að vel komi til mála að hækka árgjaldið upp í t. d. 2000 krónur og myndi ekki af veita. En slík hækking þarf að samþykkjast á aðalfundi og tæki ekki gildi fyrr en á næsta ári, svo að hún kæmi ekki að notum strax þó samþykkt yrði. Því verður að hafa önnur ráð og þau ráð eru að hver einasti félagsmaður greiði nú sem fyrst það sem hann kynni að skulda og að sem flestir bæti einhverju við skyldugjaldið, hver eftir efnum og ástæðum.

Gerum 1973 að mesta framfaraári í sögu félags okkar til þessa.

3. febrúar 1973

H. G.

HAUKUR MATTHÍASSON:

SEX FUNDA TILRAUNIN

Nú er lokið sambandstilraun sem fram fór í 6 áföngum á tímabilinu frá 12. október til 21. desember 1972. Þeir Samúel D. Jónsson og Kjartan Norðdahl stóðu fyrir henni og var tilhögum í megin-dráttum sem hér segir: Samdar voru reglur í nokkrum liðum og skrifuðu þátttakendur sig á lista og gengust jafnframt undir reglurnar.

Í reglugerðinni stendur m. a.: „Fundirnir verða teknir upp á segulband og vélritaðir síðar. Ætlast er til að þeir, sem sækja fundina, lesi þá yfir og skýri skriflega frá hvað þeim þykir athyglisverðast. Þeir, sem þátt taka í þessu verða því að jafnaði að eyða einu kvöldi í viku þannig að í annað hvort skiptið sitja þeir fund en hitt skiptið vinna þeir úr.“

Þátttakendum var gert að svara skriflega spurningum, sem fundarstjórar tilgreindu fyrir hvern sambandsfund, til undirbúnings. Spurningarinnar var síðan spurt á fundinum og fengust stundum athyglisverð svör frá sambandsvinum.

Ég hef hér í höndunum skýrslu í blárri möppu

og er hún um 70 síður fjölritaðar og hefur því þetta verið mikið verk.

Þátttakendur voru tólf og báru þeir sjálfir kostnað af tilrauninni og greiddi hver um 150 kr. í hvert skipti (þ. e. 6 sinnum). Fyrir féð voru keyptar segulbandsspólur, greiddur vélritunar- og fjölritunarkostnaður og annað er til þurfti. Heildarkostnaður var um 10.000 kr.

Mig langar að taka hér orðrétt stuttan kafla úr fyrsta fundinum. Baldur er í sambandinu: „(Fundarmaður:) Einn okkar stendur við gluggann og horfir út. Við erum að gera það í þeirri von að það gæti hugsanlega greitt fyrir hugsanasambandi. (Baldur Sigurði:) *Þetta er allt í rétta átt. Þið skuluð finna upp á ýmsu. Það mun eigi draga úr að orka ykkar geti varið. Verst er þó þegar komið er á slíka fundi af eintómum vana, ekki gert ráð fyrir neinu sérstöku. Áhugi þarf að fylgja tilraunum ykkar. Ekki segi ég þetta til að angra ykkur á nokkurn hátt en meiri eftirvænting æskileg. (Fundarmaður:) Já, við drögum lærdóm af því. (Baldur Sigurði) Við hér erum mjög glöð yfir þeim árangri sem náðst hefur, en mjög viljum við geta auðið orku ykkar og lífsþrótt. (Fundarmaður:) Er nokkuð sérstakt sem við gætum gert í sambandi við undirbúning til að flýta fyrir því að við fengjum slíkar skinjanir? (Baldur Sigurði) *Mikið hefur áunnist hjá ykkur, en meir þarf og**

öflugri sjón. Þið skuluð þó ekki örvænta neitt. Þið skuluð halda áfram og styrkur ykkar mun vaxa og aukast svo að lífskraftur ykkar vaxi fram yfir það sem er á ykkar hnetti. (Fundarmaður:) Væri betra að væru fleiri eða væri betra að væru færri? (Baldur Sigurði) *Hópur manna er góður, en gæta verður mjög að því að hugur þeirra, er saman vinna, sé einlægur. Styrkur er óncitanlega í stærri hóp, en einnig nauðsyn mikil á að viðstaddir hafi skilning á sambandinu. En þó vil ég fullvissa ykkur um hug okkar til ykkar og málefnis þess er þið reynið að brjóta leið fyrir. Einnig get ég sagt ykkur að það eru ekki margir staðir á hnetti ykkar sem við getum þó komið orku okkar við eins og hér hjá ykkur í slöð ykkar.*“

Enda þótt þessari tilraun sé nú lokið má vinna töluvert betur úr þeim heimildum sem safnað hefur verið m. a. með samanburði á fundunum og svo með samanburði við tilraunir sem síðar kunna að verða gerðar. Auk þessa sem upp hefur verið talið er rétt að nefna það, að sú þjálfun sem fólkið sem tók þátt í tilrauninni fékk er mikilvæg. Með reyndu fólki og þann lærdóm sem draga má af þessari tilraun í vegarnesti má ætla að takast megi að gera tilraun sem enn betur er ummin en þessi. Það er ekki ástæða til að ætla annað en betri vinnubrögð gefi betri árangur.

GERTILRAUNIN

Um 1953 gerðum við Samúel D. Jónsson tilraun með koparplötu stafróf og kristalkubb. Sambandið var oft mjög gott. Eitt sinn fengum við samband við Helga Pjeturss og bað hann okkur um að leiðrétta villu sem væri á bls. 13 í Viðnýal, og gerðum við það eftir hans fyrirsögn, en þó eftir að hafa kannað réttmæti leiðréttingarinnar.

Samúel Eggertsson, afi S. D. J. kom mjög skemmtilega í samband við okkur. Sagði m.a. hvernig við gætum athugað fjarhrif á milli fruma í geri. Og þar sem við vorum alls ófróðir um ger og ræktun á því, þá gaf hann okkur uppskrift að slíkri ræktun. Var sú uppskrift rétt svo langt sem hún náði. En aðferðin við fjarhrifa athugunina var eitthvað á þá leið að vel aldar gerfrumur áttu að hafa sýnileg áhrif á illa haldnar frumur.

Af tilraunum varð ekki að sinni, en svo kom að því að gerðar voru tilraunir á geri. Tilraunir þessar voru gerðar undir stjórn Þorsteins Þorsteinssonar lífefnafræðings, og fóru þannig fram í aðal dráttum: Ræktaðar voru gerfrumur í 20 glösunum. Var glösunum skipt í tvo jafna flokka, 10 í hvorum. Þá var valinn maður og honum falið að hugsa vel til annars glasaflokksins, óska þess eindregið

að þessar gerfrumur vaxi nú betur en frumurnar í hinum glösunum. Nú voru glösin látin standa um sinn og síðan var allt tekið og mælt af mikilli nákvæmni.

Sveinbjörn Þorsteinsson.

Eins og fram kemur hér að ofan var tilrauninni ekki hagað nákvæmlega samkvæmt því sem lagt var til af Samúel Eggertssyni. Í stað þess að láta vel lifandi gerfrumur hafa áhrif á aðrar, sem daufari væru í dálkinn, var maður fenginn til að hafa jákvæð áhrif á helming jafn vel alins gers. Segja má að þær tilraunir sem fram fóru undir stjórn Þorsteins Þorsteinssonar væru undirbúningstilraunir eða það sem stundum er kallað forrannsókn.

Þó aldrei hafi verið reiknað endanlega út úr þeim tilraunum er þó hægt að segja að árangur hafi orðið nokkur.

Dr. Erlendur Haraldsson parasálfræðingur stjórnaði síðan tilraun sem byggði á þeirri reynslu sem áður hafði fengist. Þorsteinn sá umlíffræðilegu vandamálin, en Erlendur um aðra framkvæmd tilraunarinnar og verður að segja að árangur hafi orðið all sæmilegur.

Erlendur fór með þessa tilraun á þing parasálfræðinga í Edinborg og las hana þar upp. Hann skipti mönnum sem reyndu að magna gerið í tvo hópa. Í öðrum hópnum voru menn sem þekktir eru að því að fást við það sem kallað er huglækningar (healers), en í hinum var fólk sem ekki er þekkt að slíku (non-healers). Náði fyrrnefndi hópurinn betri árangri. Þrír þeirra sem reyndu við gerið voru huglæknar, en fjórir ekki.

Nú má ef til vill spyrja hvaða tilgangi tilraunir sem þessar þjóna. Því er hægt að svara á marga vegu og er það flestum ljóst, en þó má segja að aðalgildi slíkra tilrauna fyrir óvana menn sé þjálfun sú sem fæst við að glíma við þær.

Haukur.

ÚR DAGBÓKUM

Ung kona, sem lengi var rúmföst, skrifaði dagbækur í leggunni. Helgi Pjeturss heimsótti hana öðru hvoru og í allt a. m. k. 37 sinnum. Í fyrsta skipti kom Helgi til hennar þann 16. október 1928 að kvöldi. Ýmislegt ræddu þau, m.a. um sjúkdóm konunnar og ætt hennar og svo Nýal. Þegar ég blaða í dagbókunum, verða öðru hvoru fyrir mér setningar, sem Nýalssinum þykir efalaust gaman að sjá. Á einum stað hefur hún t. d. eftir honum þetta: „Margir segja: Helgi Pjeturss er gáfaður maður, en það er vitleysa, sem hann skrifar. Heldur vildi ég, að fólk segði sem svo: H.P. er grasasní, en það er gott og gílt og sannleikur, sem hann

skrifar.“ Hann talar um, að það sé svo gott að finna samúð og traust og segir síðan: „*Hefði ég aðeins 100 manns þá væri margt hægt að gera.*“

Dagbækurnar eru meira og minna sundurlausar setningar, hlaupið úr einu í annað. Ég ætla að reyna að taka upp glefsur hér og hvar og það, sem konan hefur orðrétt eftir Helga er skáletrað. Á stöku stað hef ég breytt um persónu og þá oftast úr þriðju í fyrstu persónu.

(16. 10. '28). *Það er vont að fá menn til að skilja. Þeir eru margir svo hrokafullir, en það er það, sem við þurfum að vita, að það er sami krafturinn sem læknar, vinnur að því að græða sárið, ef við skerum okkur í höndina, sem myndar nýjan líkama, eftir að þessi er ónýtur orðinn, þ.e. dauður.*

Hann sagði mér frá þremur bókum, sem hann væri að semja. Svo sagði ég honum grínið, þegar ég ætlaði að ná í bókina „Á annarri stjörnu.“ Hann sagðist skyldi lána mér sitt eintak eða þá annað er ég mætti svo hafa. Spurði hvort ég læsi ensku. Ef ég hefði gert það, þá hefði hann getað lánað mér merkilega bók.

(18. 10. '28). *Það er allt of langt, að þér liggið í allan vetur, þér þurfið að vera komnar á fætur um jól. Nú skuluð þér biðja á hverju kvöldi og trúa, að þér séuð betri á hverjum morgni, þegar þér vaknið. Svo skal ég gera þetta með yður (göfugmennin) og svo skulum við sjá til. Nú þarf ég að hitta systkinin, áður en þau fara út. Svo kvaddi hann, en sagðist ætla að koma á laugardaginn með bókina. Hann spurði mig, hvernig mig hefði dreymt. Sagði honum frá landsl. og stúlkunum með fagra hárið. Spurði hann um svefnim. Hann sagðist hafa sofnað undir morgun og dreymt saltfisk!!!*

(20. 10. '28). Sagðist ekki hafa getað náð í manninn, þess vegna kæmi hann ekki með bókina, enda vissi hann ekki hvort hann ætti að vera að lána mér hana, þetta væri óþroskað, fyrst ég hefði Nýal. Spurði hvað ég væri að lesa, sagði honum það — „Hjónaástir“ og „Úraníu“ í sumar. Hann sagðist hafa skrifað Flammarión, en ekkert svar fengið frá honum, hann hefði verið á rangri braut.

Sagði mér frá heimspekingi, sem væri kominn langt, en þekkti þó ekki hina réttu leið, en sagðist skrifa honum og segja: *ég veit.* En þó hann skrifaði og vildi láta birta í blöðum þar í landi, þá efaðist hann um, að hann fengi það birt. Sagði, að nú væri tilraunin að byrja að takast, það hefði komið fram hjá hinum mesta andatrúarmanni úti í heimi, að astralplanið svo nefnda væri næstu stjörnurnar.

Fór kl. 10.10, en sagðist skyldi koma með bókina á sunnudaginn. Sagði mér að reyna að hugsa til

sambands við góða staði og vita hvort mig dreymdi ekki vel.

(22. 10. '28). Sagðist ekki mega stanza, þetta væri langt að ganga. Spurði mig, hvað mig hefði dreymt, eftir að hann sagði mér aðferðina. *Ekki kem ég með bókina, G. Gam. fann hana ekki.*

Jæja, ég skal láta yður fá bókina, þetta er bara svo óþroskað, en bráðum ætla ég að skrifa nokkuð, sem yður mun þykja gaman að lesa. Góða nótt.

(23. 10. '28). *Þér sjáið, að ég er ekki með neina bók. Ætla ekkert að stanza. Ég sagði: Ég var að horfa á stjörnurnar. (Hann): Þér verðið að láta yður nægja að horfa á stjörnurnar, hefði maður hundrað manns, þá væri hægt að ná sambandi við stjörnurnar. Ég vona, að ég hafi betri tíma á morgun að tala við yður. Góða nótt.*

(28. 10. '28). *Ekki er ég með þessi blöð, kunnir samt betur við að koma, svo að þér hélduð ekki, að ég væri búinn að gleyma yður. (Ég:) Jú, þakka yður fyrir það. (Hann:) Ég iðrast nú kannski eftir að láta yður lesa það. Ég býst nú við að fá þau á morgun. Ég er nú svo oft búinn að segja það, maður atti ekki að segja svo — þegar það ekki verður. (Ég:) Ég var mikið búin að hlakka til að sjá yður, því að mig dreymdi einkennilega nóttina eftir að þér komuð síðast. (Hann:) Þér segið mér það. Sagði honum drauminn um sambandið merkilega og manninum, sem fann upp meðalið. (Hann:) Já, verst þér munduð ekki nafnið. Sagði honum frá rauða grasinu. Hann sagði að ég hefði komið, þar sem rauð sól hefði skinið. Spurði hvort ég hefði séð sólskinið. Nei.*

*Það hefði þótt ótrúlegt í mínu ungdæmi, ef maður hefði sagt sem svo; nú ætla ég að kvækja ljós af vatninu í Elliðaánum, eins er með þetta. (Ég:) Er nú heimurinn svo fátækur, að hann eigi ekki 100 manns? (Hann:) Ég þekki 100 manns hér, sem gætu lagt 10.000 kr. hver. Það yrði ekki nóg að vera með hálfan huga, þá fengist ekki samband við góða staði, ekki nema staði þar sem hugurinn væri hálfur til hins rétta. (Ég:) Spurði hann um drauma sína. Sagði sig hefði dreymt illa í nóti. *Það er af því fólk hugsar svona, mér fannst ég detta ofan í dj. Vaknaði um miðja nótt.**

(4. 11. '28). Hann kom með bókina „Á annarri stjörnu“ og fékk mér hana. (Ég:) Og hvenær á ég að vera búin með hana? (Hann:) *Þér megid eiga hana.* Ég þakkaði honum innilega fyrir með handabandi.

— — —

Ég læt þetta duga sem sýnishorn, en dagbækurnar eru miklu lengri og fleira er athyglisvert, en hér hefur komið fram.

Haukur.



FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Nr. 9 15/3 1973

EFNI:

A. hluti.

*

Ávarp

*

Starfsyfirlit

*

Reikningar

*

Efnisyfirlit

*

Prentsmiðjan
Bergstaðastræti 27
prentaði

ÁVARP

Nú er þessu starfsári að ljúka. Aðalfundur verður haldinn þ. 24.

Sú breyting sem ég gerði mér lengi vonir um að yrði á félaginu eftir því sem það eflist og samfélagið í kringum okkur breyttist, hefur ekki orðið.

Margt hefur á þessu ári komið til framkvæmda, sem lengi hefur staðið til og félagsstarfið í heild verið nokkuð öflugt og sennilega hafa aldrei eins margir komið við sögu. Engan þarf að undra þó líf færist í starfsemi félagsins nú, þegar skuldabaggar þess léttast og félögum smá fjölgar.

En ég verð að segja að enn er sami trúartónninn í félaginu og þó er það verra að í huga fjölmargra er Félag Nýalssinna hreint trúfélag og helzt í þeirra sem minnst vita um félagið.

Ég veit ekki af hverju þessi leið er valin, en ef til vill er hún sú léttasta á þann hátt að fylgi menn henni, þurfa menn minnsta áherzlu að leggja á þetta oft erfiðasta og minnst metna starf, starf hugans.

Vestræn þjóðfélög leggja vaxandi áherzlu á vísindi og því finnst mér kallið verða brýnna og brýnna að leggja vinnu í að nota þær aðferðir sem virðast helzt vera gjaldgengar nú á dögum.

Vísindadekur, segir einhver, og má það vel vera rétt, en til þess að á okkur sé hlustað verðum við að hlaupa eftir því, tala það mál sem skilst þó svo að það sé ekki það bezta sem maður getur hugsað sér eða það sem ætti að vera.

Ég fullyrði ekki að villan sé ekki mín megin, að ég hafi ef til vill misskilið eðli F.N. En hafi ég gert það, á ég styttri samleið með því en ég hef talið, að minnsta kosti í sumum atriðum.

Ef til vill skiptir ekki meginmáli á hvern hátt unnið er að þessum málum, aðeins ef góður samhugur ríkir meðal þeirra sem tiltekna aðferð vilja nota og er þá lítið því til fyrirstöðu að farnar séu margar leiðir í sem.

Ef svo er, er eðlilegt að velta fyrir sér hvort ekki eigi að breyta formi félagsins, t. d. í þá átt að það samandi af starfshópum sem hafa aðeins lausleg tengsl sín í milli, en kjarni félagsins verði eignir þess og *aðsláða* auk fára sameiginlegra funda. Á þann hátt tefur enginn fyrir öðrum eins og stundum hefur komið fyrir.

Breytingar á félagsformi þarf að hugleiða vandlega áður en lagt er í slíkt og bylting má ekki verða, heldur þróun.

Saga þessa félags ber með sér að stórhugur og bjartsýni hafa ríkt og þau ríkja enn. Margir hafa dregið góða björg í bú, bæði fyrr og síðar og það er og mun verða þannig, að stundum gleymist að þakka, en það gerir víst ekkert til, því menn ætlast ekki til þakkætis fyrir það sem þeir gera fyrir þetta félag.

Ekki eru þau störf sem mest ber á hverju sinni alltaf þau mikilvægustu. Það sem verður ferðalang til bjargar þegar færðin er sem erfiðust, er ekki sjaldan það starf sem unnið hefur verið í kyrrþey áður en ferðin hófst.

Með beztu kveðjum,
ritstj.

STARFSYFIRLIT

REKSTRARREIKNINGUR

frá 1. jan. til 31. des. 1972

GJÖLD:

Útgáfukostn. Félagsblaðs		55,031.00	
Hitakostnaður	20,134.20		
Sími	6,070.20		
Rafmagn	10,346.00		
Prentun, pappír o.fl.	25,298.50		
Auglýsingar	15,107.00		
Póstburðargjöld	5,870.00		
Víðhald húsn. og áhalda	4,307.00		
Vaxtagjöld	30,261.00		
— Vaxtatekjur	5,247.10	25,013.90	
<hr/>			
Fasteignagjöld	18,595.00		
— endurgreitt	13,311.00	5,284.00	
Ýmislegt	600.00	118,030.80	
<hr/>			
Afskriftir:			
Álfhólsv. 121 1% af kr. 1,755,000.00	17,550.00		
Innbú og áh. 10% af kr. 410,853.00	41,081.00	58,631.00	
—			
		Samtals Kr. 231,692.80	
<hr/>			

TEKJUR:

Innkomin félagsgjöld		106,100.00	
Gjafir og áheit		30,138.00	
Sala bóka og blaða	841,180.00		
+ bókab. 31/12 1972	22,780.00	863,960.00	
÷ bókabirgðir 1/1 1972	841,520.00	22,440.00	
<hr/>			
Ýmsar tekjur		669.00	
Gjöld umfram tekjur		72,345.80	
—			
		Samtals Kr. 231,692.80	
<hr/>			

Á fyrstu stjórnar- og félagsfundum voru uppi miklar áætlanir og bjartsýni ríkti. Nú í lok þessa starfstímabils ríkir enn bjartsýni og jafnvel er hún að fenginni reynzlu mun raumhæfari en hún var í byrjun starfsársins.

Nú er það öllum ljóst sem e-ð þekkja til málanna að aðeins hluti af þeim hugmyndum sem fram komu á árinu hafa komið til framkvæmda.

Sumar áætlanir hafa breyzt mjög eftir því sem meira hefur verið unnið að þeim, sumar hafa komið til framkvæmda, sumar er hálfbúið að fram-

EFNAHLAGSREIKNINGUR

þann 31. des. 1972

EIGNIR:

Krónur

Inneignir í lússtofnumum:			
Sparisj. vélstjóra bók 1873	103,130.60		
Sparisj. vélstjóra Áv.reikn.	623.50		
Gíróreikn. í Útvb. Íslands	3,824.20	107,578.30	
<hr/>			
Inneignir hjá viðsk.m. v/bókasölu		746,565.00	
Bókabirgðir		22,780.00	
Álfhólsvegur 121		1,755,000.00	
Afskr. 31/12 '72	17,550.—		
„ áður	35,100.—	52,650.00	1,702,350.00
<hr/>			
Innbú 1/1 '72	287,973.—		
+ keypt á árinu	122,880.—	410,853.00	
<hr/>			
÷ Afskr. 31/12 '72	41,081.—		
„ áður	69,622.—	110,703.00	300,150.00
<hr/>			
Bókasafn		277.50	
—			
		Samtals Kr. 2,879,700.80	
<hr/>			
SKULDIR:			
Sparisjóður Reykjavíkur		120,000.00	
Inneign félagsmanna		310,000.00	
Víxlaskuldir		206,985.00	
Höfuðstóll 1/1 '72		1,648,842.60	
+ Endurmat bókabirgða		666,219.00	
<hr/>			
		2,315,061.60	
÷ Rekstrarhalli 1972		72,345.80	2,242,715.80
—			
		Samtals Kr. 2,879,700.80	
<hr/>			

Höfum yfirfarið reikningana og checkert fundið athugavert.

Reykjavík 17. febrúar 1973.

Benedikt Björnsson

Sigurður F. Ólafsson

REIKNINGARNIR HAFA AÐ SJÁLFSÖGÐU
EKKI VERIÐ BORNIR UNDIR AÐALFUND.

kvæma og sumum hefur skolað fyrir borð af ýms-um orsökum.

Ef á heildina er litið verður að segja að allt þokist þetta í áttina. Ég ætla að reyna að rekja, eftir því sem ég man, helztu atriðin.

Nokkrir félagar tóku sig saman á föstudaginn langa (afmælisdag Helga) og fóru í dagsferð austur í Hreppa og skoðuðu þá staði þar sem Helgi komst á sporið í jarðfræðirannsóknnum sínum.

Þar slóst Steinar í IIIð í för með okkur og sagði okkur frá kynnum sínum af Helga.



Stjórnin sendi félagsmönnum bréf og fékk það einhverjar undirtektir, en ekki nægjanlega góðar.

Rétt einusinni var reynt að koma af stað söfnuadraumum til að setja saman Draumasafn, en undirtektir voru dræmar.

Félagsblaðið, sem kom út í breyttu formi á árinu, var prentað í fyrsta sinn þ. 10/8.

Fram komu hugmyndir um byggingu Nýalshallar og landsfund Nýalssinna. Hvorug hugmyndin hefur þróast nokkuð að ráði, en ekki er út í loftið að gera ráð fyrir að landsfundur verði haldinn haustið 1973.

Þá kom fram tillaga um steinasafn og hefur það aðeins komist á rekspöl, en bæði skortir húsnæði og peninga til að fá skápa og annað er til þarf.

Í ágúst fór Sigríður Guðmundsdóttir til Norðurlands ásamt fleira fólki úr Félaginu og hélt sambandsfund. Helgi Guðlaugsson hélt erindi á undan fundinum og tókst þetta allt vel. Segja má að þessir fundir hafi orðið upphafið að opnum auglýstum kynningarfundum, sem haldnir voru í vetur í Stjórnusambandsstöðinni.

Í október var ákveðið að Elsa G. Vilmundardóttir tæki að sér að skrifa bók um Helga Pjeturss og kenningar hans.

Vinnuástaða hefur breytt töluevnt til batnaðar á árinu, skrifstofan máluð og búin tækjum, segulband keypt og stólaðkostur endurnýjaður í salnum og uppgangurinn málaður og lagfærður. Þá hafa verið settar hillur og ljós í kompuna í kjallaranum og flutt ýmislegt dót úr skrifstofunni niður í kompu, svo nú kemst bókasafn fyrir á skrifstofunni. Bækur um hin ýmsu málefni eru vel þegnar eins og ekki þarf að taka fram.

Í nóvember hélt Þorsteinn Þorsteinsson erindi

um uppruna lífsins og þótti mörgum gott á að hlýða.

Í nóvember var haldinn opinn kynningarfundur fyrir almenning og hélt Kjartan R. P. Kjartansson fræðsluerindi í byrjun fundar. Fjöldi gesta var um 20. Annar fundur var haldinn í desember og þá hélt Elsa G. Vilmundardóttir erindi. Fjöldi gesta var um 25. Þriðji fundurinn og sá sem minnst var auglýstur var haldinn í janúar ('73) og hélt Kjartan Norðdahl erindi í það skiptið. Gestir voru um 70. Fjórði fundurinn var haldinn í febrúar. Þar hélt Þorsteinn Guðjónsson erindi. Gestir voru um 40.

Fundir þessir hafa allir tekizt vel og er nokkuð um það að fólk sækir um inngöngu í Félagið eftir fundina.

Þá hefur það sjálfsagt haft sitt að segja að greinar og viðtöl hafa birst í blöðum um málefni okkar. Auk þess var viðtal við formann félagsins í Útvarpinu einn laugardaginn í þætti sem Jökull Jakobsson hefur umsjón með.

Samúel D. Jónsson og Kjartan Norðdahl stóðu fyrir sambandstilraun í sex áföngum. Var hún haldin með öðru sniði en venja er að því leytir að hver einasti fundur var fjölritaður og menn unnu úr fundunum jafnóðum. Þá voru valdar spurningar lagðar fyrir þátttakendur í tilrauninni og síðan leitað svara hjá sambandsvinum.

Sambandsfundastarfssemi hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár á mánudögum og fimmtudögum og auk þess hafa verið haldnir nokkrir sérfundir.

Stjórnarfundir voru 9 eða 10 á árinu.

Upp undir 30 nýir félagar hafa bætt í hópinn s. l. starfsár.

Haukur.



Myndirnar í blaðinu eru frá síðasta félagsfundu.

EFNISYFIRLIT

Ásmundur Guðbjörnsson s. 24
 Athyglisverð frásögn s. 30
 Ávarp s. 1, 11, 19, 23, 27, 39, 51, 59
 Bókin s. 7
 Bréf frá s. 24, 37
 Drauma-athuganir s. 13
 Draumablað s. 13
 Draumasafn s. 12
 Draumur s. 33, 41
 Eðli svefnis og drauma s. 49
 Félagsgjöld og önnur fjármál s. 51
 Flokkum drauma eftir styrkleika s. 18
 Frá gjaldkera s. 38
 Fundargerðir s. 3
 Gertilaunin s. 53
 Heimsókn s. 40
 Hreppaferð 31. marz 1972 s. 6
 Hugleiðingar að loknu erindi Þorsteins Þorsteinssonar lífefnafræðings 18. 11. 1972 s. 42
 Í minningu Guðmundar Kjartanssonar s. 34
 Kemningar Helga Pjeturss og líffræði nútímans s. 31
 Kemningar Helga Pjeturss og þróun stjarnfræðilegrar hugsunar s. 43
 La naturo de dormo kaj songoj s. 48
 Landsfundur Nýalssinna s. 20
 Líf eftir dauðann s. 7
 Norðurför Sigríðar s. 25
 Patrick Moore s. 9
 Reikningar s. 2, 60
 Ritskrá s. 55
 Sambandsfundur 12. nóvember 1970 s. 15
 Samband þ. 25. júní s. 28
 Sex funda tilraunin s. 52
 Sigurður Ólafsson s. 14
 Sigríður Guðmundsdóttir s. 20
 Sitt af hverju s. 37
 Skemmtilegt draumsamband s. 28

Sóknarræða Sókratesar þ. 17. 9. 1972 s. 36
 Starfsáætlun s. 35
 Starfsyfirlit s. 60
 Sveinu Haraldsson s. 14
 The nature of sleep and dreams s. 47
 Um byggingu Nýalshallar s. 21
 Um forsagnargildi kemninga Helga Pjeturss s. 34
 Um safn s. 22
 Úr bókinni „Life in the Stars“ s. 37
 Úr dagbókum s. 53
 Úr Þónýal s. 22
 Vetrarstarf s. 29
 Vissi ekki um Sigurð s. 4

HÖFUNDASKRÁ

Ásmundur Guðbjörnsson s. 24
 Atli Hraunfjörð s. 29
 Elsa G. Vilmundardóttir s. 7, 22, 34, 42, þýðing s. 49, 55
 Gunnar Grettisson s. 29
 Haukur Matthíasson s. 1, 4, 11, 12, 14, 19, 23, 24, 27, 39, 41, 51, 52, 53, 59, 60
 Helgi Guðlaugsson s. 21, 25, 38, 51, 60
 Helgi Pjeturss dr. s. 22, 47, 48, 49
 Hulda Valdimarsdóttir s. 24
 Kjartan Norðdahl s. 9, 18, 40, 43
 Kjartan R. P. Kjartansson s. 36
 Kolbrún Norðdahl s. 29, 37
 Magnús Norðdahl s. 6, 20, 28
 Ólafur Halldórsson s. 33, 34
 Páll Björnsson s. 24
 Ragnar V. Sturluson þýðing s. 48
 Samúel D. Jónsson s. 3, 30, 37
 Sigríður Guðmundsdóttir s. 20
 Sigurður F. Ólafsson s. 2, 14
 Sveinbjörn Þorsteinsson s. 53
 Sveinn Haraldsson s. 14, 28
 Younghusband, Francis Sir s. 37
 Þorsteinn Þorsteinsson s. 31
 Ægír Ólafsson s. 34

RITSKRÁ

Dr. Helgi Pjeturss var afkastamikill rithöfundur, en ritstörf stundaði hann meir en hálfu öld. Fyrsta ritgerðin sem ég veit um að birtist eftir hann er frá árinu 1895 og sú síðasta frá árinu 1948.

Tvær skrár, sem ég veit um, eru til yfir ritgerðir Dr. Helga. Önnur er með minningargrein um hann í Náttúrufræðingnum 19. árg. 3. hefti 1949, eftir Jóhannes Áskelsson, jarðfræðing. Hin skráin er í Þónýal 1955, útg. Félag Nýalssinna. Í hvorugri skránni eru taldar allar ritgerðir dr. Helga.

Ég hef fengið við það í tólmstundum undanfarnar vikur að leggja drög að ýtarlegri skrá yfir ritgerðir dr. Helga, er tekur til alls þess sem birt hefur eftir hann í blöðum, bókum og tímaritum allan rithöfundarferil hans. Þetta er birt í þeirri von, að það verði einhverjum til fróðleiks og gagns og einnig í þeim tilgangi að biðja þá er vita um ritgerðir frá þessu tímabili og ekki eru nefndar hér að gefa undirritaðri upplýsingar um þær.

* (Þær ritgerðir í Nýöluunum, sem ég veit ekki hvenær skrifaðar eru, hef ég ekki tekið hér með).

*Elsa G. Vilmundardóttir
Hrauntungu 69, Kópavogi,
sími 41424.*

1895 En recent sänking i Thjorsardalen. Naturen og Mennesket. Kbh.
1895-96 Mór og kol. Eimreiðin.
1897 En Bestigning af Fjeldet Baula i Island. Geogr. Tidsskr., 14. Kbh.
1897 Íslenzk hringsjá. Eimreiðin.
1898 Úr dagbók ferðamanns. Sunnanfari VII., 2 Rvík. Ferðabók dr. H. P. Rvík 1959.
1899 Grænlandsför 1897. Bókasafn alþýðu, V. Kbh. Þættir úr Grænlandsför í bókinni Langt út í löndin. Menningar og fræðslusamband alþýðu, Rvík 1944. Ferðabók Dr. H. P. Rvík 1959.
1899 Esjan og Akrafjall. Ferðabók dr. H. P. Rvík 1959.
1899 Fjöll. Tímar hins ísl. bókmenntafélags.
1899 Geologiske Optegnelser. Meddel. om Grönl. 1899 Kbh.
1899 Geologiske rejseskitser fra Island. Naturen og Mennesket.
1900 Ferðasögubrot frá Austurríki. Fjallkonan. Ferðabók dr. H. P. 1959.
1900 Nýjungar í jarðfræði Íslands. Eimreiðin, Kbh. Ferðabók dr. H. P. Rvík 1959.
1901 Hreggviður um Þ. E. Ísafold.
1901 Mrs. Disney Leith. Fjallkonan.
1901 Nokkrar smáritgerðir. Arnfirðingur.
1901 Darwinskenning. (Eftir H. Hansen. Þýtt af dr. H. P. á kostnað Hins ísl. Bmf., Rvík 1904).
1901 Moræner i den islandske Palagonite-Formation. Overs. Kgl. d. Vidensk. Selsk. Forhandl. Kbh.

1901 Nokkur orð um efstu sjávarmörk við Suðurlandsundirlendið. Skýrsla um Hið íslenzka náttúrufræðifélag.
1902 Hávífoss. Eimreiðin. Ferðabók dr. H. P. Rvík 1959.
1902 Hvíti selurinn (Eftir R. Kipling. Þýtt af dr. H. P., Tmr. H. ísl. Bmf., Rvík).
1902 Jónas Hallgrímsson og trúin. Eimreiðin.
1903 „Gunnarshólmi“. Eimreiðin.
1903 Merkilög draugasaga. Eimreiðin.
1903 Ritdómur um Matthías Jochemsson. Ingólfur.
1903 Shelly Boulder-Clay in the „Palagonite-Formation“ of Iceland. Quart. Journ. Geol. Soc., Vol LIX, op 356-61.
1903 Yoldialagið í Búlandshöfða. Tímarit H. ísl. Bmf.
1904 Eiríksjökull. Eimreiðin p. 38-43. Ferðabók dr. H. P. 1959.
1904 Athugasemdir um jarðlög í Fossvogi o.s.frv., Tímar. H. ísl. Bmf., 25, Rvík. Ferðabók dr. H. P. Rvík 1959.
1904 Hreyfing og vöxtur. Nokkur orð um dýrafræði. Tmr. H. ísl. Bmf., Rvík.
1904 Um vísindi. Ingólfur.
1904 Om förekomsten af skalförende Skurstener i Búlandshöfði, Med Bemærkning om Molluskerne af Ad. S. Jensen. Overs. d. Vidensk. Selsk. Forhandl., Kbh.
1904 Om nogle glaciële og interglaciële Vulkaner paa Island. Overs. Kgl. d. Vidensk. Selsk. Forhandl., Kbh.
1904 eða 05 Þjarni Thorarensen og Stephan G. Stephansson. Eimreiðin.
1905 Merkilög draugasaga. Eimreiðin.
1905 Das Pleistocän Islands. Centralblatt für Mineralogie, Geologie und Paläontologie. Jahrg. 1905. No. 25 s. 740-745. Stuttgart.
1905 Om Islands Geologie. Meld. f. Dansk Geol. Foren. Kbh.
1906 Loftslagsbreytingar á Íslandi. Andvari. Rvík. Ferðabók dr. H. P. Rvík 1959.
1906 The Crag of Iceland. Quart. Journ. Geol. Soc.
1906 Zur Forschungsgesichte Islands. Centralblatt für Min., Geol. und Pal. Jahrg. 1906, No. 18, s. 566-568, Stuttgart.
1906 Anatole France. Eimr.
1906 Amerískir Auðmenn. Ingólfur.
1906 Íslenzka og önnur mál. Ingólfur.
1906 Ritdómur um W. James: Ólauðleiki mannsins. Ingólfur.
1906 Sturla Sighvatsson. Skírnir.
1906 Berlín. sennil. Lögrétta eða Eimreiðin. Ferðabók dr. H. P. Rvík 1959.
1907 Frá Berlín. Lögrétta. Ferðabók dr. H. P. Rvík 1959.
1907 Kolskeggur. Ingólfur.
1907 Kveldræður. Skírnir.
1907 Kurl. Huginn.
1907 Upptök mannkynsins. Skírnir.
1907 Í Órafum. Óðinn. Ferðabók dr. H. P. Rvík 1959.
1907 Draumur. Ferðabók dr. H. P. Rvík 1959.
1907 Einige Ergebnisse seiner (einer) Reise in Süd-Island im Sommer 1906. Zeitschr. der. Gesellsch. für Erdkunde. Berlín.
1907 Einige interessante Moräneninsel bei Island. Zeitschr. d. Gesellsch. f. Erdkunde. Berlin.
1908-
1911 Bréf frá Bretlandi. Lögrétta, Eimreiðin. Ferðabók dr. H. P. Rvík. 1959.

- 1908 Íslenzk heimspeki. Skírnir.
- 1908 Einige Huptzüge d. Geologie und Morphologie Islands. Zeitschr. d. Gesellsch. f. Erdkunde. Berlin.
- 1908 Fossar. Ferðabók dr. H. P. Rvík 1959.
- 1908 Gull. Ferðabók dr. H. P. Rvík 1959.
- 1909 Stephan G. Stephansson. Andvökur (ritdómur).
- 1909 Ferðabréf. Lögrétta.
- 1909 Tröllasögur. Óðinn.
- 1909 Úr ferðasögu. Skírnir (e.t.v. 1910).
- 1909 Örvar-Oddur, gullið og vísindin. Lögrétta.
- 1909 Athugasemd. Eimreiðin.
- 1909 Íslenzkur ritháttur fyrrum og nú. Eimreiðin (e.t.v. 1910).
- 1909 Über marines Interglazial in der Umgebung von Reykjavík Island. Monatsber. d. Deutschen Geol. Gesellsch., Band 61, Jahrg. 1909, No. 5.
- 1910 Jarðfræðirannsóknir sumarið 1910. Samtal í Lögréttu. Ferðabók dr. H. P. Rvík 1959.
- 1910 Island. Handb. d. regionalen Geologie Iv., 2. Heidelb.
- 1910 Við gröf Napoleons. Eimreiðin. Ferðabók dr. H. P. 1959.
- 1910 Eftirtaldir greinar eru í Ferðabók dr. H. P. Rvík 1959, sennilega teknar úr Lögréttu og Skírni: Weimar, München, Innsbruck, Suður yfir Alpafjöll, Norður yfir fjöllin. Á leið til Parísar. París.
- 1911 Bjarni og Jónas. Óðinn.
- 1911 Mynd Cæsars. Óðinn. Ferðabók dr. H.P. Rvík 1959.
- 1911 Greinar. Ísafold.
- 1911 Sálufélag. Óðinn.
- 1911 Stephan G. Stephansson. Sunnanfari.
- 1911 Frá Landfræðifélaginu í Berlín. Ferðabók dr. H.P. 1959.
- 1912 Ást (brót) Eimreiðin.
- 1912 Cæsar. Eimreiðin.
- 1912 Einige Bemerkungen über die Hekla und deren Umgebend. Peterm. Mitt. Gotha.
- 1912 Arnarheiðrið. Skírnir. Ferðabók dr. H. P. Rvík 1959.
- 1912 Rannsóknir og ritháttur. Ferðabók dr. H. P. Rvík 1959.
- 1912 Uppi við jökla. Ferðabók dr. H. P. Rvík 1959.
- 1912 Við Kirkju. Nýtt kirkjublað. Ferðabók dr. H. P. 1959.
- 1912 Frá Lundúnum. Ferðabók dr. H. P. Rvík 1959.
- 1912 Frá Berlín. Eimreiðin.
- 1912 Hjá Georg Brandes. Ferðabók dr. H. P., Rvík 1959.
- 1912 Draumar. Ingólfur.
- 1912 Ferðasaga. Lögrétta.
- 1912 Glámur. Ingólfur.
- 1912 Indverska. Óðinn.
- 1912 Úr ferðasögu. Skírnir.
- 1913 Á milli. Ingólfur.
- 1913 Fyrirburðir. Nokkurs konar saga. Ingólfur.
- 1913 Íslenzk menning. Ingólfur.
- 1913 Smásaga. Ingólfur.
- 1913 Svefn og magnleysi. (Trúlega sama og svefn og svefnleysi) Ingólfur 1913.
- 1913 Um að anda. Ingólfur.
- 1913 Þekking og vanþekking. Ingólfur. Íslenzk stefna 1952.
- 1913 Framfaraskilyrði Íslendinga. Ingólfur.
- 1914 Á annarri stjórn. Ingólfur.
- 1914 Ragnheiður Thorarensen. Ingólfur.
- 1914 Sturla (nafnið) Ingólfur.
- 1914 Sturla Þórðarson. Morgunbl. 1914. Nýall.
- 1914 Jökklar á Heklu. Ingólfur. Nýall. Ferðabók dr. H.P. Rvík 1959.
- 1914 Fáninn. Morgunbl.
- 1915 Á Bröttubrekku. Lögrétta.
- 1915 Sumarvinna. Morgunbl. 12. sept. Nýall.
- 1915 Skilningsraun. Morgunbl. 4. júlí. Nýall.
- 1916 Fáfur og forn þýzka. Skírnir.
- 1916 Jökklar á Íslandi í Fornöld. Skírnir. Ferðabók dr. H. P. Rvík 1959.
- 1916 Loftskip og fleira í vitrunum. Lögrétta.
- 1916 Njarðfræði.
- 1916 Orrusta í lofti. Lögrétta.
- 1916 Rafsigur. Lögrétta.
- 1916 Auðumla. Nýall.
- (1922) Eldgos á Breiðafirði o. fl. Lögrétta.
- 1917 Um jarðskjálftasprungu. Skírnir. Ferðabók d. H.P. Rvík 1959.
- 1917 Sumarlandið og draumalandið. Morgunbl. 8. jan. Nýall.
- 1917 Íslendingasögur. Lögrétta.
- 1917 Sögu-lögmál. Óðinn.
- 1918 Íslenzk stefna og norræn. Þjóðólfur.
- 1918 Kötlugos, framtíðarjarðfræði og -líffræði. Þjóðólfur, Nýall.
- 1918 Hið mikla samband. Þjóðólfur. Nýall.
- 1918 Um spádóma og ný fræði. Þjóðólfur. Nýall.
- 1919 Skáldskaparmál. Skírnir.
- 1919 Undir morgun. Mbl. 13. maí *Nýall*.
- 1919 Samtal um horfur. Mbl. 27. apríl *Nýall*.
- 1919 Framtíð mannkynsins. Mbl. 27. o. 30. júlí. *Nýall*.
- 1919 Þjóðarrannsókn. Mbl. 24. júlí. *Nýall*.
- 1919 Móti straum. Mbl. 6. ágúst. *Nýall*.
- 1919 Anaxagoras og Sókrates. Mbl. 22. ágúst. *Nýall*.
- 1919 Íslenzk framtíð og önnur. Lögr. 15. jan. *Nýall*.
- 1919 Hamingja Íslands. Lögr. 23. o. 30. apríl. *Nýall*.
- 1919 Íslenzk stefna og norræn. Mbl. 31. ágúst.
- 1920 Íslandsmál. Ísafold.
- 1920 Sambandsmál. Ísafold. *Nýall*.
- 1920 Stjörnujarðfræði. Ísafold. *Nýall*.
- 1921 Páll Erlingsson. Ísafold. *Ennýall*.
- 1921 Leiðin fram. 26/12. *Nýall*.
- 1921 Stjörnulíffræði. Ísafold og Lögrétta. *Nýall*.
- 1921 Gagsemi konungdóms. Ísafold. Mbl. *Nýall*
- 1921 Íslenzk framtíð og önnur. Lögrétta. *Nýall*.
- 1921 Framtíð Íslendinga. Mbl. *Nýall*.
- 1921 Franska sem dótturmál grísku og norrænu. Mbl. *Nýall*.
- 1922 Aldaskipti. Lögrétta. nív. *Ennýall*.
1922. Í dögum. Lögrétta. des. *Ennýall*.
- 1922 Jólásaga. des. *Ennýall*.
- 1922 Íslenzk framsókn. sept. *Ennýall*.
- 1922 Framhlíð lífsins og stjörnur. nó. *Ennýall*.
- 1922 Íslenzka Snorra Sturlusonar. *Nýall*.
- 1922 Auðumla. *Nýall*.
- (1916) Saga sólargeislans. á nýárinu. *Nýall*.
- 1922 Framlíf foringjans. *Nýall*.
- 1922 Torleiði. *Nýall* 10/2.
- 1922 Ísland og Íslendingar 17/2. *Nýall*.
- 1922 Skoðanir á eðli drauma. *Nýall*.
- 1922 Nýall 26/3. *Nýall*.
- 1922 Brjefið til Dr. Kritzingers. (Brief an Dr. Kritzingers Psych. Studien 1922. Dezemberheft. *Ennýall*.

- 1923 Undirstöðuatriði í jarðfræði Íslands. Iðunn, nýr flokkur VIII árg. *Ferðabók* dr. H.P. Rvík 1959.
- 1923 Haraldur Níelsson feb. *Ennfall*.
- 1923 Sigurnánd. feb.mar. *Ennfall*.
- 1923 Pasteur. mar. *Ennfall*.
- 1923 Maemillan Brown. apríl. *Ennfall*.
- 1923 Albert Einstein og framtíð vísindanna. ág. *Ennfall*.
- 1923 Bláa bréfið. sept. *Ennfall*.
- 1923 H.G. Wells. nóv. *Ennfall*.
- 1923 Eyjan hvíta. maí. *Ennfall*.
- 1923 Til minningar um Pjetur Hamar. apríl. *Ennfall*.
- 1924 Kraftaverk og magnanafræði. jan. *Ennfall*.
- 1924 Heimkynnin hinumegin. ág. *Ennfall*.
- 1924 Morgungeislar. okt. *Ennfall*.
- 1924 Takmarkið. jan. *Ennfall*.
- 1924 Hvítasunna. *Ennfall* (sennil. 1924).
- 1924 Stefnubreytingin íslenska. apríl. *Ennfall*.
- 1924 Samband við Mars. nóv. *Ennfall*.
- 1925 Lífið og heimssmíðin. Eimreiðin 1926? *Ennfall*.
- 1925 Um tilgang heimsins og lífsins. Lögrétta, maí.
- 1925 Himn yfirvofandi háski. apríl 22. *Ennfall*.
- 1925 Stephan G. Stephansson og íslenzkt þjóðerni. 4. sept. *Ennfall*.
- 1925 Þjóðin og vorið. 15. maí. *Ennfall*.
- 1925 Völuspá. 12. maí. *Ennfall*.
- 1925 Tákn tímanna. 30. apríl. *Ennfall*.
- 1925 Eftirtektarverðar spásögur. apríl. *Ennfall*.
- 1925 Kant og Pope og lífið á öðrum stjörnum. apríl. *Ennfall*.
- 1925 Í röstinni. marz. *Ennfall*.
- 1926 Helvegur og hinn. 8. nóv. Lögrétta. *Ennfall*.
- 1926 The Nature of Sleep and Dreams. The occult reviw. Framnfall. Félbl. Nýalssinna 26. 1. 1973.
- 1926 Lífið eftir dauðann. Lesb. Mbl. (14. des. 1925). *Ennfall*.
- 1926 eða
- 1925 Lífið og heimssmíðin. Eimreiðin. *Ennfall*.
- 1926 Skemmtilegar tilviljanir. Á nýárinu. Lesb. Mbl. *Ennfall*.
- 1926 Iðrun eftir dauðann. 16. maí. *Ennfall*.
- 1926 Háorð. 28. sept. *Ennfall*.
- 1927 Vöðinn og vörnin. Eimreiðin.
- 1927 Dr. Guðbrandur Vigfússon. Lesb. Mbl. *Ennfall*.
- 1927 Hjálpin að handan. 1. jan. Lögrétta. *Ennfall*.
- 1927 Kraftur samleikans. 6. nóv. Lesb. Mbl. *Ennfall*.
- 1927 Um annað líf. 2. júní. Iðunn. *Ennfall*.
- 1927 Áriðandi viðleitni. 2. sept. Eimreiðin. Þónýfall.
- 1927 Indland og Ísland. 8.—9. nóv. *Ennfall*.
- 1927 Líkur Jesú. 30. nóv. *Ennfall*.
- 1927 Breytingin. 16. des. *Ennfall*.
- 1927 Tvær aðdáunarverðar ritgerðir. nóv. *Ennfall*.
- 1927 Í upphafi. 21. okt. *Ennfall*.
- 1927 Tilgangur lífsins. 24. okt. *Ennfall*.
- 1927 Frumlíf og framlíf. júlí. *Ennfall*.
- 1928
- eða '29 Íslenzk guðfræði. Eimreiðin.
- 1928 Um betri not af fiski. Eimreiðin. *Ferðabók*.
- 1928 Íslenzk tunga og íslenzkar uppgötvanir. 2.—7. sept. Lesb. Mbl. *Ennfall*.
- 1928 Dómararnir og stillilögmálið. Lesb. Mbl.
- 1928 Austræna og Vestræna. 7. jan. *Ennfall*.
- 1928 Örlög mannkynsins. 6. marz. *Ennfall*.
- 1928 Eðli ástarinnar. 5. okt. *Ennfall*.
- 1928 Íslendingar sem forgönguþjóð. 10. okt. *Ennfall*.
- 1928 Íslenzk heimsfræði og trúin á endurburð, reincarnation. 19. sept. *Ennfall*.
- 1928 Höfuðskáldið danska og hið mikla upphaf. 9. nóv. *Ennfall*.
- 1929 eða 1928. Íslenzk guðfræði. Eimreiðin.
- 1929 Hið endurlíkamaða líf. 24. marz. Eimreiðin. *Ennfall*.
- 1929 Voldugasta þjóðin. Og önnur. 9. maí. *Ennfall*.
- 1929 Trú og tíð. des. *Ennfall*.
- 1929 Alheimur og Ísland. 27. feb. *Ennfall*.
- 1929 Mannkynssagan og hin mikla breyting. 18.—19. maí. *Ennfall*.
- 1929 Náttúrufræðin og lífið eftir dauðann. 4.—7. júlí. *Ennfall*.
- 1929 Þýzk vísa og íslenzkur drengskapur. 26. apr. *Ennfall*.
- 1929 Snorramál. des. *Ennfall*.
- 1929 Stækkandi heimur. 14. des. *Ennfall*.
- 1929 *Ennfall*. des. *Ennfall*.
- 1930 Conan Doyle og lífið eftir dauðann. Iðunn.
- 1930 Lífgeislar. Lesb. Mbl. Framnfall.
- 1930 Spurningu svarað. Lesb. Mbl.
- 1930 Vísindaleg rannsókn á eðli drauma. Iðunn. Framnfall.
- 1930 Frægasta bókin og hin nýja líffræði. Iðunn.
- 1931 Björgvin. Iðunn. *Ferðabók*.
- 1931 Úrslitátímar. Lesb. Mbl.
- 1931 Vísindaleg aðferð til samtals við íbúa stjarnanna. Iðunn.
- 1931 Frægasta bókin og hin nýja líffræði. Iðunn.
- 1931 Lífgeislan og magnan. 18. marz. Framnfall.
- 1931 Veizla í Himnaríki 12. sept. Framnfall.
- 1932 Messages on After-Life Conditions. Light. Framnfall.
- 1932 Opinberun, Völuspá og stjörnulíffræði. Iðunn. Framnfall.
- 1932 Áriðandi þekkingarauki. Lesb. Mbl. nóv. Sannýfall.
- 1932 Framfarir í vísindum og framtíð mannkynsins. 20. nóv. Framnfall.
- 1932 The real nature of Life after Death. 21. okt. Light. (í Light er greinin undir nafninu Messages on After-Life Conditions). Framnfall.
- 1933 Ein Merkwürdiges Traumerlebnis und ein Blick in die Zukunft (samið 1932). Ztschr. f. Pps., (des.?) Framnfall.
- 1933 Scene on the After-Life. Light 29. des. Framnfall.
- 1933 Über Wesen, Ursprung und zukungt des Lebens. Ztschr. f. Pps., April. Framnfall.
- 1933 Þáttur úr alheimsfræði. Eimr.
- 1933 Um aldamótin 2000. 5. marz. Lesb. Mbl. Framnfall.
- 1933 Skilningur á lífinu. 19. okt. Viðnýfall.
- 1934 Austræn dulfræði og vestræn vísindi. Lesb. Mbl.
- 1934 Framhaldslíf. Lesb. Mbl.
- 1934 Framlífsfræði. Lesb. Mbl. jan. Framnfall.
- 1934 Glæsileg spá um framtíð Íslands. Lesb. Mbl.
- 1934 Tröllasögur, Íslendingasaga og alls mannkyns. Lesb. Mbl. marz. Framnfall.
- 1934 Á fossbrún. 11. nóv. Framnfall.
- 1934 Afstaða jarðlífsins í alheimi. okt. Viðnýfall.
- 1934 Frumsaga mannkyns og framsaga. 27. okt. Viðnýfall.
- 1934 Frumsaga mannkyns og framsaga. 27. okt. Viðnýfall.
- 1934 Jarðskjálftarnir fyrir norðan og jarðfræði landsins. 4. júní. Viðnýfall, *Ferðabók*.
- 1934 Frá Tjörnesi. *Ferðabók*.
- 1934 Fjöll og fróðleikur. 14. des. Viðnýfall.
- 1935 Góð kennsla. febr. Framnfall.
- 1935 The Future of Spiritualism. Light. 13.6. Framnfall.

- 1935 Reality of Life after Death. Light. 2.12. Framnýall.
- 1935 Carmen. febr. Viðnýall.
- 1936 Ásmegin. Lesb. Mbl. 22. nóv. Viðnýall.
- 1936 Lærið að tala. Lesb. Mbl.
- 1936 Erfiðleikar aldaskiftanna. Lesb. Mbl.
- 1936 Maður og kona. Lesb. Mbl. Framnýall.
- 1936 Framtíð lífsins og dauðinn (dauðans?) Eimr.
- 1937 Hvað framundan er eða gæti verið. Eimreiðin, febr. Viðnýall.
- 1937 Framtíðarskáldið H.G. Wells. Lesb. Mbl.
- 1937 Íslandsviur á annarri stjórn. Lesb. Mbl.
- 1937 Vöðinn og vörnin. Lesb. Mbl.
- 1938 After-Life Physiology. Light 1.12. Framnýall.
- 1938 Glasir. Eimreiðin. Sannýall.
- 1938 Brúin yfir dauðans djúp. Lesb. Mbl.
- 1938 Stjórn-Oddi Helgason og íslensk vísindasaga. eða' 39 Skírnir Sannýall.
- 1938 Ferðalög og jarðfræði. nóv. Sannýall.
- 1938 Sólarupprás. 31. jan. 1938. Þónýall.
- 1939 Norrænt samstarf Íslendinga og aldaskiptin. Eimr.
- 1939 On the Pleistocene Rocks of Iceland and the Age of the Submarine Shelf. Geol. Magaz., Vol. LXXVI, No. 900, June 1939. Þónýall.
- 1939 Íslensk mannfæði og íslenskir listamenn. Lesb. Mbl.
- 1939 Mikilleiki heimsins og lífið. Lesb. Mbl.
- 1939 Hin yfirvofandi heimsstyrjöld og ætlunarverk íslenskrar þjóðar. Lesb. Mbl.
- 1939 Hin nýja jarðöld. maí. Sannýall.
- 1939 Styrjaldirnar, menningin og Ísland. 20. okt. Þónýall.
- 1939 Páll Lýðsson sjötugur. Framnýall.
- 1939 Nýárshugsanir 1939. Framnýall.
- 1940 Hnignun Íslands og viðreisn. Lesb. Mbl.
- 1940 Íslensk heimsskoðun. Lesb. Mbl.
- 1940 Á Glötunarvegi. Júlí Sannýall.
- 1940 Stjörnulíffræðin og spirtisminn. 26. maí. Framnýall.
- 1940 Hvar eru framliðnir? 5. apríl. Framnýall.
- 1940 Sir Oliver Lodge og lífið eftir dauðann. 6. nóv. Þónýall.
- 1941 Hvernig Skagafjörður er til orðinn. Sannýall. Ferðabók.
- 1941 Menn og fuglar. Ferðabók. Þónýall.
- 1941 Maðurinn — stjórnandi náttúruaflanna. Ferðabók. b. 232.
- 1941 Íslenskt ljós yfir egyptska gátu. 11. nóv. '40 — mar. '41. Viðnýall.
- 1941 Nytsemi draumlífsins. Þónýall. 21. sept.
- 1941 Íslenskt sjálfsmat. 19. nóv. Þónýall.
- 1941 Hugmyndir stórskálds um Guð og lífið eftir dauðann. 5. okt. Þónýall.
- 1942 Ótrúlegt en satt. Náttúrufræðingurinn 1. j. Rvík.
- 1942 Íbúar stjarnanna og vjer hér á jörðu. 25. jan. Viðnýall.
- 1942 Úrslitavandinn. jan. Viðnýall.
- 1942 Upprisusagan og sigurinn á dauðanum. 9. apríl. Viðnýall.
- 1942 Frægð Einsteins. sept. Lesb. Mbl. Sannýall.
- 1942 Afmælisþakkir. apríl. Sannýall.
- 1942 Sannleikur, trú og kirkja. Lesb. Mbl. Sannýall.
- 1942 Merkilegur skilningur og merkilegur rithöfundur. 16.—17. sept. Lesb. Mbl. Þónýall.
- 1942 Myndin af Snorra og Þorsteinn Erlingsson. Þónýall.
- 1943 Snorri Sturluson og Vilhjálmur Þ. Gíslason. Lesb. Mbl.
- 1943 Á nýársnótt. Lesb. Mbl. Sannýall.
- 1943 Sannanir fyrir lífi eftir dauðann. Lesb. Mbl.
- 1943 Hugsamband. Lesb. Mbl.
- 1943 Sannýall. maí. Sannýall.
- 1944 Vísindi í stað trúar og vantrúar. Náttúrufr. Rvík.
- 1944 Íslenskir afbragðsmenn. Lesb. Mbl.
- 1944 Enn um nokkrar aldaskiftaspár. Lesb. Mbl. Þónýall.
- 1944 Íslenskt hlutverk og alþjóð heims, 10. okt. Þónýall.
- 1944 Víðsýnni jarðfræði. 7. marz. Þónýall.
- 1944 Ljósíð frá Íslandi. apríl maí. Þónýall.
- 1944 Íslensk framtíð. 6.—7. nóv. Þónýall.
- 1944 Feigð sem þó má forðast. sept. Þónýall.
- 1945 Íslenskt þjóðerni frá alþjóðasjónarmiði. Lesb. Mbl.
- 1945 Á Hvítasunnu. Lesb. Mbl.
- 1945 Ískyggilegar framfarir og annars þörf. Lesb. Mbl.
- 1945 Höfundarmark Snorra. Lesb. Mbl. Þónýall.
- 1945 Íslenska þjóðin og úrslitafimar mannkynssögunnar. Lesb. Mbl. Þónýall.
- 1945 Helzta vonin. 9. júní. Þónýall.
- 1945 Smuts forsætisráðherra og heimspekingur. 6. apríl. Þónýall.
- 1945 Íslensk framtíð og sigling jarðarskipsins. 27. okt. Þónýall.
- 1946 Þjóðarvoði. Lesb. Mbl. Þónýall.
- 1946 H.G. Wells og mannkynssagan. Lesb. Mbl.
- 1946 Nauðsynleg stofnun. Jarðfræðirannsókn Íslands. Lesb. Mbl.
- 1946 Framfarir sem orðið geta. Lesb. Mbl.
- 1946 Íslensk síld og íslensk suild. Þónýall. jan.
- 1946 Aldaskiptin sem orðin eru og þau sem þurfa að verða. 29. apríl. Þónýall.
- 1946 Jarðsaga Íslands og íslenskt þjóðarhlutverk. 1. maí. Þónýall.
- 1946 Jesús og Sókrates. Þónýall 10. apríl.
- 1946 Dregur að úrslitum. 6. marz. Þónýall.
- 1946 Jarðsaga Íslands. Ferðabók.
- 1947 Ill tíðindi sem mikil þörf er á að afstýra. Lesb. Mbl.
- 1947 Hvenær og hvernig Ísland er orðið til. Lesb. Mbl.
- 1947 Ekki ófyrirsjáanlegt. Lesb. Mbl.
- 1947 Hin nýja franska heimspeki og mesta vandamál vorra tíma. Lesb. Mbl.
- 1947 Gissur jarl. Söguskilningur og mannþekking. Lesb. Mbl.
- 1947 Heimspekingaþing í Uppsölum. Lesb. Mbl.
- 1947 Eina vonin. Lesb. Mbl.
- 1947 Íslensk framtíð. Lesb. Mbl.
- 1947 Úrslitaskiptin í sögu mannkynsins og stórmerkileg bók þarad lútandi. Lesb. Mbl.
- 1947 Sumar í Svíþjóð. Þónýall. Ferðabók.
- 1947 Hálfaraldarminning. Þónýall.
- 1947 Þónýall. maí. Þónýall.
- 1948 Nokkur afmælisorð. Eimreiðin (af bláum blöðum).
- 1948 Hjálprænlegar bækur. Eimreiðin.

Starfsemi Félags Nýalssinna fer fram í Stjórnusambandsstöðinni að Álfhólsvegi 121, Kópavogi. Síman er 40765.

Stjórn félagsins skipa:

Kjartan R. P. Kjartansson form.
Sigríður Guðmundsdóttir varaform.
Helgi Guðlaugsson gjaldkeri
Kjartan Norðdahl ritari
Samúel D. Jónsson meðstj.